

2

Flateyjarjörðinni á Mýrum í Austur- Skaftafellssýslu verður skipt upp í tvær jarðir



10

Samkeppniseftirlitið heimilar samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH Afurða



24–25

Þróar KindaKol úr sauðataði til notkunar í landgræðslu, landbúnaði og stóriðju

# Bændablaðið

7. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 15. apríl ● Blað nr. 584 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Í nýrri skýrslu Orkustofnunar um orkukostnað heimilanna kemur fram að húshitunarkostnaður víða á landsbyggðinni er þrefalt hærri en þar sem verðið er lægst á höfuðborgarsvæðinu. Þá er lægsta mögulega verð á raforku í dreifbýli 53% hærra en lægsta mögulega verð í þéttbýli. – *Sjá nánar á bls. 2* Mynd / HKr.

### Aðalfundur Landssambands kúabænda:

## Samþykkt að sameinast BÍ

**Aðalfundur Landssambands kúabænda (LK) var haldinn 9. apríl með fjarfundarfyrirkomulagi. Samþykkti fundurinn að sameinast Bændasamtökum Íslands. Var málið samþykkt með 27 atkvæðum gegn einu mótatkvæði. Búnaðarþing 2021 hafði áður samþykkt samhljóða nýtt félagskerfi landbúnaðarins með sameiningu búgreinafélaganna við Bændasamtök Íslands.**

Herdís Magna Gunnarsdóttir var endurkjörin formaður LK, en ekkert mótframboð barst fundinum. Í stjórn LK voru kjörin, auk Herdísar, þau Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu, Bessi Freyr Vésteinsson, Hofsstaðaseli, Sigurbjörg Ottesen, Hjarðarfelli og Vaka Sigurðardóttir, Dagverðareyri.

*Starfsemin færist undir BÍ um mitt árið*

Í tilkynningu á vef LK kemur fram að starfsemi LK muni færast undir Bændasamtök Íslands um mitt þetta ár. „Miklar og málefnalegar umræður voru á fundinum um ýmis útfærsluatriði er varða umgjörð hagsmunagæslu greinarinnar og tengingu við grasrótina. Málið var samþykkt með 27 atkvæðum gegn einu mótatkvæði. Einn sat hjá við afgreiðslu málsins.



Herdís Magna Gunnarsdóttir, var endurkjörin formaður LK.

Landssambandi kúabænda verður ekki slitið en starfsemi samtakanna færist undir Bændasamtök Íslands. Sjóðir og eignir LK verða áfram á hendi samtakanna og stjórn LK, sem jafnframt verður stjórn búgreinadeildarinnar, mun hafa umsjón með þeim.

Er markmið sameiningar samtakanna við Bændasamtök Íslands að ná fram aukinni skilvirkni og eflingu hagsmunagæslu fyrir íslenskan landbúnað, bæði einstakar búgreinar og í heild. Nýjar samþykktir Bændasamtaka Íslands og þingsköp Búnaðarþings og Búgreinaþings verða lagðar fyrir til samþykktar á Aukabúnaðarþingi 10. júní nk. og gert er ráð fyrir að sameiningin muni verða 1. júlí 2021.“ */smh*

### Mælaborði landbúnaðarins hleypt af stokkunum:

# Markar tímamót varðandi samantekt og birtingu upplýsinga úr landbúnaði

### – Ætlað að auka gagnsæi en um leið yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir landbúnaðarafurða í landinu

**Mælaborði landbúnaðarins var hleypt af stokkunum af Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fimmtudaginn 8. apríl síðastliðinn. Þarna er búið að setja saman á einn stað gagnauppsprettu úr flestum kimum íslensks landbúnaðar sem ætlað er að auka gagnsæi til mikilla muna. Enn vantar þó í kerfið gögn um mjólkurframleiðslu landsmanna.**

Mælaborð landbúnaðarins er liður í aðgerðaráætlun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að mæta áhrifum COVID-19 heimsfaraldurs á íslenskan landbúnað. Aðgerðunum er ætlað að styrkja stoðir íslensks landbúnaðar í ljósi þeirra beinu og óbeinu áhrifa sem COVID-19 hefur haft á greinina. Tilgangur aðgerðanna er að skapa öfluga viðspyrnu fyrir íslenskan landbúnað og auðvelda honum að nýta tækifæri framtíðarinnar.



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

„Mælaborð landbúnaðarins er nauðsynlegt verkfæri til að tryggja yfirsýn við framkvæmd landbúnaðarstefnunnar á hverjum tíma. Opnun mælaborðsins í dag markar því tímamót því með því eru stjórnvöld að eiga frumkvæði að því að birta opinberlega þessar mikilvægu upplýsingar þannig að þær séu aðgengilegar öllum. Auka þannig gagnsæi en um leið yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu til hagsbóta fyrir alla þá sem koma að íslenskum landbúnaði. Um leið stuðla að því að umræða um landbúnað byggi á rauntölum. Næsta skref verður að þróa og styrkja mælaborðið enn frekar,“ sagði Kristján Þór Júlíusson.

Sigurður Eyþórsson, starfsmaður ráðuneytisins og fyrrverandi framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, kynnti virkni kerfisins sem finna má á slóðinni www.mælaborðlandbúnaðarins.is. Tók hann fram að kerfið væri eflaust ekki orðið gallalaust og yrði í stöðugri þróun. Kallaði hann því eftir að ef notendur sæju hnökra í kerfinu og eitthvað sem betur mætti fara að þeir létu ráðuneytið vita.

*Rafrænn vettvangur um landbúnað*

Mælaborð landbúnaðarins er rafrænn vettvangur þar sem upplýsingar um landbúnað og matvælaframleiðslu á Íslandi eru gerðar aðgengilegar á einum stað og birtar á gagnvirkan og skilmerkilegan hátt.

Í fyrsta áfanga er lögð áhersla á yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir landbúnaðarafurða hér á landi, auk stuðnings við bændur samkvæmt búvörusamningum. Mælaborðið er þróunarverkefni og má því búast við stöðugum endurbótum til að það nýtist sem verkfæri til að fylgjast með þróun þeirra markmiða sem sett eru í búvörusamningum og landbúnaðarstefnu auk þess að stuðla að fæðuöryggi.

*Áreiðanlegar upplýsingar*

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leitast við að hafa allar upplýsingar á Mælaborði landbúnaðarins áreiðanlegar og réttar. Ráðuneytið ábyrgist ekki áreiðanleika birtra gagna né ábyrgð á tjóni sem rekja má til notkunar upplýsinganna.

Öllum er heimil afnot upplýsinga úr Mælaborði landbúnaðarins. Í ljósi þess að uppruni gagna er mismunandi gilda ólíkir skilmálar um dreifingu og nýtingu gagna úr Mælaborði landbúnaðarins. Öll gögn í Mælaborði landbúnaðarins eru í eigu stjórnvalda og ekki framseljanleg. Fer ráðuneytið því fram á að þeir sem nýti sér þessi gögn geti heimilda. */HKr.*

FRÉTTIR

# Um 69% fækkun gistinátta í mars

**Borið saman við 174.500 gistinætur í mars 2020 má ætla að orðið hafi um það bil 69% samdráttur í fjölda gistinátta í mars á milli ára. Þar af má ætla að gistinóttum útlendinga hafi fækkað um 92% en gistinóttum Íslendinga hafi á móti fjölgað um 107% og þar með rúmlega tvöfaldast.**

Miðað við bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands sem byggja á fyrstu skilum fyrir marsmánuð, má ætla að gistinætur á hótelum í mars hafi verið um 54.400 (95% öryggismörk 48.500–60.300), þar af hafi íslenskar gistinætur verið um 41.800 (95% öryggismörk 36.500-47.100) og gistinætur útlendinga um 12.600 (95% öryggismörk 10.200-15.100).

Samkvæmt sömu áætlun var rúmanýting í mars 2021 um 11,4% (95% öryggismörk: 10,1%-12,7%) samanborið við 25,1% í sama mánuði í fyrra.

Um miðjan mars í fyrra var fyrsta samkomubann til að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar sett á og ferðamannastraumur til landsins dróst verulega saman.

Bráðabirgðatölur fyrir febrúar 2021 gerðu ráð fyrir að gistinætur hefðu verið um 46.800 (95% öryggismörk 42.500–51.100). Þegar búið var að vinna úr öllum tölum fyrir febrúar reyndist endanlegur fjöldi hótelgistinátta hafa verið 41.900 sem var heldur lægra en 95% öryggismörk sögðu til um. */HKr.*

# Vöruskipti óhagstæð um 21,4 milljarða

**Fluttar voru út vörur fyrir 61,5 milljarða króna í mars 2021 og inn fyrir 83 milljarða króna cif (76,8 milljarða króna fob) samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Vöruviðskiptin í mars, reiknuð á fob/cif-verðmæti, voru því óhagstæð um tæpa 21,4 milljarða króna.**

Til samanburðar voru vöruviðskiptin reiknuð á fob/cif-verðmæti óhagstæð um 19,4 milljarða króna í mars 2020 á gengi hvors árs fyrir sig. Vöruviðskiptajöfnuðurinn í mars 2021 var því 2 milljörðum óhagstæðari en á sama tíma fyrir ári.

Vöruviðskiptajöfnuður síðustu tólf mánaða var óhagstæður um 151,5 milljarða króna sem er 43 milljörðum hagstæðari jöfnuður en á tólf mánaða tímabili ári fyrr.

***Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða jókst um 103,4%***

Verðmæti vöruútflutnings í mars 2021 jókst um 5 milljarða króna, eða um 8,8%, frá mars 2020, úr 56,5 milljörðum króna í 61,5 milljarða. Verðmæti útfluttra iðnaðarvara jókst um 579 milljónir króna, eða 2,2% samanborið við mars 2020, útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 1,1 milljarð (4,2%) en útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða jókst hins vegar um 103,4%, eða um 3,4 milljarða króna, úr 3,2 milljörðum í mars 2020 í 6,6 milljarða í mars 2021, og skýrist það nær eingöngu af mikilli aukningu í útflutningsverðmæti fiskeldis sem jókst um 100,3%, úr 2,7 milljörðum í mars 2020 í 5,5 milljarða í mars 2021.

***Verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 3,2%***

Verðmæti vöruinnflutnings nam 83 milljörðum króna í mars 2021 samanborið við 76 milljarða í mars 2020. Verðmæti innfluttra mat- og drykkjarvara jókst um 18,8% og annarra neysluvara um 41,2% samanborið við mars 2020. Einnig jókst verðmæti hrá- og rekstrarvara um 14,3% á meðan verðmæti annarra liða dróst saman. */HKr.*



Flateyjarbúið í Austur-Skaftafellssýslu. Mynd / HKr.

# Flateyjarjörðinni á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu verður skipt upp í tvær jarðir

## – Selbakki ehf. stofnar sérstakt dótturfélag, Flateyjarbúið ehf., utan um rekstur kúabúsins

**Stjórn Selbakka ehf., sem á og rekur Flateyjarbúið á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu, hefur ákveðið að skipta rúmlega 2.000 hektara landi Flateyjarjarðarinnar í tvær jarðir.**

Garðar Garðarsson, lögmaður hjá Landslögum, segir að við það verði annars vegar til um það bil 600 hektara stór jörð á ræktuðu landi og á þeim parti standi þau mannvirki sem eru á jörðinni. Sá jarðarhluti mun áfram bera nafn Flateyjar og þar verður áfram stundaður hefðbundinn búskapur.

***Skinneyjar-Þinganes keypti Flateyjarbúið 2013***

Flateyjarbúið komst í eigu útgerðarfélagsins Skinneyjar-Þinganes hf. árið 2013 og hefur síðan verið í eigu dótturfélags þess, Selbakka ehf. Þar var byggt upp nýtt og mjög nýtískulegt um 4.700 fermetra fjós og er það nú eitt stærsta kúabú landsins með um 200 mjólkandi kýr.

***Staðan var neikvæð og hlutafé stóraukið árið 2020***

Samkvæmt frétt Viðskiptablaðsins í júlí 2020 hefur búið verið rekið með tapi undanfarin ár og nam það samanlagt 411 milljónum á árunum 2017 og 2018. Þá var eigið fé orðið neikvætt um 386,9 milljónir í árslok 2019. Félagið var að sögn blaðsins í verulegri skuld við móðurfélag sitt Skinney-Þinganes, eða sem nam tæpum 1,3 milljörðum króna í árslok 2019. Á síðasta ári var gripið til þess ráðs að auka hlutafé um 800 milljónir króna, eða úr 170 milljónum í 970 milljónir.

Nú hafa eigendur Selbakka stofnað dótturfélag, Flateyjarbúið ehf., um þennan rekstur. Að stærstum hluta er Flateyjarbúið áfram í eigu Selbakka og annars félags sem leggur því til sérfræðikunnáttu, en Fóðurblandan, sem er í eigu KS og dótturfélaga þess, á þar einnig óverulegan hlut.

***Hentugt að gera kúabúið að sérstakri efnahagslegri einingu***

Hinn partur jarðarinnar er að sögn Garðars um 1.400 hektarar að stærð og hefur enn ekki endanlega verið fest niður hvert heiti þeirrar jarðar verður þó vissulega hafi komið fram hugmyndir. „Það er enn verið að vinna að undirbúningi landsskiptanna,“ segir Garðar.

***Áform um uppgræðslu***

Selbakki ehf., sem á einnig jarðirnar Einholt og Haukafell, er með frekari áform um uppgræðslu á þessum þremur jörðum. Meðal annars af þeim sökum þótti það hentugt að gera rekstur kúabúsins að sérstakri efnahagslegri einingu.

„Það er von okkar sem að þessum rekstri koma að Flatey verði áfram höfuðból á Mýrum og eitt af flaggskipum íslensks landbúnaðar,“ segir Garðar. */MÞÞ/HKr.*

## Skýrsla Orkustofnunar um orkukostnað heimilanna:

# Mikill munur á húshitunarkostnaði milli þéttbýlis og dreifbýlis

## – Þeir sem njóta lægsta verðs greiða einungis um einn þriðja af verði þeirra sem mest þurfa að borga

**Mikill munur er á húshitunarkostnaði milli svæða hér á landi, mun meiri en þegar raforkuverð er skoðað. Kostnaður við húshitun á þeim svæðum þar sem verð er lægst er um þriðjungur (33%) þess verðs sem íbúar á svæðum þar sem verð er hæst þurfa að greiða. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um orkukostnað heimilanna.**

Byggðastofnun hefur líkt og undanfarin ár fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað á ársgrundvelli við raforkuhitun og húshitun á nokkrum þéttbýlisstöðum sem og í dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350 m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki, en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu og 14.200 kWst með varmadælu. Miðað er við gjaldskrá frá 1. september 2020.

Auk staðanna sem miðað var við síðustu ár hafa 22 nýir staðir bæst við og ná tölur fyrir þá alla aftur til 2014. Samhliða skýrslunni kemur jafnframt út mælaborð þar sem hægt er að skoða orkukostnað í þéttbýli á korti og súluritum.




Mikill munur er á milli þéttbýlis og dreifbýlis þegar kemur að kostnaði við húshitun hér á landi.

***Munur á raforkuverði í þéttbýli og dreifbýli 53%***

Hvað raforku varðar er lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði hjá Veitum: Í Mosfellsbæ, í Reykjavík, Kópavogi, austurhluta Garðabæjar, á Seltjarnarnesi og á Akranesi, um 79 þúsund krónur. Hæsta gjald í þéttbýli er um 92 þúsund krónur hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð er áberandi hærra í dreifbýli, eða um 121 þúsund krónur. Lægsta mögulega verð í dreifbýli er 53% hærra en lægsta mögulega verð í þéttbýli.

***Mikill munur á húshitunarkostnaði***

Þegar kemur að húshitunarkostnaði viðmiðunareignar er munurinn á milli svæða mun meiri en á raforkuverði.

Lægsta mögulega verð er hæst 191 þúsund krónur á stöðum þar sem þarf að notast við beina rafhitun, meðal annars á Grundarfirði, á Hólmavík, í Neskaupstað, á Reyðarfirði, í Vík og á Vopnafirði auk dreifbýlis á svæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða. Með varmadælu er þó áætlað að hann geti lækkað í um 96 þúsund krónur fyrir viðmiðunareign, eða um 50%.

Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Flúðum og Seltjarnarnesi, um 66 þúsund krónur, og í Brautarholti á Skeiðum, um 53 þúsund krónur. Á þessum stöðum er húshitunarkostnaður því um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur.

***Heildarkostnaður frá 145 þúsund upp í 284 þúsund***

Ef horft er til lægsta mögulega heildarorkukostnaðar fyrir viðmiðunareignina þá er hann, líkt og undanfarin ár, hæstur í dreifbýli þar sem ekki er hitaveita 312 þúsund krónur.

Heildarkostnaður í þéttbýli er hæstur 284 þúsund krónur á Hólmavík og öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum með beina rafhitun og þarnæst 279 þúsund krónur á þéttbýlisstöðum annars staðar á landinu þar sem er rafhitun, þ.m.t. í Grundarfirði, í Neskaupstað, á Reyðarfirði og á Vopnafirði.

Lægsti heildarorkukostnaður landsins er á Seltjarnarnesi 145 þúsund krónur en þar næst á Flúðum og í Mosfellsbæ, 155 þúsund og 160 þúsund krónur. */MÞÞ*

## Lely Center Ísland

**Breviglieri**
B123 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd með vökvastilltum jöfnunarvals — kr. 1.880.000 + vsk
B123 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd án vals — kr. 1.640.000 + vsk






**Cosmo**
UH 72 jarðtætari 1,9 metra vinnslubreidd — kr. 590.000 + vsk
UH 84 jarðtætari 2,1 metra vinnslubreidd — kr. 640.000 + vsk
VH 90 jarðtætari 2,3 metra vinnslubreidd — kr. 920.000 + vsk

Vorið er komið !

**BPF ruddasláttuvél**
2,25m vinnslubreidd
kr. 950.000 + vsk





RXX 1600 áburðardreifari - 1600 lítra 2 skífu
kr. 795.000 + vsk **Tilboðsverð !**

RXX 1900 áburðardreifari - 1900 lítra 2 skífu
kr. 855.000 + vsk **Tilboðsverð !**



Verð m.v. gengi EUR 155

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

## Lely Center Ísland




# VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR




**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

FRÉTTIR



Margrét Hólm Valsdóttir er nýr formaður Matvælasjóðs. Mynd / ANR

# Margrét Hólm Valsdóttir er nýr formaður Matvælasjóðs

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað Margréti Hólm Valsdóttur nýjan formann Matvælasjóðs í stað Grétu Maríu Grétarsdóttur sem hætti fyrir nokkru og hóf störf hjá Brimi.**

Í tilkynningu úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að stefnt sé á að auglýsa eftir umsóknum úr sjóðnum fljótlega en sjóðurinn hefur ríflega 600 milljónir til úthlutunar á þessu ári. Í desember hlutu 62 verkefni úr sjóðnum.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Margrét er útibússtjóri Íslandsbanka á Húsavík, hún er viðskipta- og iðnrekstrarfræðingur og er með diplómu í ferðamálafræði. Margrét hefur auk þess starfað sem fjármálastjóri, hótelstjóri og skrifstofustjóri og kom að rekstri búsins að Gautlöndum í Mývatnssveit um árabil.

Stjórn Matvælasjóðs er þannig skipuð:

- Margrét Hólm Valsdóttir, án tilnefningar, formaður.
- Gunnar Þorgeirsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir, tilnefnd af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.
- Karl Frímannsson, án tilnefningar

*/smh*



## Ráðuneytið svarar erindi Félags atvinnurekenda:

# Gjaldtaka fyrir tollkvóta er í samræmi við stjórnarskrána

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) sendi frá sér yfirlýsingu þriðjudagskvöldið 6. apríl þar sem brugðist er við erindi Félags atvinnurekenda (FA) til ráðuneytisins fyrr um daginn, sem mótmælti verklagi við nýlega auglýsingu og úthlutun tollkvóta. Telur FA að gjaldtaka fyrir tollkvóta sé óheimil. Í yfirlýsingu ANR kemur fram að það sé mat þess að nú sé kveðið með skýrum hætti á um það í lögum að skattskylda hvíli á þeim sem fá úthlutað tollkvóta.**

Auglýsing ANR um tollkvóta, vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins, birtist á vef ráðuneytisins 31. mars. Í erindi FA er vísað til dóms Landsréttar frá 19. mars síðastliðnum sem féllst á endurgreiðslukröfu Ásbjörns Ólafssonar ehf. á ofteknum gjöldum fyrir tollkvóta á árinu 2018. „Einróma og afdráttarlaus niðurstaða Landsréttar í máli Ásbjörns Ólafssonar ehf. gegn íslenska ríkinu var að það fyrirkomulag, sem var viðhaft við útboð á tollkvóta fyrir búvörur á árinu 2018, væri ólögmætt og gengi gegn stjórnarskrá Íslands. Sagði orðrétt í niðurstöðu Landsréttar: „Álagning gjalda þeirra sem málið varðar studdist samkvæmt þessu ekki við lögmæta skattlagningarheimild og var því ógild.“ FA bendir í bréfi sínu til ráðherra á að dómar Landsréttar séu endanlegir og bindandi fyrir málsaðila með þeirri einu undantekningu að sækja megi um áfrýjun þeirra til Hæstaréttar. Sé slík beiðni samþykkt sé málið tekið fyrir í Hæstarétti en þar til að nýr dómur er kveðinn upp haldi dómur Landsréttar gildi sínu og bindi, í þessu tilfelli, stjórnvöld,“ segir á vef FA um erindi þess til ráðuneytisins.

FA telur að ráðherra verði að beita sér fyrir því að Alþingi breyti búvörulögum á nýjan leik eða úthluti tollkvótunum án gjalda því annars sé um að ræða skýrt ásetningsbrot ráðherra gegn stjórnarskrá lýðveldisins.

*Í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar*

Í yfirlýsingu ráðuneytisins kemur fram að Alþingi hafi samþykkt frumvarp til breytinga á búvörulögum og tollalögum 17. desember 2019. Þar hafi sú breyting verið gerð að mun skýrar hafi verið kveðið á um það hvernig sú fjárhæð sem tilboðsgjafar þurfa að inna af hendi vegna tollkvóta er ákveðin. „Þá kemur fram í tímabundnu bráðabirgðaákvæði því sem tók gildi sl. desember að verð tollkvóta ráðist af fjárhæð tilboða hverju sinni. Kvótanum verði fyrst úthlutað til hæstbjóðanda, svo til þess er næsthæst bauð og þannig koll af kolli uns tiltækum kvóta hafi verið úthlutað.

Í ljósi framangreinds er það mat ráðuneytisins að nú sé kveðið á um það með skýrum hætti í lögunum hvernig útboði skuli háttað og ákvæðið sé eftir breytingarnar 2019 í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki sé því þörf á lagabreytingum til að bregðast við dómi Landsréttar,“ segir í yfirlýsingunni.

Framhald málsins og möguleg áfrýjun dóms Landsréttar er nú í höndum ríkislögmanns. */smh*



Sigurbjörg og Friðrik hlutu nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir árið 2019 fyrir afburða góðan rekstur og árangur í sínum búskap. Með þeim á myndinni er Gunnhildur Gylfadóttir, fráfarandi formaður BSE. Mynd / BSE

## Nautgriparæktarverðlaun BSE til Grundarbænda í Svarfaðardal:

# Afburðagóður rekstur og árangur

**Ábúendur á Grund í Svarfaðardal, þau Sigurbjörg Karlsdóttir og Friðrik Þórarinsson, hlutu nautgriparæktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2019. Sigurbjörg er frá Hóli við Dalvík og Friðrik frá Bakka. Þau hófu búskap á Grund árið 1986. Hafa þau búið þar síðan. Þau eiga tvo syni og eina dóttur.**

Friðrik og Sigurbjörg hófu fljótlega í sínum búskap framkvæmdir, fjós var byggt árið 1990 til 1991 og íbúðarhús 6 árum seinna. Með þá ágætu aðstöðu bjuggu þau þar til að tekið var til við byggingu á nýju fjósi árið 2015. Í það var flutt réttu ári síðar eða í mars 2016.

Nýja fjósið er með mjaltaþjóni og úrvals aðstöðu fyrir dýr og menn, allt hið snyrtilegasta líkt og Grundarbænda er von og vísa, snyrtimennska og góð umgengni hefur ávallt einkennt þeirra störf.

*Afurðir fóru að vaxa*

Strax og flutt var í fjósið fóru afurðir að vaxa, sem þó höfðu verið ágætar fyrir.

Árið 2017 voru afurðirnar komnar í tæplega 8.000 kg/árskú og 16. sæti á landsvísu. Á þeim þremur árum sem skýrslur hafa verið gerðar upp síðan, hefur búið verið með ólíkindum stöðugt í afurðum og í 13., 10. og 11. sæti yfir landið með rúmlega 8.000 og upp í 8.200 kg á hverja kú, sem hafa verið á bilinu 53–54 á þessum tíma.

*Kjötframleiðsla, kindur og hross*

Einnig er talsverð kjötframleiðsla á Grund og nautkálfar látnir lifa. Slátrað er 20 til 25 gripum árlega til kjötframleiðslu. Einnig eru á búinu um 90 kindur og hrossarækt sem skilað hefur góðum árangri og dóttir þeirra hjóna gjarnan keppt á hestum úr þeirra ræktun. Það má geta þess að 1. verðlauna stóðhesturinn Vængur frá Grund er í eigu þeirra. */MÞÞ*



Mikill áhugi er fyrir því meðal kúabænda að bæta við sig greiðslumarki en lítið til sölu. Mynd / smh

## Niðurstöður tilboðsmarkaðar með greiðslumark mjólkur:

# Einungis 9 gild sölutilboð en 188 kauptilboð á greiðslumarki mjólkur

## – Óskað eftir 9.157.000 lítrum en 663.754 lítrar í boði, eða um 7% af eftirspurn

**Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur var haldinn 6. apríl. Einungis 9 gild sölutilboð bárust atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en 188 gild kauptilboð.**

Þetta er fyrsti markaður ársins og viðskiptin taka gildi frá 1. janúar síðastliðnum og getur kaupandi því nýtt greiðslumarkið á yfirstandandi framleiðsluári.

*Sama hámarksverð*

Núverandi fyrirkomulag með greiðslumarkað í mjólkurframleiðslu var komið á eftir endurskoðun búvörusamnings um starfsskilyrði í nautgriparækt sem hófst árið 2019. Hámarksverð greiðslumarks var ákveðið í júlí á síðasta ári þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfesti tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga um þrefalt afurðastöðvaverð. Á markaðnum nú var hámarksverð 294 krónur á lítrann, eins og verið hefur á undanförnum mörkuðum, og var ekkert tilboð undir því verði.

Samkvæmt upplýsingum á vef Landssambands kúabænda nam magn þess greiðslumarks mjólkur sem var í boði 663.754 lítrum, en þess sem óskað var eftir að kaupa 9.157.000 lítrum. Það sem í boði var nam því ekki nema aum 7% af eftirspurninni.

Viðskipti voru með 663.590 lítra fyrir rúmar 195 milljónir króna, en í reglum er gert ráð fyrir sérstakri úthlutun til nýliða sem nemur fimm prósentum af sölutilboðum og voru nú 33.176 lítrar. Gild kauptilboð frá nýliðum voru 19.

Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði og alls 150.000 lítrum árlega. Hlutdeild framleiðanda eða framleiðenda sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengdra aðila má ekki nema hærra hlutfalli en 1,2 prósentum af árlegu heildargreiðslumarki mjólkur. */smh/HKr.*

# LANDSTÓLPI

## FÓÐUR TIL FRAMTÍÐAR










FAGLEG RÁÐGJÖF

NÁIÐ SAMSTARF

EFTIRLIT & EFTIRFYLGNI

FRÁBÆR ÁRANGUR



**Getur Landstólpi aðstoðað þig við fóðrunina?**
Ekki hika við að skoða heimasíðuna okkar betur, hafa beint samband við okkur í síma 480-5600 eða senda póst á landstolpi@landstolpi.is

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Ekkert grín

**Skilvirkar flutningsleiðir eru forsendur þess að nútímaþjóðfélag geti þrifist. Það varðar samgöngukerfi á sjó, landi og í lofti. Skilvirka og örugga orkuflutninga og fjarskipti, þar á meðal ljósleiðara. Ef skilvirknin minnkar í einum eða fleiri af þessum þáttum fer samfélagið að hökta.**

Þetta eru engin ný vísindi og mannfólkið hefur vitað þetta í þúsundir ára. Allavega svo lengi sem menn uppgötvuðu að það gæti aukið velsæld og þægindi ef hægt væri að samnýta flutningatæki til að sækja nauðþurftir í búið. Byggðir voru vegir til að auðvelda flutninga.

Í kjölfar þess að tvíburarnir Romulus og Remus stofnuðu Rómaborg fyrir um 2.774 árum var augljóst að góðar samgöngur til og frá borginni voru nauðsynlegar til að hún gæti dafnað. Því greiðari sem samgöngurnar væru því betra.

Rómverjar fóru að byggja vegi eins og enginn væri morgundagurinn og ólíkt íslenskum vegum hafa sumir af þessum vegum dugað allar götur síðan. Meira að segja má enn finna slíka vegi með upphaflegu slitlagi sem dugar enn.

Á hátindi Rómaveldis voru hvorki fleiri né færri en 29 hraðbrautir út úr borginni sem borið gátu þunga herflutninga þess tíma. Þá voru 113 héruð keisaradæmisins samtengd með 372 vegum. Heildarlengd þessara vagnfæru vega var um 400.000 kílómetrar. Þar af voru yfir 80.500 kílómetrar með steinlögðu yfirborði, eða slitlagi eins og það er kallað í dag. Í Gaulverjalandi einu (þ.e. Frakklandi) voru ekki minna en 21.000 kílómetrar lagðir af vegum og 4.000 kílómetrar á Bretlandi. Þessir vegir eru víða enn til staðar, en suma er að vísu búið að malbika til að gera yfirborðið sléttara.

Þessi vitneskja um mikilvægi innviða á borð við vegi til að tryggja samgöngur hefur lifað mann fram af manni og ýtt undir framfarir í tækni á öllum sviðum. Þrátt fyrir það virðist vera risið upp eins konar trúarsamfélag hér á landi, sem afneitar því sem hefur verið á flestra vitorði í allavega 2.774 ár, að ekkert samfélag manna getur þrifist án skilvirkra innviða og samgöngukerfis.

Afleiðingar af afstöðu andstæðinga samgöngumannvirkja og bíla til þessa eru þó hjóm eitt ef ótti vísindamanna raungerist. Þeir hafa í gegnum tíðina hamrað á því að tryggja verði flóttaleiðir úr höfuðborginni ef og þegar náttúruöflin ógni lífi. Að þessu hafa fjölmargir pólitískt kjörnir fulltrúar samt gert lítið úr. Hvergi sé öruggara en einmitt í miðborginni.

Eldgos á Reykjanesi er nú veruleiki. Eldgos sem mörgum finnst krúttlegt og skemmtilegt. Vísindamenn hafa samt varað við að nú geti verið að hefjast langt tímabil óróleika á Reykjanesskaganum. Þó eldgos komi ekki upp í allra næsta nágrenni mesta þéttbýlis landsins, þá er vert að minnast þess að eiturgufur frá eldgosum geta lagst yfir þéttbýlið með litlum sem engum fyrirvara.

Til er rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið frá því í apríl 2019. Við lestur hennar er alveg ljóst að það er óvinnandi vegur að rýma höfuðborgarsvæðið með 233 þúsund manns á skömmum tíma. Stofnbrautakerfið í dag ræður einfaldlega ekki við það. Í ofanálag hefur verið bent á að þrengingar gatna í Reykjavík flæki málið enn frekar og ekki eru ýkja margir dagar síðan slökkvi- og sjúkralið lenti í vandræðum vegna þessa í miðborg Reykjavíkur.

Í þessari rýmingaráætlun er dregið upp kort af viðamiklum stofnbrautum út úr borginni sem gegna eiga lykilhlutverki í rýmingu. Gallinn er bara sá að hluti af þeim stofnbrautum hefur enn ekki verið byggður, þar á meðal Sundabraut. Hver ætlar svo að stíga fram og taka á sig ábyrgðina ef illa fer? */HKr.*

# Með bjartsýni í farteskinu



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Nú með hækkandi sól og bjartsýni í farteskinu eftir ansi undarlegan vetur, sérstaklega á grundvelli sóttvarnareglna, þá taka við önnur verkefni sem er mesti annatími bænda. Undirbúa þarf uppskeru sumarsins og haustsins. En á sama tíma eru einstaklingar innan stjórnmálaflokkanna að etja kappi við hvert annað með von um að tryggja sér sæti á framboðslistum flokkanna fyrir komandi kosningar.**

Ýmis háttur er hafður á fyrirkomulaginu með röðun á framboðslista, en ekki ætla ég að hafa skoðun á því fyrirkomulagi. Eitt leyfi ég mér þó að nefna að þegar búið er að setja saman lista flokkanna í kjördæmunum þá erum við í Bændasamtökum Íslands reiðubúin til samtals um málefni landbúnaðarins svo frambjóðendur verði vel undirbúnir fyrir kosningarnar sem fram fara í haust. Landbúnaður er nefnilega ekki einkamál einstakra stjórnmálaflokka eða einstakra frambjóðenda. Landbúnaðurinn á Íslandi er ein meginatvinnugrein og bændur eru líka kjósendur. Mikilvægt er að frambjóðendur kynni sér þau málefni sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir þegar kemur að stjórnsýslunni.

### *Matvælasjóður*

Ráðherra landbúnaðarmála hefur skipað nýjan formann Matvælasjóðs, Margréti Hólm Valsdóttur. Óska ég Margréti Hólm til hamingju með embættið og óska henni velfarnaðar í starfi. Ég vil einnig þakka fráfarandi formanni, Grétu Maríu Grétarsdóttur, fyrir samstarfið í stjórn sjóðsins á síðasta starfsári. Nú þegar nýr formaður hefur verið skipaður er nauðsynlegt að hugað verði að því að auglýsa sem fyrst eftir umsóknum í sjóðinn þar sem margir hafa miklar væntingar um framlög úr sjóðnum.

### *Mælaborð landbúnaðarins*

Í síðustu viku kynnti ráðuneyti landbúnaðarmála fyrstu útgáfu að mælaborði landbúnaðarins sem beðið hefur verið eftir en vinnan hefur staðið í um ár. Í mælaborðinu er mögulegt að sjá hvað er verið að framleiða og hvar á landinu, einnig eru þarna ýmsar upplýsingar sem snúa að landbúnaði. Þetta er fyrsta útgáfa og á eftir að taka framþróun eftir því sem fleiri tölur koma inn í skjalið. Ég vil fagna þessu skrefi þar sem þetta verkfæri verður bæði framleiðendum og öðrum til upplýsingar og samanburðar milli ára til gagns. En eitt er í þessu sem við höfum gagnrýnt frá upphafi og ítrekað á fundum með ráðuneytinu, og það er að í þessu ágæta mælaborði er möguleiki að sjá framlag á grundvelli beingreiðslna niður á einstaka framleiðendur. Ráðuneytið bendir á upplýsingaskyldu, gott og vel. En stjórnsýslan verður hins vegar að hafa það hugfast að jafnt skal yfir alla ganga. Í ríkissjónvarpinu um daginn var til umfjöllunar í fréttaskýringaþættinum Kveik, greiðslur ríkisins til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna. Í þættinum var upplýst um að einn læknir hefði fengið ákveðna upphæð greidda á meðan annar læknir hefði fengið greidda einhverja aðra upphæð. Í þættinum voru þessir læknar ekki nafngreindir en til samanburðar er hægt í þessu ágæta mælaborði að fletta upp „Jóni Jóns“ og séð að hann hefur fengið tiltekna fjárhæð í beingreiðslu. Hvaða jafnræði er í þessari framsetningu á grundvelli upplýsingalaga? Ég segi því aftur: „Eitt skal yfir alla ganga.“

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Hof í Öræfum er margbýli. Yfir byggðinni gnæfir Öræfajökull, ein stærsta og að sumir segja hættulegasta eldstöð landsins. Á Hofi var kirkja helguð heilögum Klemensi í katólskum sið og útkirkja frá Sandfelli allt til 1970, þegar Hof var lagt til Kálfafellsstaðar í Suðursveit. Torfkirkjan, sem varðveitt er að Hofi, er að stofni frá 1884. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti og á henni er helluþak, þakið torfi. Þjóðminjasafnið fékk hana til eignar með því skilyrði að hún yrði endurbyggð (1953–54) og hún yrði áfram sóknarkirkja. Hún var endurvígð 1954.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Reynir Þór Jónsson og Fanney Ólafsdóttir með verðlaunin sín fyrir að vera með afurðahæsta kúabúið á Suðurlandi árið 2020.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Búnaðarsamband Suðurlands:

# Hurðarbaksbúið og Birtingarholt verðlaunuð

**Nýlega kallaði Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, kúabændurna á Hurðarbaki í Flóa, þau Fanneyju Ólafsdóttur og Reyni Þór Jónsson, ásamt Fjólu Ingveldi Kjartansdóttur, kúabónda í Birtingarholti í Hrunamannahreppi, á sinn fund. Ástæðan var sú að hann var að veita þeim verðlaun.**

Annars vegar fékk Hurðarbaksbúið verðlaun fyrir að vera afurðahæsta búið á Suðurlandi 2020.

Hins vegar fékk kúabúið í Birtingarholti verðlaun fyrir afurðahæstu kúna á Suðurlandi 2020, sem var Ösp hjá Fjólu Ingveldi og Sigurði Ágústssyni. Hún mjólkaði 14.062 kg. Meðalafurðir voru 8.445 kg á árskú á Hurðarbaki 2020 en búið var líka afurðahæst árið 2019. Á bænum eru um 50 mjólkandi kýr. */MHH*



Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir með verðlaunagripina sem þau Sigurður Ágústsson fengu fyrir Ösp, en hún mjólkaði 14.062 kg á síðasta ári.



Hér er Jóhanna Þorbjörg og tíkin Hallbera, sem hún er að þjálfa upp í efnaleit. Hallbera er innflutt frá Lettlandi, rúmlega eins árs og einn efnilegasti vinnuhundur sem Jóhanna hefur komist í tæri við.

# Hanzi er eini hundur landsins sem er með vottun til að leita að myglu

**„Hanzi er frábær hundur sem er að reynast mjög vel. Hann er fjögurra ára, fluttur inn frá Svíþjóð og þjálfaður frá grunni af mér. Það er meira en nóg að gera hjá okkur en við erum í samstarfi við Mannvit þegar kemur að því að leita að myglu í húsum," segir Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir hundaþjálfari, sem býr á bænum Selási í Holtum í Rangárþingi ytra.**

Hanzi er fyrsti og eini mygluhundurinn á Íslandi með vottaða úttekt til leitar frá þýsku umhverfisstofnuninni.

### *Brjálað að gera um páskana*

„Það var brjálað að gera hjá okkur um páskana en Hanzi var þá að leita á stöðum þar sem enn var að greinast mygla þrátt fyrir að búið væri að lagfæra sjáanlegar skemmdir. En þar nýtist hann einmitt best, þar sem við sjáum ekki ummerki.

Ég hvet fólk, ef það hefur grun um leynda myglu í húsum, finnur fyrir óútskýrðum höfuðverkjum, raddleysi eða öðrum veikindum sem tengjast ákveðnum rýmum og vilja athuga hvort mygla gæti verið að hreiðra um sig, hafi samband við mig í tölvupósti á allirhundar@gmail.com og fyrir frekari skoðanir, úttektir og mat á byggingum að hafa samband við verkfræðistofuna Mannvit," segir Jóhanna enn fremur. */MHH*



Hanzi er vinnuhundur og að vinna við leit er það skemmtilegasta sem hann gerir, ekki síst þegar um myglu er að ræða. Hann er þjálfaður upp af Jóhönnu Þorbjörgu.

# MÆLT AF MUNNI FRAM 271

Lítið gengur mér að afla kveðskapar af Austurlandi. Þó ber ekki að vanmeta þær vísur sem mér bárust úr safni **Braga Björnssonar** frá Surtsstöðum, og munu þær skreyta þáttinn frekar þegar fram líður. Samt barst þættinum verðmætt bréf frá **Jóhannesi bónda á Gunnarsstöðum**, en þar segir:

„Eitthvað var mér þungt í skapi út í þau öfl sem hér hafa vaðið yfir samfélagið og sölsað undir sig hlunnindi og land í ríkum mæli, líkt og rómuðustu nýlenduherrar mannkynssögunnar væru endurbornir. Eins og stundum vill verða féllu hugsanir í hendingar:"

*„Blessuð sértu sveitin mín."*
*Sjást nú endalokin,*
*þegar yfir öllu gín*
*auðvaldið og hrokinn.*

Í síðasta þætti birtust stökur eftir **Orm Ólafsson**. Nokkuð gekk af því efni, og verður þar um bætt hér. Fyrir eitt af Landsmótum hagyrðinga orti Ormur gleðisöng sem fluttur var við góðar undirtektir viðstaddra:

*Hér í glaumi glaðværðar*
*gefum tauminn slakan.*
*Oft í flaumi fagnaðar*
*fæðist draumastakan.*

*Lífsins teyguð lindin er,*
*lokka veigar glasa,*
*enda mega ýmsir hér*
*eiga fleyg í vasa.*

*Þótt vínið gylli villustig,*
*vart að snillin flýi.*
*Lítið illa leggst í mig*
*að lenda á fyllerii.*

*Gleymist stress í gleðisöng,*
*glasi hressir bifa.*
*Nóttin blessuð nógu löng.*
*Njótum þess að lifa.*

En að öðru og eldra efni. **Jón biskup Vídalín** orti um **Guðmund Bergþórsson**, fatlaðan gáfumann og skáld:

*Heiðarlegur hjörvagrér,*
*hlaðinn mennt og sóma.*
*Yfir hann ég ekkert ber*
*utan hempu tóma.*

**Guðrún Þórðardóttir** var kona vel hagmælt. Eitt sinn kom til hennar **Símon Dalaskáld** og kvað á gluggann:

*Svifinn norðan svönnum frá*
*Símon Bjarna niður.*
*Guðar svona gluggann á,*
*gisting húsa biður.*

Guðrún svaraði um hæl:

*Amafrír og orðheppinn,*
*æ með frjálsu sinni,*
*veri Símon velkominn*
*vor í húsakynni.*

**Illugi Einarsson**, mývetnskur hagyrðingur, kvað við **Gamalíel** í Haganesi:

*Ég er að tálga horn í högld.*
*Hagleiks snilld er burtu sigld.*

**Gamalíel** botnaði að bragði:

*Illugi felldi tröllið Tögld.*
*Trúi ég hún væri brúnaygglđ.*

**Guðmundur Friðjónsson** á Sandi í Aðaldal orti um **Erling** bróður sinn ungan:

Elli er mikið upp á heim,
eigi 'ann Helgu í næði.
Kvensemis af kynjum tveim
komin eru bæði.

**Erlingur Friðjónsson** sjálfur orti svo á skömmtunarárunum:

*Komin er þjóð í krappa nauð.*
*Kelur gróðahrókinn.*
*Nú er orðið náðarbrauð*
*náttkjóllinn og brókin.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

# Hross vantar til slátrunar

**Sláturfélag Suðurlands auglýsir nú grimmt eftir hrossum til slátrunar vegna vöntunar á hrossakjöti.**

„Já, það er þannig að það er lítið af hrossum sem bíða slátrunar þessa dagana. Við erum að flytja út ferskt hrossakjöt vikulega og þurfum að eiga til að standa við þá samninga. Ég hef fulla trú á að við fáum nægjanlegt magn til slátrunar eftir okkar auglýsingar,“ segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS á Hvolsvelli. */MHH*

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit:

# Greiða atkvæði um sameiningu í sumar

**Atkvæðagreiðsla um sameiningu tveggja sveitarfélaga, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, verður 5. júní í sumar. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna var skipuð í júní árið 2019 og hefur síðan þá komið saman á 18 bókuðum fundum. Nefndin skipaði fimm starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Nefndin skilaði áliti sínu til sveitarstjórna þann 9. mars síðastliðinn.**

Atkvæðagreiðsla um sameiningu var samþykkt á sveitarstjórnarfundum nýverið þar sem bæði sveitarfélög skoruðu jafnframt á Alþingi og ríkisstjórn að bæta samgöngur innan svæðisins.

*Slitlag á héraðs- og tengivegi*

Vilja sveitarstjórnir að sérstök áhersla verði lögð á bundið slitlag á héraðs- og tengivegum. Að flýta breikkun einbreiðra brúa yfir Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum á þjóðvegi 1 og á tengingum milli byggða, til dæmis um Engidalsveg. Þá leggja sveitarstjórnir áherslu á að öruggar samgöngur verði tryggðar innan svæðisins og við nærliggjandi þjónustukjarna, svo sem um Ljósavatnsskarð, og að því verði hugað að endurskipulagningu almenningssamgangna þannig að þær þjóni hagsmunum íbúa svæðisins.

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa átt í miklu samstarfi sín á milli síðustu ár. Sveitarfélögin eiga formlegt samstarf um skipulags- og byggingarmál og brunavarnir ásamt ýmsum samstarfsverkefnum. Í Skútustaðahreppi búa um 500 íbúar og í Þingeyjarsveit tæplega 900 íbúar. */MÞÞ*

NORÐURLAND EYSTRA
Skútustaðahreppur



NORÐURLAND EYSTRA
Þingeyjarsveit



Flóahreppur:

# Sumarhúsaeigendur vilja flytja lögheimili sín í sumarhús

**Erindi frá nokkrum eigendum sumarhúsa í Mörk og Merkurhrauni í Flóahreppi hefur verið sent á sveitarstjórn Flóahrepps þar sem kemur fram að þeir hafi áhuga á að flytja lögheimili sín í hús sín á svæðinu og hafa þar fasta búsetu.**

Skoða þurfi hvort mögulegt sé að breyta forsendum aðalskipulags með það að leiðarljósi að opna á þann möguleika.

Sveitarstjórn hefur lýst vilja sínum til þess að taka málið til skoðunar en bendir á að það þarf að liggja fyrir skýr vilji eigenda allra þeirra húsa á þeim tiltekna skipulagsfleka sem kæmi til greina að breyta í íbúðar- eða landbúnaðarsvæði.

Oddvita og sveitarstjóra hefur verið falið að vera í sambandi við tengiliði hópsins vegna málsins. */MHH*



**Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, sem mun vera í sambandi við sumarhúsaeigendur vegna erindis þeirra, ásamt Árna Eiríkssyni, oddvita sveitarfélagsins.** Mynd / MHH



**Valkyrjurnar sem skipa stjórn Nautgriparæktarfélags Eyfellinga. Frá vinstri, Sigríður Björk Ólafsdóttir á bænum Fiti, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, formaður stjórnar á bænum Stóru-Mörk og Edda G. Ævarsdóttir, sem býr á Nýjabæ.** Mynd / Aðsend

# Konur ráða ríkjum í Nautgriparæktarfélagi Eyfellinga

**Sá sögulegi viðburður átti sér stað á dögunum á aðalfundi Nautgriparæktarfélags Eyfellinga undir Eyjafjöllum að stjórn félagsins eftir fundinn er eingöngu skipuð konum þar sem Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir á Stóra-Mörk er formaður.**

„Já, þetta er skemmtilegt og við erum stoltar konur, sem skipum stjórnina. Félagið er opið öllum þeim sem eiga kýr eða kú á fóðrun undir Vestur- og Austur-Eyjafjöllum. Í dag eru 16 bú aðilar að félagsskapnum. Starfsemi félagsins er ekki stór, en reynt er að fara reglulega í fræðsluferðir og kynna sér nýjungar og hitta aðra bændur utan starfssvæðis félagsins,“ segir Aðalbjörg Rún.

Undanfarin ár hefur aðalfundur félagsins verið haldinn í einu af fjósunum á félagssvæðinu, sem hefur mælst vel fyrir. Fundirnir verða þá vel sóttir og vinsælt hjá félagsmönnum að sækja nágranna sína heim á þennan hátt. Svo skemmtilega vildi til að á síðasta aðalfundi, sem var haldin á búinu Nýjabæ, var þriðja konan kjörin í stjórn félagsins, eða Edda, sem er bóndi á bænum. */MHH*

# Heildsölu- og lágmarksverð mjólkur hækkar til framleiðenda

**Lágmarksverð mjólkur til bænda og heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða hækkar samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar búvöru rétt fyrir páska.**

Helstu breytingarnar eru að lágmarksverð fyrsta flokks mjólkur til bænda hækkar um 3,77 prósent, úr 97,84 krónum á lítrann í 101,53 krónur á lítrann.

Heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara sem nefndin verðleggur hækkar um 3,47 prósent, nema smjör sem hækkar um 8,47 prósent og heildsöluverð á mjólkurdufti verður óbreytt.



**Lágmarksverð fyrsta flokks mjólkur til bænda hækkar um 3,77 prósent.** Mynd / smh

*Aukinn kostnaður við framleiðslu og vinnslu*

Í tilkynningur úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að verðhækkunin sé komin til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur, en síðasta verðbreyting fór fram 1. júní 2020. „Frá síðustu verðbreytingu til marsmánaðar 2021 hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 3,77%. Fyrir sama tímabil er reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva 3,58%.

Ákvörðun verðlagsnefndar um að halda heildsöluverði á undanrennu- og nýmjólkurdufti óbreyttu og að hækka smjör sérstaklega um 5%, er liður í því að ýta undir betra jafnvægi milli fituríkra og próteinríkra mjólkurvara á markaði og vegna þess að heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabil,“ segir í tilkynningunni. */smh*

Lely Center Ísland
STÍUGRINDUR





1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

# Bætur vegna niðurskurðar verði endurskoðaðar

**Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar lýsir yfir vonbrigðum sínum yfir því hve langan tíma það hefur tekið atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að ljúka samningagerð við bændur, sem þurftu að skera niður sitt fé vegna riðusmits.**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrirskipaði niðurskurð fjár í Skagafirði eftir að riða kom þar upp í fyrrahaust. Það er fyrst nú, segir í bókun frá síðasta fundi nefndarinnar, sem verið er að ganga frá samningum við bændur.

*Bótagreiðslur taki á tekjuskerðingu*

Landbúnaðarnefnd leggur áherslu á að verkferlar við samningagerð þurfi að vera skýrir og eðlilegast að samningar liggi fyrir áður en niðurskurður fer fram. Jafnframt er mikilvægt að núverandi reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar verði endurskoðuð í heild sinni sem fyrst. Við þá endurskoðun er mikilvægt að bótagreiðslur taki á þeirri tekjuskerðingu sem bændur verða fyrir, kostnaði þeirra við hreinsun og vegna kaupa á nýjum fjárstofni. Einnig verði bætur greiddar vegna gripa sem felldir eru vegna sýnatöku á öðrum búum. */MÞÞ*


SaMASZ
SLÆR Í GEGN
SaMASZ
Búvís
Búvís ehf.
Grímseyjargötu 1
600 Akureyri
Sími: 465 1332
KTL
HÁGÆÐA RYÐVÖRN
2 ÁRA ÁBYRGÐ
FRÁBÆR REYNSLA
Sjáðu meira í www.buvis.is


JEPPADEKK
Dick CEPEK TIRES & WHEELS
Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44".
KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
Öll almenn dekkjaþjónusta á staðnum.
Tímapantanir í síma 540 4900.
Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík | Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is

FRÉTTIR

## Matvælafyrirtækin Norðlenska, Kjarnafæði og SAH Afurðir:

# Samkeppniseftirlit heimilar samruna gegn ákveðnum skilyrðum

**Samkeppniseftirlitið hefur heimilað samruna þriggja norðlenskra kjötafurðastöðvar, Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH Afurða. Samruninn er heimilaður með skilyrðum sem Samkeppniseftirlit hefur sett fyrirtækjunum að uppfylla og eru eigendur þeirra sáttir við þau skilyrði.**

Samkeppniseftirlitið hafði af því áhyggjur að samruni væri skaðlegur fyrir samkeppni og því var brugðist við og skilyrðin sett en þau gera fyrirtækjunum kleift að framkvæma samrunann og ná markmiðum hans, en sátt er á milli annars vegar fyrirtækjanna þriggja og hins vegar Samkeppniseftirlit um aðgerðir sem gripið verður til svo samkeppni haldist á markaði.

Aðgerðir sem um ræðir snúast um að efla og tryggja samningsstöðu bænda, einnig um verðlagningu einstakra þjónustuþátta, sem og að rjúfa eignatengsla við minni kjötafurðastöðvar með sölu á eignarhluta bænda í þeim. Þá eru skilyrði sem lúta að því að koma í veg fyrir fækkun keppinauta og viðsemjenda bænda og loks aðgerðir sem munu stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði sameinaðs fyrirtækis.



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

### *Tryggja samningsstöðu bænda*

Hvað þann fyrsta varðar skuldbindur hið nýja sameinaða fyrirtæki sig til að standa ekki í vegi fyrir því að bændur færi viðskipti sín frá sameinuðu félagi til keppinauta þess. Jafnframt er réttur bænda til að semja um afmarkaða þjónustu við sameinað fyrirtæki, svo sem slátrun en aðra þjónustu við þriðja aðila, svo sem vinnslu.

### *Verðlagning einstakra þjónustuþátta*

Hvað varðar aðgerðir í tengslum við verðlagningu einstakra þjónustuþátta skuldbindur sameinað fyrirtæki sig til að aðgreina í bókhaldi sínu slátrun og vinnslu og lúta skorðum og reglum við verðlagningu á slátrun og annarri nánari skilgreindri þjónustu í tiltekin tíma.

„Þannig njóti bændur hagræðis sem sameinað fyrirtæki ætlar að ná og þurfi ekki að sæta verðhækkunum sem óhjákvæmilega geta leitt af samkeppnishamlandi samrunum. Skilyrðin eru jafnframt til þess fallin að styðja við samningsforræði bænda og þar með styrkja það aðhald sem þeir geta beitt gagnvart kjötafurðastöðvum," segir í tilkynningu Samkeppniseftirlits.

### *Selja eignarhlut í minni kjötvinnslum*

Kjötafurðarstöðvarnar eiga hlut í öðru slíkum og minni stöðvum, Fjallalambi og Sláturfélagi Vopnfirðinga og er eitt af skilyrðum Samkeppniseftirlits að til að rjúfa eignartengsl við þessar stöðvar verði eignarhlutur bænda í þeim seldur. Skulu hlutirnir seldir til bænda, eða félaga í meirihlutaeigu bænda. Er sölunni settur tiltekinn frestur, sem háður er trúnaði.

### *Komið í veg fyrir fækkun keppinauta og viðsemjenda*

Þá er skilyrði fyrir samruna fyrirtækjanna sem snýst um aðgerðir til að koma í veg fyrir fækkun keppinauta og viðsemjenda bænda. Þannig er nefnt að Kjarnafæði hafi átt í viðskiptum við kjötafurðastöðvar B. Jensen og Sláturfélag Vopnfirðinga og kemur fram í greinargerð Samkeppniseftirlits að sameinað fyrirtæki skuldbindi sig til að eiga í áframhaldandi viðskiptum við þessi félög í tiltekinn tíma.

Þessi viðskipti eru mikilvæg fyrir áframhaldandi rekstur þessara fyrirtækja, sem ella kynnu að hverfa af markaði. Miðar framangreind skuldbinding að því að fyrirtækin hafi ráðrúm til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum og starfa áfram sem sjálfstæðir keppinautar.

### *Setja sér samkeppnisstefnu*

Að lokum eru skilyrði sem eiga að stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði sameinaðs fyrirtækis. Eitt þeirra er að sameinað fyrirtæki setji sér samkeppnisstefnu gripi til aðgerða til að tryggja eftirfylgni við sáttina í daglegri starfsemi, tryggi óhæði gagnvart keppinautum á vettvangi stjórnar og lykilstarfsmanna og haldi skrá yfir samskipti við keppinauta. Þessar aðgerðir eru til þess fallnar að fá sameinað fyrirtæki til að virða bannreglur samkeppnislaga og sporna við tjóni sem leitt getur af aukinni samþjöppun í greininni.

### *Aðgerðir vega upp á móti skaðlegum áhrifum samruna*

Öllum þessum aðgerðum er ætlað að vega upp á móti skaðlegum áhrifum sem Samkeppniseftirlitið telur að samruninn hefði ella haft. Rannsókn Samkeppniseftirlits við vinnslu málsins leiddi m.a. í ljós að röskun gæti orðið á samkeppni vegna aukinnar samþjöppunar og það væri til tjóns fyrir neytendur og bændur. Eins gæti samruni leitt til þess að minni keppinautar í slátrun og vinnslu hyrfu af markaði. Ein birtingarmynd er varðar hindrun á markaði er að bændum væri ekki tryggð hlutdeild í ábata af þeirri hagræðingu sem sameinað fyrirtæki hyggst ná, þar sem þeim muni ekki gefast færi á að sýna sameinuðu fyrirtæki nægilegt aðhald. Þá vinni samkeppnishindranir sem af samrunanum leiða gegn því að ábati hagræðingar skili sér til neytenda. Loks er nefnt að Samkeppniseftirlit hefði haft áhyggjur af því að valkostum bænda fækki og þar með muni samningsstaða þeirra versna.

### *Hagur bænda og neytenda að virk samkeppni ríki á mörkuðum*

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir það hag íslenskra neytenda og bænda að virk samkeppni ríki á mörkuðum fyrir slátrun gripa og í heildsölu og vinnslu kjötafurða

„Kannanir á meðal bænda gefa til kynna víðtækan stuðning við aðgerðir til þess að standa vörð um samkeppni á þessu sviði," segir Páll Gunnar. Að mati Samkeppniseftirlits er sátt þess við samrunaaðila til þess fallin að verja hagsmuni bænda og neytenda og geri sameinuðu fyrirtæki kleift að eflast og dafna á grunni virkrar samkeppni og aðhalds af hendi bænda. /MÞÞ

## Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska:

# Nýtt félag mikilvægt í virðiskeðju landbúnaðar

**„Forsvarsmenn félaganna hafa á liðnum árum reynt að finna flöt á sameiningu og er það meira en lítið ánægjulegt að við séum nú komin á þann stað að geta farið að framkvæma hann," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, eftir að Samkeppniseftirlit hafði heimilað félaginu samruna við Kjarnafæði og SAH Afurðir.**




Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Hann segir meðgönguna hafa verið langa, en félögin sendu inn samrunaskrá til Samkeppniseftirlits í byrjun september í fyrra. Aðdragandinn sé hins vegar mun lengri, félögin hafi rennt hýru auga hvort til annars um langt skeið enda hafi eigendum verið ljóst að æskilegt væri að þau rynnu saman í eitt, eigendum, bændum, starfsmönnum og neytendum til heilla.

Ágúst Torfi segir samrunann samþykktan af Samkeppniseftirliti með skilyrðum, „sem við þurfum að vinna úr ásamt tæknilegum atriðum er varða samruna fyrirtækja og er áætlað að það geti teki allt að 10 vikur að klára þá vinnu og stofna nýtt fyrirtæki utan um hinn sameiginlega rekstur," segir hann.

### *Sameinað félag öflugur vinnuveitandi á svæðinu*

Fyrir liggur nú að skipa stjórn sameinaðs félags sem vinna fer að skipulagi og uppsetningu þess.

„Við höfum ekki talið okkur hafa heimild til að tala saman um hvernig rekstri sameinaðs félags verði háttað enda starfa félögin í samkeppni og eftir samkeppnislögum. Í framhaldi af þessu hefst sú vinna af fullum þunga," segir Ágúst Torfi. „Sameinað félag verður sterkara og heilbrigðara en samrunafélögin og líklegt til að verða öflugur vinnuveitandi á svæðinu auk þess að vera kerfislega mikilvægt fyrirtæki í virðiskeðju landbúnaðar. Ég held að það sé óhætt að óska eigendum félaganna, stafsmönnum og viðskipamönnum til hamingju með þennan áfanga." /MÞÞ

## Norðlenska

Í samrunaskrá kemur fram að Norðlenska sé framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru og sé með starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík og í Reykjavík. Norðlenska slátri hrossum, nautgripum og svínum á Akureyri og sauðfé á Húsavík. Þá framleiði Norðlenska og selji ýmsar vörur úr lamba-, nauta-, grísa- og hrossakjöti undir vörumerkjunum Goði, KEA, Húsavíkurkjöt og Bautabúrið. Norðlenska er að fullu í eigu Búsældar ehf. sem er í dreifðu eignarhaldi 485 bænda.

## Kjarnafæði

Kjarnafæði er matvælavinnslufyrirtæki sem framleiðir og selur ýmsar vörur úr lamba-, nauta-, grísa- og hrossakjöti. Starfsemi félagsins fer fram á Svalbarðseyri. Kjarnafæði er til jafns í eigu Eiðs Gunnlaugssonar og Hreins Gunnlaugssonar. Kjarnafæði á að fullu félagið GMS ehf. sem framleiðir tilbúna rétti fyrir Kjarnafæði. Einnig á Kjarnafæði 34,78% eignarhlut í keppinautnum Sláturfélagi Vopnfirðinga hf. Systurfélög Kjarnafæðis (í eigu sömu aðila) eru félagið Miðpunktur ehf. og Tani ehf. Fyrrnefnda félagið á ýmsar fasteignir á Akureyri, þ.á m. þá fasteign sem hýsir höfuðstöðvar Norðlenska á Akureyri. Tani ehf. á að fullu SAH afurðir ehf. SAH rekur sláturhús og afurðasölu á Blönduósi. Starfsemi félagsins felst í slátrun á hrossum, nautgripum og sauðfé, og sölu á afurðum til matvælavinnslufyrirtækja. SAH afurðir eiga 3,9% eignarhlut í keppinautnum Fjallalambi hf.






## Flutningur Búnaðarstofu frá MAST til ráðuneytis:

# Ráðuneytið telur flutninginn hafa verið framfaraskref

## – Enn er beðið eftir áliti umboðsmanns Alþingis við fyrirspurn BÍ

**Bændasamtökin óskuðu fyrr á árinu eftir áliti umboðsmanns Alþingis á flutningi starfsemi Búnaðarstofu frá MAST til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Bent var á að í slíkum flutningi fælist mögulega brot á lögum um opinbera stjórnsýslu. Bændablaðið óskaði því eftir upplýsingum um fyrirkomulag á verkefnum sem snúa að framkvæmd búvörusamninga innan ráðuneytisins.**



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Bændasamtökin bíða enn eftir áliti umboðsmanns Alþingis, en í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Bændablaðsins segir:

„Verkefni sem áður tilheyrðu búnaðarstofu Matvælastofnunar voru flutt til ráðuneytisins með lögum nr. 84/2019 sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2019. Með lögunum voru stjórnsýsluverkefni við framkvæmd búvörusamninga og söfnun hagtalna um búvöruframleiðslu færð frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og heyra þau verkefni nú undir nýja skrifstofu landbúnaðarmála í samræmi við markmið um að efla stjórnsýslu landbúnaðarmála innan ráðuneytisins.“

### *Telur tilfærslu verkefnanna frá Matvælastofnun til ráðuneytisins hafa verið framfaraskref*

„Nýtt skipurit atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins tók gildi í október 2020 en með breytingunum urðu til þrjár nýjar fagskrifstofur í stað tveggja áður. Markmið skipulagsbreytinganna var að efla stjórnsýslu, skilvirkni og þjónustu ráðuneytisins með bættum vinnubrögðum, öflugu skipulagi og skýrri verkaskiptingu sem styður við fjölbreytt verkefni.

Hlutverk skrifstofu landbúnaðarmála er að skapa skilvirka umgjörð um landbúnaðarframleiðsluna. Á skrifstofunni starfa 11 starfsmenn með fjölbreytta þekkingu sem nýtist vel í þeim verkefnum sem þar er sinnt. Verkefni er varða framkvæmd búvörusamninga og söfnun hagtalna heyra undir verkefni skrifstofunnar og eru þannig afmörkuð með skýrum hætti innan ráðuneytisins. Starfsmenn skrifstofunnar vinna saman að því að tryggja skilvirka framkvæmd samninganna, framþróun í stafrænni þjónustu og upplýsingasöfnun og -miðlun.

Ráðuneytið telur tilfærslu verkefnanna frá Matvælastofnun til ráðuneytisins hafa verið framfaraskref sem er til þess fallið að efla stjórnsýslu og stefnumótun á málefnasviði landbúnaðar.“ */HKr.*

## Kirkjubæjarklaustur:

# Gestastofa í útboð

**Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hefur nú opnað fyrir útboð á byggingu nýrrar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs við Kirkjubæjarklaustur.**

Gestastofan mun rísa á lóð sunnan Skaftár á móts við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri og mun tengjast við þorpið með göngubrú. Gestastofan mun þjóna upplýsingagjöf til ferðamanna um þjóðgarðinn og nágrannasvæði hans, auk þess sem þar verður vönduð fræðslusýning um náttúru og mannlíf svæðisins. Í útboðinu kemur fram að byggingin er einna hæðar bygging með kjallara undir hluta hennar og mun hún falla vel að landinu og verður þakið lagt með torfi. Nú þegar er búið að grafa fyrir húsinu en sú framkvæmd var boðin út sérstaklega. Þetta kemur fram í tilkynningu á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. */MHH*

# Íbúum fjölgar stöðugt í Ölfusi

**Íbúum í Sveitarfélaginu Ölfuss hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur árum og heldur enn áfram að fjölga.**



Elliði Vignisson.

„Já, fjölgunin hefur verið hröð því á rúmum tveimur árum hafi fjölgað um rúmlega 10% og ekki sé annað að sjá en að áframhaldandi fjölgun verði. Síðan 1. desember síðastliðinn hefur íbúum t.d. fjölgað um 47 eða 2%. Til samanburðar fjölgaði íbúum í Árborg um 0,6% og Hveragerði um 0,2% á þessum tíma,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri. Íbúar sveitarfélagsins eru í dag um 2.500. */MHH*





VIÐ HESTAFRÆÐIDEILD HÁSKÓLANS Á HÓLUM er laus staða lektors. Við erum að leita eftir einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu á sviði hestafræða eða í skyldum greinum, s.s. búvísindum eða dýralækningum. Þekking á kennslufræði er kostur. Mikilvægt er að búa yfir reynslu og miklum áhuga á hestum.

**Í STARFINU FELST:**

- Kennsla í grunn-og framhaldsnámi
- Rannsóknir og öflun rannsóknastyrkja
- Virk þátttaka í gæðastarfi og stjórnun deildarinnar og háskólans
- Erlent og innlent samstarf

**MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:**

- Meistaragráða eða sambærilegt, doktorspróf er kostur
- Reynsla af rannsóknum og stjórnun
- Hæfni í samskiptum og geta til samstarfs í nútímaháskólaumhverfi
- Ábyrgð, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni

Hestafræðideild Háskólans á Hólum býður upp á BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu auk meistaranáms í hestafræðum. Markmið Hestafræðideildar er að veita fagmenntun á sviði reiðmennsku, reiðkennslu, tamninga og hestahalds og að vinna að þróun og nýsköpun með rannsóknastarfsemi.

Um meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið er farið eftir ákvæðum laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Hólum. Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Um 100 % stöðu er að ræða. **Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2021** og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri, í síma 861 1128, netfang sveinn@holar.is.

Umsóknir skulu berast á netfangið umsoknir@holar.is merktar „lektor hestafræði“. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, ferilskrá og samantekt fræðastarfs. Einnig skal fylgja kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir störfum sínum við kennslu og rannsóknir. Umsækjandi skal útvega tvenn meðmæli sem meðmælendur sendi beint á ofangreint netfang.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**HÓLASKÓLI - HÁSKÓLINN Á HÓLUM**

Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur

Sími 455 6300 · holaskoli@holar.is · www.holar.is



Forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands heimsóttu Búnaðarsamband Eyjafjarðar fyrir skömmu. Hér eru þau Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, og Vigdís Häsler framkvæmdastjóri ásamt Birgi H. Arasyni, varaformanni BSE (fyrir miðju).

# Átak verði gert í hnitsetningu landamerkja á starfssvæði BSE

**Búnaðarsamband Eyjafjarðar vill gangast fyrir átaki um hnitsetningu landamerkja á starfssvæði sínu með það að markmiði að landamerki allra bújarða innan vébanda BSE verði hnitsett fyrir árslok 2020. „Afar mikilvægt er að ekki ríki óvissa eða ágreiningur um landamerki bújarða," segir í tillögu sem samþykkt var á aðalfundi BSE á dögunum.**

Landamerkjalýsingar eru til fyrir flest allar jarðir á Íslandi segir í greinargerð með tillögunni. Merkjalýsingar þessar voru að mestu leyti skráðar á síðustu tveimur áratugum 19. aldar í kjölfarið á settum lögum um landamerki nr. 5 frá árinu 1882. Landamerkjalýsingarnar sem hér er vitnað til ganga í daglegu tali almennt undir heitinu landamerkjabréf.

### *Má deila um hversu örugg heimildin er*

Ný lög um landamerki nr. 41 tóku gildi árið 1919 og eru þau í fullu gildi. Í þeim er m.a. kveðið á um að landeigandi sé skylt að gera glöggva skrá um landamerki sé hún ekki tiltæk. Þrátt fyrir að landamerkjabréf hafi verið gerð fyrir flestar jarðir má deila um hversu glögg og örugg sú heimild er.

Í texta bréfanna er landamerkjum aðeins lýst með tilvísun í örnefni og kennileiti á jörðinni. Þrátt fyrir tilurð landmerkjabréfanna er vitneskja um rétt landamerki víða að tapast með brotthvarfi eldri kynslóða, og einnig er sú hætta fyrir hendi ef jarðir ganga kaupum og sölum. /MÞÞ

## Aflvélar ehf. og Búvélar ehf.:

# Vélaverkstæði Þóris mun þjónusta Valtra og Massey Ferguson

**Gerður hefur verið nýr þjónustusamningur milli Aflvéla ehf. Búvéla ehf. og Vélaverkstæðis Þóris ehf. Samningurinn felur í sér að Vélaverkstæði Þóris mun áfram þjónusta Valtra og Massey Ferguson dráttarvélar.**



Þórir L. Þórarinsson (Vélaverkstæðis Þóris) og Friðrik Ingi Friðriksson í Aflvélum þegar samkomulagið var undirritað.

Mikil reynsla og þekking hefur skapast í rúmlega 25 ára sögu í þjónustu Vélaverkstæðis Þóris á þessum merkjum. Samningurinn er þó víðtækari og verkstæðið annast einnig viðhald annarra vörumerkja sem Aflvélar og Búvélar eru umboðsaðilar fyrir. Þar má nefna Massey Ferguson heyvinnutæki, Pitbull liðléttinga, Bögballe áburðardreifara, Nc mykjutæki, Pronar vagna og tæki, AEBI Schmidt o.fl.

Þessa má geta að Valtra á 70 ára afmæli á þessu ári og í tilefni þess verður mikill viðburður á netinu á morgun, 16. apríl, þar sem frumsýndar verða nýjar vörur frá framleiðandanum. /HKr.


GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðingavinnu og aðrar framkvæmdir




Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI 568 6544




Byggðaráð Múlaþings hefur skorað á sveitarstjórn að leggja áherslu á það við fjárveitingavaldið að gert verði ráð fyrir fjármagni til hönnunar, endurbóta og framkvæmda við Hálendishring á Austurlandi.

## Hálendishringurinn, ferðamannavegur um Austurland:

# Mikilvægt að ráðast í endurbætur á versta vegarkaflanum

## – Vaxandi umferð ferðamanna um hálendi Austurlands kallar á viðbrögð

**Mikilvægt er að ráðast sem fyrst í þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru við hálendisveg um Austurland þannig að hægt verði að mæta fyrirsjáanlegri þjónustuþörf vegna innlendra og erlendra ferðamanna á svæðinu. Byggðaráð Múlaþings hefur skorað á sveitarstjórn að leggja áherslu á það við fjárveitingavaldið að gert verði ráð fyrir fjármagni til hönnunar, endurbóta og framkvæmda við Hálendishring á Austurlandi. Hálendishringurinn, ferðamannavegur um Austurland var til umræðu á fundi byggðaráðs Múlaþings fyrir skemmstu.**

María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú, segir að vaxandi umferð ferðamanna um hálendið á Austurlandi kalli á viðbrögð svo tryggja megi öryggi vegfarenda sem og að koma í veg fyrir mögulegt rask á viðkvæmri náttúru. Á vegum Austurbrúar hefur verið unnið með hugmynd um Hálendishring, ferðamannaveg um Austurland, sem gæti þjónað sem nokkurs konar gullni hringur fjórðungsins.




Á vegum Austurbrúar hefur verið unnið með hugmynd um Hálendishring, ferðamannaveg um Austurland, sem gæti þjónað sem nokkurs konar gullni hringur fjórðungsins.

Leiðin sem um ræðir er frá Egilsstöðum inn með Lagarfljóti og í gegnum Hallormsstaðaskóg, hjá Hengifossi og um góðan veg upp á Fljótsdalsheiði, hjá Laugafelli og um Vesturöræfin.

„Það liggur upphækkaður og malbikaður vegur að Kárahnjúkum, en síðan tekur við grófur malarvegur sem liggur fram hjá gönguleiðinni ofan í Hafrahvamma á aðra hönd og Laugavalladal á hina. Þar á eftir liggur leiðin um þurra mela og hæðir þar til komið er á þjóðveginn við Brú á Jökuldal þar sem hið nýuppgötvaða Stuðlagil er. Loks liggur leiðin út Jökuldal og inn á Þjóðveg 1 við Skjöldólfsstaði, framhjá fossinum Rjúkanda og til Egilsstaða þar sem hringurinn lokast," segir María.



María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú.

### *Tækifæri til að skapa vinsæla ferðaleið*

Hún segir leiðina hafa upp á margt að bjóða, fagra fjallasýn þar sem Snæfell sé í öndvegi og gnæfi yfir sýn að Vatnajökli, en ýmis önnur fjöll megi að auki sjá sem og vötn. Hreindýrahjarðir sem gjarnan megi koma auga á geri ferðina að sterkri upplifun.

„Þessi leið býður upp á mikla og sjónræna upplifun, þessi hringferð býður upp á mikil tækifæri til að skapa vinsæla ferðaleið sem getur styrkt ferðaþjónustu á Austurlandi og fengið gesti í fjórðungnum til að staldra lengur við," segir María.

### *Stór hluti leiðarinnar þarfnast ekki lagfæringar*

Telur hún að því sé mikilvægt að beina sjónum að mikilvægu viðhaldi vega þar sem það á við og að það verði í takt við uppbyggingu áfangastaða á leiðinni.

„Vegakerfið er gott á stórum hluta leiðarinnar og þarfnast ekki lagfæringar við svo almenningur geti farið um það á einkabílum yfir sumartímann. Það sem upp á vantar er kafli frá Kárahnjúkastíflu og niður að Brú á Jökuldal. Þann kafla mætti hefla oftar en það sem þó er gleðilegt við þennan versta kafla hringsins er að vegstæðið liggur um þurra mela og öldur og þar er mikið um gott efni og ekki yfir neinar óbrúaðar ár að fara. Vinna við að bæta þennan vegarkafla ætti því að vera bæði nokkuð hagkvæm og fljótleg," segir María Hjálmarsdóttir. /MÞÞ



Hafrahvammagljúfur.

# Vortilboð

*Steinn og sökkull, grátt granít*
*Grafskrift og skrautmynd (efst)*
*Uppsetning á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi*
*Akranesi og Borganesi*
*Frí sending um allt land*

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

s: 466 2800 | 899 9370 sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

**Tilboð 1**




Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 485.000
Sett án blómaramma : 385.000
Steinn : 285.000

**Tilboð 2**




Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 560.000
Sett án blómaramma : 460.000
Steinn : 360.000

**Tilboð 3**




Hægt að setja 2 nöfn

Verð:
Sett eins og á mynd : 315.000
Steinn án aukahluta : 199.000

**Tilboð 4**
**113 eða 111**




nr 113




nr 111

Verð:
Sett eins og á mynd : 185.000
Steinn án aukahluta : 145.000



# Gámur er góð geymsla

**Stólpi Gámar bjóða gáma-lausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu**




- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.




Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

**Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna

**MHG VERSLUN**

## Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Víkurhvarfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS




Í fyrsta þætti hlaðvarps Matís er m.a. spurt hvort skordýr verði helstu prótíngjafar framtíðarinnar. Birgir Örn Smárason og Búi Bjarmar Aðalsteinsson velta fyrir sér sjálfbærri matvælaframleiðslu með þáttastjórnandanum Íseyju Dísu Hávarsdóttur. Mynd / Matís

# Matvælið

## – Nýtt hlaðvarp Matís um rannsóknir og nýsköpun í matvælaframleiðslu

**„Matvælið – hlaðvarp Matís“ er nafn á glænýjum hlaðvarpsþætti sem er nú aðgengilegur í Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins. Þættirnir eru framleiddir af Matís og fjalla um fjölbreytt matvælatengd málefni.**

„Nýsköpun með verðmætaaukningu, matvælaöryggi, lýðheilsu og sjálfbærni í fyrirrúmi er helsta viðfangsefni Matís. Fjölbreytt sjónarhorn á þessa þætti verða umfjöllunarefni í hlaðvarpsþáttunum okkar sem munu snúast um rannsóknir og nýsköpun í matvælaframleiðslu,“ segir Ísey Dísa Hávarsdóttir, sem er einn umsjónarmanna hlaðvarpsins og starfar í miðlunarteymi Matís.

***Kynnist viðfangsefnum Matís***

Hjá Matís er unnið að fjölbreyttum verkefnum í matvælaiðnaði. Þau eru unnin í samvinnu við innlenda matvælaframleiðendur og frumkvöðla, háskóla og alla þá sem með einhverjum hætti koma að matvælaiðnaði.

„Til þess að fólk og fyrirtæki geti nýtt þjónustu og starfsemi Matís sér í hag er þörf á að miðla upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins með fjölbreyttum hætti svo þær nái bæði augum og eyrum landans. Nú þegar er vefsíðan www.matis.is og samfélagsmiðlar Matís nýttir í þessum tilgangi, en hlaðvarp er nýjasti miðillinn sem tekinn hefur verið í gagnið svo fólk geti á einfaldan og þægilegan hátt kynnst þeim viðfangsefnum sem fengist er við hjá Matís hverju sinni,“ segir Ísey Dísa.

***Próteingjafar framtíðarinnar í fyrsta þætti***

Í þáttunum verður rætt við verkefnastjóra og starfsfólk um þeirra verkefni eða tengd mál en einnig við ýmsa samstarfsaðila, svo sem úr frumkvöðlaheiminum, matvælaiðnaðinum, viðskiptalífinu og frá háskólum landsins. Stefnan er að varpa ljósi á fagið og fólkið fremur en á fyrirtækið sem slíkt.

Í fyrsta þætti hlaðvarpsins er rætt við Birgi Örn Smárason, verkefnastjóra hjá Matís, og Búa Bjarmar Aðalsteinsson, sem hefur bakgrunn úr Listaháskólanum, vöruþróun, matvælaframleiðslu og ýmiss konar frumkvöðlastarfsemi. Þeir hafa ólíka aðkomu að viðfangsefni þáttarins, sem er próteingjafar framtíðarinnar og sjálfbær matvælaframleiðsla, og skapast því umræður um fjölbreytta vinkla á efnið.

***Hvað gerir Matís?***

Tveir þættir eru þegar komnir inn í Hlöðuna – hlaðvarp Bændablaðsins á vefslóðinni bbl.is, en þeir eru líka aðgengilegir á vef Matís og á öllum helstu hlaðvarpsveitum. Stefnan er að gefa út einn þátt í mánuði en í upphafi fylgir stuttur kynningarþáttur sem ber yfirskriftina *Hvað er Matís?* Þar situr Hákon Stefánsson, stjórnarformaður Matís, fyrir svörum.

Miðlunarteymi Matís hefur umsjón með gerð þáttanna og Ísey Dísa Hávarsdóttir sér um þáttastjórnun.

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

FRÉTTIR



Sandar, melar og áraurar teljast með ræktunarlandi að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru.
Mynd / Skýrsla leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands

### Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands:

# Sérhverju sveitarfélagi gert að flokka allt ræktanlegt land

## – Unnið á grundvelli breytinga á jarðalögum

**Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands. Með leiðbeiningunum er lögð áhersla á að flokka land sem nýtist til ræktunar á matvælum og fóðri, með tilliti til fæðuöryggis og jarðarlaga. Niðurstöður flokkunar er ætlað að nýtast sveitarfélögum sem forsendur við skipulagsákvarðanir um landnotkun við gerð aðalskipulags.**

Leiðbeiningarnar voru unnar á grundvelli jarðalaga, en með breytingum á þeim í júlí síðastliðnum varð ráðherra heimilt að gefa út slíkar leiðbeiningar – um hvernig skuli flokka landbúnaðarland í aðalskipulagi, í samvinnu við yfirvöld skipulagsmála. Að gerð leiðbeininganna stendur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun og Landbúnaðarháskóla Íslands.

***Flokkun á öllu ræktanlegu landi***

Leiðbeiningunum er skipt upp í fjóra kafla. Í öðrum kafla er almennt fjallað um ræktunarland á Íslandi; útlistun á mismunandi gerðum þeirra. Í þriðja kafla er svo fjallað um mismunandi hæfni lands til ræktunar og sérstaklega fjallað um land sem hentað gæti til akuryrkju. Fyrst er fjallað um almenn skilyrði og síðan gæði lands og jarðvegs, til fróðleiks og nánari upplýsinga. Þar eru einnig talin upp lagaleg ákvæði sem hindrað geta ræktun á landbúnaðarlandi.

Í fjórða kafla eru settar fram skilgreiningar á þeim fjórum flokkum sem leiðbeiningarnar ná til. Þar er tekið fram að gert sé ráð fyrir að sérhvert sveitarfélag flokki allt ræktanlegt land innan síns lögsagnarumdæmis. Allt ræktanlegt land er skilgreint sem land sem liggur neðan við 300 metra yfir sjó, er utan þéttbýlis, hefur ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota og kemur ekki til álita til ræktunar af náttúrufarslegum ástæðum – eins og ár og vötn.

*/smh*

# Útfærsla á 970 milljóna króna stuðningi við sauðfjár- og nautgripabændur

## – 562 milljóna króna viðbótargreiðsla á gæðastýringarálag í sauðfjárrækt

**Lokið er við útfærslu á á 970 milljóna króna stuðningi við sauðfjár- og nautgripabændur, sem er ein af aðgerðunum tólf í aðgerðaáætlun Kristjáns Þórs Júlíussonar sem er ætlað að mæta áhrifum COVID-19 á íslenskan landbúnað.**

Í tilkynningu úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar við afgreiðslu málsins hafi verið miðað við að 75 prósenta fjármagnsins myndi renna til sauðfjárbænda og 25 prósent til nautgripabænda.



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Mynd /Golli

***562 milljóna króna viðbótargreiðsla á gæðastýringarálag***

„Nú liggur fyrir útfærsla á dreifingu þessara fjármuna sem unnin var í samráði við Bændasamtök Íslands, Landssamtök sauðfjárbænda og Landssamband kúabænda.

Fjármunum til sauðfjárbænda, alls 727 m.kr., verður ráðstafað með eftirfarandi hætti:

Viðbótargreiðsla á gæðastýringarálag kindakjöts 2020 – 562 m. Kr.

Greitt í mars 2021. Þetta þýðir að greiðslan til bænda hækkar um þriðjung frá því sem áður hefur verið greitt vegna ársins 2020.

***Viðbótargreiðsla á ullarframleiðslu 2020 – 65 m. kr.***

Bætist við greiðslu vegna ullarnýtingar þegar uppgjör fer fram um mitt ár 2021.

Til framkvæmdar á sérstakri aðgerðaáætlun í sauðfjárrækt (sbr. 11. tölulið í áætlun ráðherra).

Þessi áætlun verður unnin í samstarfi við sauðfjárbændur í mars 2021. Greiðslur fara eftir framkvæmd og eðli verkefna,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Rúmar 22 þúsund krónur fyrir hvern UN slátraðan nautgrip

„Fjármunum til nautgripabænda, alls 243 m.kr., verður ráðstafað með eftirfarandi hætti:

Viðbótargreiðsla á alla ungnautagripi 2020 – 243 m. kr.

Greitt í mars 2021. Greiðslan dreifist á alla UN gripi sem komu til slátrunar á árinu 2020. Það eru alls tæplega 11.000 gripir og aukagreiðslan er tæpar 22.400 kr. á hvern,“ segir enn fremur í tilkynningu ráðuneytisins. */smh*

## Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra:
# Vekur furðu að auglýsa starf hjá RARIK ekki án staðsetningar

**Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra segir það vekja furðu að starfsstöð verkefnisstjóra stærri framkvæmda hjá RARIK sem auglýst var laus nýverið skuli vera í Reykjavík en það er skýrt tekið fram í auglýsingu um stöðuna.**

Stjórnin fjallaði um málið á fundi sínum í liðinni viku og segir það hafa vakið athygli að tiltekið sé að starfsstöð þessa starfsmanns skuli vera í Reykjavík. Einkum í ljósi þess að starfsemi RARIK fer öll fram á landsbyggðinni ef frá er talin starfsemi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík.

### *Allar framkvæmdir verða á landsbyggðinni*

„Allar þær framkvæmdir sem nýr verkefnisstjóri mun hafa umsjón með verða því á landsbyggðinni. Þess vegna vekur það furðu stjórnar SSNV að föst starfsstöð í Reykjavík sé tiltekin í auglýsingunni en starfið ekki auglýst án staðsetningar. Þegar eru til staðar fjölmargar starfsstöðvar félagsins um land allt, m.a. á Blönduósi og Sauðárkróki auk ný aflagðrar starfsstöðvar á Hvammstanga,“ segir í bókum samtakanna.

Skora samtökin á stjórn RARIK að endurskoða fasta staðsetningu starfa í Reykjavík og auglýsa þess í stað störf án staðsetningar. „Þannig stuðlar félagið að áframhaldandi uppbyggingu starfsstöðvar sinna á landsbyggðinni, þar sem viðskiptavinir þess eru staðsettir.“

Stjórn SSNV hefur ályktað um flutning höfuðstöðvar RARIK og bent á Sauðárkrók í þeim efnum auk þess að efla starfsstöðvar víðar í fjórðungnum. */MÞÞ*

**Bændablaðið**
***Kemur næst út***
***29. apríl***







# Samtaka nú!

## Þín aðild tryggir öflug Bændasamtök

Kröfur vegna félagsgjalda í Bændasamtökum Íslands fyrir tímabilið janúar-júní 2021 voru stofnaðar í heimabanka félagsmanna fyrir páska. Eindagi félagsgjaldanna er **19. apríl** og eru bændur hvattir til þess að gera upp innan þess tíma.

Einungis er innheimt núna fyrir fyrstu sex mánuði ársins vegna fyrirhugaðrar sameiningar BÍ og búgreinafélaga. Upphæðin byggir á samþykkt Búnaðarþings 2021 og er áætluð út frá veltuþrepum fyrra árs.

Félagsgjald aukafélaga að BÍ árið 2021 verður 20.000 krónur og innheimtar verða 2.000 krónur í Velferðarsjóð BÍ með hverju félagsgjaldi.

Það er mikilvægt að sem flestir kjósi að vera félagsmenn í Bændasamtökunum. Þannig stöndum við vörð um hagsmuni allra búgreina og íslensks landbúnaðar. Nýir félagsmenn eru boðnir velkomnir en þeir geta skráð sig í gegnum vefsíðu BÍ, bondi.is.

**Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Þau eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.**

### Þinn ávinningur

- Bændasamtökin vinna að hagsmunum allra bænda og eru málsvari stéttarinnar
- Þú ert þátttakandi í samtökum bænda og getur haft áhrif á félagsstarfið
- Þín aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins
- Þú nýtur ráðgjafar um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- BÍ koma fram fyrir þína hönd gagnvart ríkisvaldinu og gera samninga fyrir bændur
- Þú nýtur 30% afsláttar af vissum forritum BÍ
- Aðild tryggir þér sérkjör á gistingu á Hótel Íslandi
- Þú getur leigt orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu
- Sem félagsmaður getur þú sótt um stuðning í starfsmenntasjóð
- Samtakamáttur heildarinnar er mikill og verður meiri eftir því sem fleiri taka þátt

**Ert þú með spurningar vegna félagsgjaldanna?**

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið bondi@bondi.is.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

Fylgstu með bændum á
**Facebook**
**Instagram**
**bondi.is og bbl.is**

# STEKKUR



Spóinn er fallegur fugl, en er ekki á lista yfir þá 20 fugla sem eru í kjöri.
Mynd / smh

## Fugl ársins

**Hverjum þykir sinn fugl fagur. Það eru orð að sönnu – bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Matsatriði eru stór hluti tjáskipta í mannlífinu, enda grundvallast þau á tilfinningalegum upplifunum – eins konar skynmati hvers og eins. Fólk hefur tilhneigingu til að leitast við að tjá mat sitt á ýmsu og virðist oft og tíðum fá talsvert út úr þeirri tjáningu. Margir njóta þess sömuleiðis að upplifa tjáningu annarra á þeirra mati.**

Svo er meira að segja hægt að rökstyðja matsatriðin. Fuglavernd stendur þessa dagana fyrir vali á Fugli ársins 2021. Þar gefst Íslendingum kostur á að velja sína uppáhaldsfugla, allt að fimm fugla sem raða má í sæti. Samkvæmt upplýsingum frá Guðrúnu Láru Pálmadóttur hjá Fuglavernd, var óskað eftir tilnefningum frá almenningi um 20 fugla sem valið stæði um. „Fólk var beðið að rökstyðja val sitt vel og voru þessir 20 fuglar valdir út frá fjölda tilnefninga en ekki síður röksemdunum sem með þeim bárust. Þannig komst til dæmis sendlingur inn á listann með mjög sterkri og góðri röksemdarfærslu þó hann fengi einungis eina tilnefningu. Það studdi líka fugla í að ná inn á frambjóðendalistann í ár að þeir væru komnir með kosningastjóra. Þannig var það til dæmis með grágæsina sem var fyrsti fuglinn í keppninni til að næla sér í talsmann," segir Guðrún Lára.

*Svartþröstur er fuglinn minn*

Ég er búinn að kjósa svartþröstinn af því að mér finnst hann svo skemmtilegur söngfugl og svo er hann með fallega dillandi fluglag. Þeir eru líka nýbúar og þurfa sérstakan móralskan stuðning. Svo tengist eitt svartþrastapar á Akranesi mér persónulegum böndum því það hefur gert sig heimakomið á lóðinni minni – og kvenfuglinn fór meira að segja á klósettið í húsinu mínu. Þar notaði hún þó nánast allt annað á baðherberginu undir sinn úrgang en beinlínis þar til gerðan húsbúnað.

Nú er ég kallaður svartþrastarhvíslarinn af konu minni, þar sem ég náði eins konar fjarskynjunar (telepatísku) sambandi við kvenfuglinn við að lóðsa hana út um gluggann, eftir tvær misheppnaðar tilraunir hennar í mikilli geðshræringu.

Eftir þessa andlegu reynslu höfum við borið mat fyrir parið og njóta skógarþrestir og starar einnig góðs af því.

Nú stend ég hins vegar vaktina hverja stund á heimilinu og vörð fyrir smáfuglana vegna kattar sem gengur laus í hverfinu og hefur séð sér leik á borði.

Ég veit ekki hver á þennan kött en hann virðist geta þvælst um alla lóðina mína og jafnvel rótað í matjurtabeðunum mínum án afskipta eigendanna.

Hægt er að greiða atkvæði hjá Fuglavernd til 18. apríl og tilkynnt verður um val á Fugli ársins 2021 á sumardaginn fyrsta.

*Gleðilegt fuglasumar!* /smh

**NYTJAR HAFSINS**

# Páskahrotur – páskastopp

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



**Fyrr á tíð, meðan veiðar á Íslandsmiðum voru enn þá frjálsar, fóru sögur af ævintýralegum aflabrögðum í kringum páska, sem gengu undir nafninu páskahrotur. Síðar fór þorskstofninum að hraka og upp úr 1990 var svo komið að ástæða þótti til að banna veiðar á þorski þegar hrygningin var í hámarki um páskaleytið. Veiðibannið sem kallað er páskastopp er enn í gildi nú þremur áratugum síðar þótt núverandi ástand stofnsins sé allt annað og betra en áður var.**

„Hugtakið páskahrota átti fullan rétt á sér í þá gömlu og góðu daga vegna þess að ef á annað borð var fiskigengd á okkar miðum brást það sjaldan að aflinn væri einmitt mestur um páskana hvort sem þeir voru seint eða snemma," sagði Hilmar Rósmundsson, landsþekktur aflamaður í Vestmannaeyjum, í samtali við Fiskifréttir árið 2005.

Hilmar var aflakóngur í Eyjum þrjár vertíðar í röð, 1967-1969, en árið 1969 setti hann Íslandsmet í aflabrögðum þegar hann fiskaði 1.654 tonn á bát sinn Sæbjörgu VE, sem var aðeins 67 tonn að stærð. Nokkrum sinnum kom hann með 66 tonn úr róðri og eina vikuna landaði hann samtals 300 tonnum. Það hefur sennilega verið páskavikan.

*Flýtur meðan ekki sekkur*

„Páskavikunni fylgdi oft mikið erfiði," sagði Hilmar, „ekki eingöngu vegna þess hve mikið aflaðist heldur einnig af því að einmitt þessa viku var veðráttan oft ansi hörð fyrir þessar litlu fleytur. Það bættist svo við að föstudagurinn langi og páskadagur voru einu lögbundnu dagarnir á vertíðinni sem ekki mátti róa og varð því að hreinsa allan fisk úr netunum laugardaginn fyrir páska og annan í páskum þar sem hann lá undir skemmdum tveggja nátta í netunum. Þessir róðrar urðu oft bæði erfiðir og langir og ekki alltaf mikið borð fyrir báru þegar þessar litlu fleytur voru drekkhlaðnar að baksa til hafnar í leiðindabrælum. Þá þurfti sérstaka aðgát og sannaðist þá æði oft hið fornkveðna: Flýtur meðan ekki sekkur."

*Fyrsta páskastoppið*

Veiðibann um páska var fyrst sett árið 1992 en þá voru allar veiðar bannaðar frá 11.-21. apríl á stóru svæði við suður- og vesturströndina frá Bjargtöngum á Vestfjörðum austur að Stokksnesi við Hornafjörð. Vísað var til þess að klak hefði um nokkurra ára skeið verið langt undir meðaltali og hrygningarstofn þorsks kominn í sögulegt lágmark. Því þótti nauðsynlegt að gefa þorskinum aukinn frið yfir háhrygningartímann. Í kjölfarið fylgdu svo friðanir víðar við landið.

Eins og kunnugt er færast páskarnir til á dagatalinu (frá fornu fari vegna tengingar við tímatal Gyðinga sem miðast við tunglár) og geta þeir verið allt frá því seint í marsmánuði til síðari hluta aprílmánaðar. Af hagkvæmnisástæðum var ákveðið að láta veiðibannið fylgja páskum og fara þannig saman við lögbundna frídaga, en tímasetningin hafði ekkert að gera með fiskigengd tengda gangi himintungla og straumum.

*LS vill undanskilja handfæraveiðar*

Ekki eru allir sáttir við hrygningarstoppið, eins og páskaveiðibannið er einnig kallað. Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur allt frá upphafi óskað eftir því að bannið næði ekki til línu- og handfæraveiða. Árið 2019 fór LS fram á það við sjávarútvegsráðherra að einungis handfæraveiðar yrðu undanþegnar banninu. Þessum óskum hefur ávallt verið hafnað.




Þorskveiðar í net hafa dregist verulega saman á liðnum árum.

> **Tímabil friðunaraðgerða til verndar hrygningarþorski við Ísland er tiltölulega stutt miðað við nágrannaþjóðirnar, eða aðeins tvær til fjórar vikur.**

Rök LS fyrir óskum sínum eru m.a. þau að frá því að hrygningarstoppið var sett árið 1992 hafi aðstæður gjörbreyst. Hrygningarstofninn hafi stækkað úr 123.000 tonnum árið 1993 í 652.000 tonn árið 2018. Þá hafi hlutfall 8 ára þorsks og eldri aukist úr 20% árið 1993 í 44% árið 2017, en stærri þorskurinn er talinn mikilvægari fyrir hrygninguna í heild en smærri þorskurinn. Jafnframt er bent á að árið 1992 hafi 240 bátar stundað netaveiðar og veitt 23% af heildarþorskaflanum og sú stærð sem að mestu kom í netin hafi verið sú stærð sem vantaði í hrygningarstofninn. Árið 2018 hafi aðeins 60 bátar stundað netaveiðar og veitt 6,9% af þorskaflanum. LS benti jafnframt á að farsvið smábáta væri takmarkað sem gerði það að verkum að áhrif hrygningarstopps væru mun meiri á smábáta en önnur skip. Þeir þyrftu að stíma allt að áttfalda vegalengd til að komast út fyrir mörk hrygningarstoppsins til að veiða sama magn og næðist utan hafna í Faxaflóa og Breiðafirði. Þá væri færafiskurinn smærri en sá fiskur sem mikilvægast þætti að vernda.

*Svör Hafró*

Í svar Hafrannsóknastofnunar við spurningum LS um hrygningarstoppið er tekið undir það að samsetning hrygningarstofns þorsks hafi gjörbreyst til batnaðar á þeim tíma sem veiðibannið hafi verið í gildi, þótt erfitt sé að aðskilja árangur einnar aðgerðar líkt og friðun á hrygningartíma frá áhrifum annarra aðgerða eins og upptöku aflareglu og betri stjórn á veiðum almennt.

Um það hvers vegna bannið nái einnig til handfæraveiða segir Hafró að í upphafi hafi markmið veiðibannsins verið að minnka sókn í stórþorsk. Hins vegar hafi rannsóknir sýnt að truflun við hrygningu t.d. vegna veiðarfæra geti haft þau áhrif að þorskur fari af hrygningarslóð og snúi ekki þangað aftur. Algör friðun fyrir veiðum á hrygningarslóð auki líkur á því að hrygning og klak heppnist vel.

Einnig var spurt hvort sá tími sem hrygningarstoppið næði yfir væri hápunktur hrygningar þorsks. Svar Hafró er það að hámark hrygningarinnar sé breytilegt frá ári til árs, en rannsóknir stofnunarinnar sýni að það sé í apríl og nái veiðibannið að jafnaði að mestum hluta yfir þann tíma .

*Hvernig gera aðrar þjóðir?*

LS spurði Hafró einnig hvort aðrar þjóðir stöðvi veiðar með línu og handfærum yfir hrygningartíma þorsks eða annarra fisktegunda. Í svari Hafró kemur fram að við austurströnd Kanada og Bandaríkjanna sé hrygningarstopp fyrir þorsk og ýsu þar sem notkun allra veiðarfæra sem geta veitt botnfisk sé bönnuð á skilgreindum hrygningarsvæðum. Tímalengd lokana er frá einum og hálfum mánuði til fimm mánaða. Svipaða sögu er að segja frá vesturströnd Skotlands þar sem hrygningarsvæði í Clyde firði er lokað í tvo mánuði. Afmörkuðum hrygningarsvæðum í Noregi er lokað frá 1. janúar til 6. júní fyrir öllum veiðum.

*Er hrygningarstoppið of stutt?*

Greinargerð Hafró lýkur með þessum orðum:

„Tímabil friðunaraðgerða til verndar hrygningarþorski við Ísland er tiltölulega stutt miðað við nágrannaþjóðirnar eða 2-4 vikur og nær eingöngu til þess tímabils sem hrygning er talin vera í hámarki. Rannsóknir hafa sýnt að hrygning þorsks nær allt frá miðjum mars og langt fram í maímánuð. Í ljósi tímalengdar lokanna vegna hrygningar þorsks hjá nágrannaþjóðum okkar má velta upp hvort núverandi reglugerð um friðun hrygningarþorsks nái nægjanlega langt með tilliti til tímalengdar."

NYTJAR HAFSINS

# Nýr forstjóri á Hafró

**Þorsteinn Sigurðsson hefur verið skipaður forstjóri Hafrannsóknastofnunar frá 1. apríl 2021. Tekur hann við starfinu af Sigurði Guðjónssyni.**



**Þorsteinn Sigurðsson.**
Mynd / Svanhildur Egilsdóttir

Þorsteinn er fiskifræðingur með BS gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands og Cand. Scient gráðu frá Háskólanum í Bergen. Hann hefur starfað yfir 25 ár hjá Hafrannsóknastofnun, en Þorsteinn hóf störf sem sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun árið 1994.

Á árunum 2005 til 2016 starfaði hann sem forstöðumaður nytjastofnasviðs og frá árinu 2016 til 2019 var hann forstöðumaður sviðs uppsjávarlífríkis.

Þorsteinn gerði starfslokasamning á Hafrannsóknastofnun haustið 2019 samhliða uppsögnum á tíu starfsmönnum stofnunarinnar. Þá var hann ráðinn sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu í byrjun árs 2020. Þar sinnti hann ýmsum störfum og meðal annars kom hann að verkefnum innanlands og alþjóðasamstarfi sem Ísland á aðild að.

Alls bárust sex umsóknir um embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar, en umsóknarfrestur rann út þann 19. janúar 2021. Hæfnisnefnd mat þrjá umsækjendur vel hæfa til þess að gegna embættinu.

Ráðherra var sammála mati nefndarinnar og tók í kjölfarið þá þrjá sem metnir voru hæfastir í viðtal. Var það síðan mat ráðherra, að Þorsteinn væri hæfastur umsækjenda til að stýra Hafrannsóknastofnun til næstu fimm ára. */HKr.*



**Hrognkelsi. Hálf er hann nú væskilslegur rauðmagakarlinn við hliðina á kellu sinni grásleppunni.**
Mynd / Hafrannsóknastofnun

# Ráðlagt að veiða 9.040 tonn af grásleppu á þessu ári

**Hafrannsóknastofnun ráðleggur að veiðar á grásleppu fiskveiðiárið 2020/2021 verði ekki meiri en 9.040 tonn. Er það um 74% hækkun milli ára.**

Ráðgjöfin byggir að mestu á stofnvísitölu úr stofnmælingu botnfiska í mars 2021 en hún var sú hæsta frá upphafi mælinga 1985. Stofnvísitölur hrognkelsa sveiflast milli ára sem endurspeglar að hluta til óvissu í mælingunum.

Vegna þessa vegur stofnvísitala sama árs 70% á móti 30% vægi vísitölu fyrra árs við útreikning ráðlagðs hámarksafla. Hafrannsóknastofnun leggur jafnframt til að upphafsaflamark fiskveiðiárið 2021/2022 verði 3.174 tonn.

Ráðgjöfin er samkvæmt nýrri ráðgjafareglu Hafrannsóknastofnunar fyrir grásleppu sem kynnt var á árinu og miðar við vísitölu veiðihlutfalls (Fproxy) 0.75. */HKr.*









## LANDSJÁ




# Íslenskt merki á hvítt sem rautt

**„Mér þykir vænt um svín. Hundar líta upp til okkar. Kettir líta niður á okkur. Svín meðhöndla okkur sem jafningja.“ Það er haft fyrir satt að Winston Churchill hafi svarað Stalín með þessum orðum á Yalta-ráðstefnunni 1945 þegar sá síðarnefndi sagði að Franklin D. Roosevelt forseti væri svín.**


Kári Gautason.

Líklega voru þetta, ef satt er, meiri orðaskylmingar heldur en djúp speki hjá Churchill í Yalta. En mér flaug þetta svona í hug við skoðun þjóðhagsreikninga. Þeir gefa semsé ekki nægilegan gaum að þeirri verðmætasköpun sem orðið hefur í hvíta kjötinu, það er að segja í svína- og alifuglarækt.

Við sjáum að síðustu áratugi hafa orðið miklar framfarir í landbúnaði. Minna magn af aðföngum þarf fyrir hvert framleitt kíló með tilheyrandi lækkun á umhverfisspori matvælaframleiðslu. Enginn geiri atvinnulífsins hefur náð meiri árangri í því að draga úr losun á Íslandi annar en sjávarútvegur samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Losun hefur þvert á móti vaxið verulega hjá allflestum öðrum greinum. Verðmætasköpun hefur vaxið hraðar í landbúnaði og matvælaframleiðslu heldur en í hagkerfinu sem heild þrátt fyrir ýmsan mótbyr.

### *Þjóðhagsreikningar villa sýn í landbúnaði*

Þjóðhagsreikningar sýna vel þessa þróun en þeir grípa ekki með fullnægjandi hætti hversu mikil aukning hefur orðið í verðmætasköpun. Alifugla- og svínabú sem eru með eigin sláturhús og kjötvinnslur eru flokkuð með matvælaframleiðslu en ekki með landbúnaði. Ástæðan er einföld. Það mun ekki vera hægt að sundurgreina í reikningum hvað á heima hvar. Framleiðsla á svínakjöti hefur aukist um nálega helming meðan framleiðsla á alifuglakjöti hefur rúmlega þrefaldast á tveimur áratugum. Sú aukning hefur styrkt íslenskan landbúnað. Því fleiri stoðir sem eru undir innlendum landbúnaði, þeim mun meiri styrkur. Það gefur betri og fleiri tækifæri fyrir verktöku, sérhæfingu og sérhæfða ráðgjafarþjónustu. Með því móti verður hægt að ná enn meiri árangri í að skapa verðmæti og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Íþyngjandi kröfur á landbúnað hafa stóraukist síðasta áratug. Kostnaðarsamar reglugerðir um aðbúnað vega þar þungt og auka framleiðslukostnað. Það lítur út eins og tangarsókn af hálfu stjórnvalda að auka kostnað innlendra framleiðenda en heimila á sama tíma innflutning á vörum, sem framleiddar eru við allt önnur skilyrði, á lægri tollum. Niðurstaðan hefur orðið sú að verð á ýmsum tegundum kjöts hefur lækkað til bænda en hækkað til neytenda í takti við hækkun vísitölu neysluverðs. Slík tangarsókn kallar á viðbrögð.

### *Verum stolt af okkar framleiðslu*

Nágrannar okkar Svíar hafa lengi haft þá stefnu að aðgreina sína kjötframleiðslu frá samkeppnislöndum innan Evrópusambandsins. Í Svíþjóð eru vissulega strangar aðbúnaðarreglugerðir sem auka kostnað innlendrar framleiðslu. Svíum hefur hins vegar tekist með samstarfi verslunar, bænda og sláturleyfishafa að búa til merki, „Från Sverige“, til þess að greina vörur sem upprunnar eru í Svíþjóð frá erlendri samkeppni. Enda er afurðaverð til sænskra bænda eitt það hæsta sem um getur í Evrópu.

Íslenskir bændur, hvort sem þeir rækta svín, kjúklinga, sauðfé eða nautgripi, ættu að sameinast um að koma slíku merki á koppinn með samstarfi við verslun og stjórnvöld. Það er hagur allra að geta séð á skýran hátt hvaða vörur eru íslenskar. Merkið væri ekki afgerandi í stórveldapólitík frekar en ummæli Churchills í upphafi pistils, en það myndi marka tímamót í íslenskum landbúnaði.

***Kári Gautason***
*Sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá BÍ*

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR



**Reykjavík:** Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.lci.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## FRÉTTIR



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á kynningunni í Norræna húsinu. Myndir / Styrmir Kári

### Fjárveiting úr Landsáætlun og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða:

# Rúmur einn og hálfur milljarður til innviða og ferðamannastaða

## – Uppbygging ofan Öxarárfoss og Jöklaleið við Skaftafell fengu hæstu styrkina

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra kynntu í marsmánuði úthlutun fjármuna til uppbyggingar innviða í þágu náttúruverndar og til annarra verkefna á ferðamannastöðum árið 2021. Annars vegar er um að ræða 764 milljóna króna framlag úr Landsáætlun og hins vegar 807 milljóna króna framlag úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.**

Í Landsáætluninni, sem hófst árið 2018, bætast nú við 85 ný verkefni og eru nú samtals 180 á ríflega 100 stöðum samkvæmt áætlun áranna 2021 til 2023. Heildarframlög til verkefnisins á þessum þremur árum verða rúmir 2,6 milljarðar króna.



Einar Ásgeir Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, sagði frá áformum um uppbyggingu innan þjóðgarðsins.

### *Jöklaleið frá Svínafelli yfir í Skaftafell*

Hæstu upphæðir úthlutunarinnar fyrir þetta ár eru annars vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar ofan við Öxarárfoss, með stórbættu aðgengi í þinghelgina, og vegna verkefnis sem felst í að ljúka við uppsetningar göngupalla við Dettifoss sem auka öryggi og aðgengi til muna á svæðinu.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, sem stofnaður var árið 2011, úthlutar að þessu sinni styrki til 54 verkefna um allt land, til sveitarfélaga og einkaaðila. Styrkupphæðin var nú aukin tímabundið um 200 milljónir króna sem viðspyrna við niðursveiflu efnahagslífsins vegna COVID-19. Hæsta styrkinn fær Sveitarfélagið Hornafjörður, eða rúmar 97 milljónir króna, til að hanna og gera göngu- og hjólastíginn Jöklaleið frá Svínafelli yfir í þjóðgarðinn í Skaftafelli í samvinnu við hagaðila á svæðinu.

Aðrir styrkir hærri en 20 milljónir króna eru meðal annars til byggingar skógarhúss við Sólbrekkuskóg, hönnun áfangastaða austan Tjörness, stígagerð og brúun í fólkvanginum Glerárdal á Akureyri og gerð flotbryggju í Drangey.



Verkefnið Jöklaleið fékk hæsta styrkinn úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Matthildur Ásmundsdóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar, Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi og Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis og skipulagsstjóri kynna verkefnið.

### *Brugðist hratt við óvæntu álagi vegna ferðamanna*

Guðmundi Ingi segir í tilkynningu eftir kynninguna, sem fór fram í Norræna húsinu og streymt beint þaðan líka, að Landsáætlun um uppbyggingu innviða og þriggja ára verkefnaáætlunin sé verkfæri sem hafi sannað sig vel á síðustu þremur árum. „Við höfum séð afar jákvæða þróun til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum um allt land. Það skiptir máli að byggja á faglegu mati sérfræðinga um ástand svæða, hafa fyrirsjáanleika og fjármagn til langtímaáætlunargerðar en einnig þegar bregðast þarf hratt og örugglega við óvæntu álagi vegna ferðamanna, eins og við höfum gert. Nú þegar við gefum verkefnaáætlunina út í fjórða sinn erum við að sjá fyrir endann á mörgum framkvæmdaverkefnum, stórum og smáum, sem ég veit að mun vernda viðkvæma náttúru og styðja við góða upplifun fólks á ferð sinni um landið,“ segir Guðmundur Ingi.

Þórdís Kolbrún segir að smám saman eigi sér stað bylting í aðstöðu við bæði gamla og nýja ferðamannastaði á Íslandi. „Og sífellt liggur meiri heildarsýn á bak við þessa uppbyggingu, sem endurspeglast í tengingum við áætlanir hvers landshluta um uppbyggingu á sínu svæði. Það er mjög jákvæð þróun,“ segir hún í tilkynningu.

Stjórnvöld hafa að undanförnu lagt áherslu á að ná árangri í að bæta innviði um land allt og auka getu svæða til að taka á móti ferðamönnum. Síðasta ár var metár hvað varðar umfang framkvæmda á ferðamannastöðum, með sérstöku fjárfestingarátaki vegna heimsfaraldursins sem gerði það mögulegt að flýta framkvæmdum.

/*smh*

# Hvar auglýsir þú?

**Bændablaðið**

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

## Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

**Lestur prentmiðla á landsbyggðinni**




**Lestur Bændablaðsins**

| Lestur Bændablaðsins á **landsbyggðinni** | Lestur Bændablaðsins á **höfuðborgarsvæðinu** | Lestur landsmanna á Bændablaðinu |
|---|---|---|
| **36,2%** | **17,8%** | **24,3%** |

**Heimild:** Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt. - des. 2020.

Bændablaðið Bændahöllin við Hagatorg / Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

FRÉTTASKÝRING

## Ljósleiðaravæðing gerir æ fleira fólki kleift að flytja atvinnu sína burt úr þéttbýlinu:

# Hátt fasteignaverð og dýr húsaleiga er að hrekja fólk úr borgunum víða um lönd

– COVID-19 ýtir undir að fólk kjósi frelsi, lífsgæði og rými í dreifbýlinu í auknum mæli umfram þrengsli stórborganna



**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Rannsóknir sýna að fólk víða í Evrópu og í Bandaríkjunum er í auknum mæli að flýja stórborgirnar, vegna hárrar húsaleigu, lítils fasteignaframboðs og hás fasteignaverðs. Sama þróun virðist vera að eiga sér stað á Íslandi þar sem ofuráhersla hefur verið lögð á þéttingu byggðar á dýrum lóðum á höfuðborgarsvæðinu.**

Greinilegt er að stórborgirnar eru ekki sama aðdráttarafl og áður og fólk er farið að meta lífsgæðin í öðru en þröngu sambýli í þéttbýlustu byggðakjörnunum. Frelsið sem dreifðari byggð veitir fólki, ekki síst í miðjum COVID-faraldri, þykir mörgum nú eftirsóknarverðara en að geta rölt í gegnum mannmergð á milli yfirfullra kaffihúsa. Þetta má greinilega sjá í erlendum umfjöllunum af þróuninni. Þá virðist líka skipta máli sterkari staða einstaklingsins í fámennum byggðarlögum samhliða bættum fjarskiptum og netsambandi.



Frá Bæjaralandi í Þýskalandi. Sveitirnar og minni bæir og þorp þykja sífellt eftirsóknarverðari hjá fólki sem leitar að alvöru lífsgæðum. Mynd / HKr.



Reutlingen er sögð eina borgin í Baden-Württemberg í Þýskalandi sem ekki hefur þurft að glíma við fólksfækkun.

### *Innviðir eru lykilatriði breytinga*

Til að flutningur fólks úr borgum í dreifbýlið geti virkað í flóknu nútíma neyslusamfélagi þurfa samt nokkur lykilatriði að vera til staðar þar sem „innviðir“ er samnefnarinn. Þar er m.a. um að ræða vegakerfi og aðra samgöngumöguleika, heilbrigðisþjónustu, aðgengi að tryggri orku allan sólarhringinn, fjarskipti um háhraðanet og helst með ljósleiðaratengingu og gott aðgengi að öruggri fæðu.

### *Framsæknir bændur hafa knúið fram ljósleiðaravæðingu Íslands*

Ef innviðauppbygging á að heppnast verða íbúar dreifbýlisins að vera með í ráðum. Áhugavert er hvað íslenskir bændur með Bændasamtök Íslands og búnaðarþing í fararbroddi hafa verið framsýn í að krefjast ljósleiðaravæðingar um allt land. Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður og formaður Bændasamtaka Íslands frá 2003 til 2013, hefur verið ötull talsmaður ljósleiðaravæðingar. Hann tók sæti á Alþingi 2013 og varð formaður í starfshópi 2014 sem lagði grunn að „Ísland ljóstengt“.

Haraldur lagði grunninn að hugmyndafræðinni við ljósleiðarvæðinguna sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár. Hann lagði þó áherslu á í samtali við Bændablaðið að eftirspurnin og áskorunin hafi átt uppruna sinn í starfi Bændasamtakanna og á búnaðarþingi.

### *Lítið fasteignaframboð, hátt húsnæðisverð og há húsaleiga hrekur fólk úr stórborgunum*

Samkvæmt úttekt Efnahagsstofnunar Þýskalands (Institut der deutschen Wirtschaft), þá var sókn inn í stórborgirnar á árunum frá 2003 til 2013, en þá fór dæmið að snúast við. Á árinu 2017 var orðin neikvæð íbúaþróun í 8 af 71 borg sem til skoðunar voru. Þessi þróun hefur verið að aukast hratt. Ástæðan er einkum lítið framboð af húsnæði í borgunum, hátt húsnæðisverð og hátt verð á húsaleigu. Fjölskyldufólk hefur í æ ríkari mæli verið að koma sér burt frá miðborgunum og jafnvel út í minni samfélög utan við stórborgirnar. Það er einkum ungt skólafólk sem enn laðast að miðborgarsvæðunum.

„Skortur á framboði íbúða, hækkandi leiga og fasteignaverð dregur úr miklum straumi fólks að stórborgunum að undanförnu. Höfuðborgarsvæðin eru áfram sérstaklega aðlaðandi fyrir námsmenn og ungt fagfólk. Fjölskyldur kjósa hins vegar í auknum mæli svæðið í kringum stórborgirnar. Í jafnvægi hafa fleiri íbúar dregið sig út úr stórborgunum síðan 2014 – og þróunin eykst,“ segir m.a. í skýrslu um rannsókn Efnahagsstofnunar Þýskalands sem fram fór á árinu 2019.

Yfirvöld í Baden-Württemberg tala á sömu nótum. Í fréttabréfi sem gefið var út í febrúar síðastliðinn er tekið undir hvert orð Efnahagsstofnunarinnar hér að framan og farið yfir niðurstöður rannsókna. Síðan segir:

„Að auki er þróunin að aftengja skrifstofustörf með föstum staðsetningum og sú þróun hefur vaxið á óvæntan hátt vegna heimsfaraldursins.“

Þá segir í fréttabréfinu að tilflutningar fólks í Þýskalandi hafi breyst verulega á undanförnum áratugum. Á áttunda og tíunda áratug síðustu aldar hafi verið mikill kraftur í mörgum dreifbýlissvæðum í jaðri stórborganna og talsvert meiri en í þéttbýlinu. Frá síðustu aldamótum hafi borgir og þéttbýl svæði í landinu aftur á móti orðið meira aðlaðandi fyrir nýliða, en hafi krafturinn í strjálbýlum svæðum minnkað. Skortur á framboði íbúða, hækkandi húsaleiga og fasteignaverð hafi síðan leitt til minnkandi aðstreymi til stórborganna á undanförnum árum.

# COVID-ástandið og bætt fjarskipti eru að gjörbreyta viðhorfi til búsetu

**Þróun búsetu er mjög hröð núna – það sé ég á fréttum sem ég hef fylgst með á fréttaveitum sem ég hef skoðað í nágrannalöndum okkar,“ segir Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður.**

„Fréttaveitum sem ég hef fylgst með síðan ég var formaður BÍ, og fjalla um dreifbýlið, getum við sagt. Að sama skapi hef ég í verkefni mínu Ísland ljóstengt, fylgst með hér á landi, hvernig skipt búseta hefur stóraukist. Það er aukaheimili í dreifbýlinu. En líka undanfarið ár þar sem aðalheimilið er í sveit – og íbúðin í þéttbýlinu orðin aukabúseta.



Haraldur Benediktsson.

### *Breytt landslag vegna COVID-19 faraldursins*

„Strax í upphafi COVID faraldursins bar mikið á því að fólk flutti aðsetur sitt í ljósleiðaratengd frístundahús sín. Þannig þekki ég til að sveitarfélög hafa aukið þjónustu sína við slík hverfi, einmitt vegna fastrar búsetu þar. Þá er eftirspurn eftir húsnæði í sveitum, og fyrsta spurning er hvernig fjarskipti séu. Það er samdóma álit þeirra sem ég ræði við í tengslum við ljósleiðaraverkefnið að búsetumynstur er að breytast. Sem aftur birtist í aukinni netverslun og svo framvegis. Hef séð í rannsókn að netverslun úr dreifbýli jókst um 35% á síðasta ári.“

### *Um 40% heimila í dreifbýli í ESB ljósleiðaratengd, en brátt 99,9% á Íslandi*

„Sömu sögu má lesa í umræðu í öðrum löndum. Nýleg samantekt um tengingar innan landa ESB segir að 40% heimila í dreifbýli höfðu aðgengi að háhraðatengingu en 76% heimila í þéttbýli. Það er ekki alveg einfalt að átta sig samt á útbreiðslu ljósleiðara – því skilgreining á háhraðatengingu er önnur en hvort tengt er með ljósleiðara. Þannig að samanburður við Ísland er ekki alveg nákvæmur. En hér á landi erum við að ná 99,9% tengingu með ljósleiðara í dreifbýli.”

### *Fyrirspurnir frá Norðurlöndunum og Þýskalandi*

„Ég hef fengið mjög margar fyrirspurnir, frá fyrrum kollegum mínum á Norðurlöndum í forustu bænda, um íslenska verkefnið. Hef miðlað af okkar reynslu. Veit til að mynda að byggt var í einu sveitarfélagi í Noregi, með hugmyndafræði Ísland ljóstengt. Þá stóð til að ég færi í fyrravor til Þýskalands að kynna verkefnið – en COVID-ástandið stoppaði það. En hef í staðinn tekið fjarfundi vegna þess. Þannig að víða vekur það athygli og horft er til þess.

Veruleikinn er að mjög víða er ástand fjarskipta mjög dapurt í dreifbýli og eftirspurn eftir úrbótum gríðarlega mikil.“

### *COVID-19 og bætt fjarskipti eru að gjörbreyta viðhorfi fólks*

„Ég er ekki í vafa að COVID ástandið og bætt fjarskipti eru að gjörbreyta viðhorfi til búsetu í dreifbýlinu. Hvort heldur er til þess að vinna og starfa yfir netið – og bæta búsetuskilyrði eins og verslun og viðskipti óháð búsetu. Ég þekki til hundruð starfa sem hafa verið flutt í íslenskar sveitir eftir að tengingar bötnuðu. Ísland á að taka forustu í að leiða umræðu um þessa þróun og láta sig hana varða. Við erum líklega fyrsta landið í heiminum sem gengur jafn hraustlega til verks.

Að sama skapi hafa úrbætur í aðgengi að góðum og traustum tengingum við raforkukerfi skipt þar grundvallarmáli. Með aukinni jarðstrengjavæðingu er afhending raforku orðin mun traustari. En það er þróun sem er eldri en fjarskiptaátakið – en hefur nú verið settur aukakraftur í það í kjölfar óveðurs á Norðurlandi vestra um þarsíðustu áramót.

Þetta er þróun sem sveitarfélög verða að láta sig varða í sínum áætlunum um þróun byggðar. Það verður að vera rými og skilningur á að búsetuform er að breytast og mögulega erum við að sjá allt annað byggðamynstur á næstu árum. Bæði verða núverandi frístundabyggðir að íbúðahverfum og eftirspurn eftir að byggja hús utan slíkra svæða.

Ég bendi til að mynda á áætlun þeirra Húsafellsbænda að byggja 75 heilsárshús til viðvarandi eða aukabúsetu. Það er aðeins byrjunin á þeirri þróun sem ég trúi að verði. Það eru hús sem eru af stærð og gerð þannig að þau munu verða aðsetur fólks sem vill búa í tengslum við víðáttu og náttúruna. Ljósleiðarinn er að breyta íslenskum sveitum.“

### *Dropinn holar steininn*

„Ég minnist að búnaðarþing lét sig varða skiptabúsetu og skráningu lögheimila hér á árunum 2005–2010. Ég átti sjálfur tillögur að þessum búnaðarþingsmálum. Þá var afar lítill skilningur á hvað við værum að segja að gæti orðið þróun mála. En þetta er sannarlega allt að koma fram.

Ég skora á Bændasamtökin að leiða áfram þessa umræðu og láta sig hana varða.

Fátt eflir byggð í íslenskum sveitum meira og betur en örugg og afkastamikil fjarskipti og gott dreifikerfi raforku. Nú erum við til að mynda að ná á þessu ári áfanga í að jafna dreifikostnað raforku á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er áfangi – en í raun þarf algjöran uppskurð á kerfi verðlagningar á dreifingu raforku og þeim fyrirtækjum sem starfa á því sviði. Það á ekki að vera munur á hvar þú býrð á Íslandi í aðgengi að raforku og kostnaði vegna þess. Það er grundvallar lýðræðismál,“ segir Haraldur Benediktsson. /HKr.

Höfuðborgarsvæðin þyki þó áfram aðlaðandi fyrir námsmenn og ungt fagfólk enda séu menntastofnanirnar með aðsetur þar. Þannig hafi hlutfall skólafólks í helstu borgum Baden-Württemberg aukist úr 7% frá árinu 2000 í 11% á árinu 2013. Þetta hlutfall hafi síðan verið nær óbreytt, en rannsókn Efnahagsstofnunarinnar sýni að uppistaðan í aðflutningi fólks til borganna á undanförnum árum sé fólk af erlendum uppruna (ekki innfæddir Þjóðverjar), ekki síst í borgum í Suðvestur-Þýskalandi.

Á árunum 2017 til 2019 var mestur brottflutningur fólks frá Stuttgart og Freiburg og íbúum fækkaði. Eina borgin í Baden-Württemberg sem ekki bjó þá við fólksfækkun var Reutlingen, sem er nú með um 116 þúsund íbúa.

*Flóttamenn sækja í stórborgirnar en heimamenn flytja á brott*

Mat Efnahagsstofnunarinnar er byggt á rannsókn á 71 þéttbýlissvæði í borgum sem voru með fleiri en 100.000 íbúa og 330 landsvæðum í Þýskalandi. Að auki voru tekin sérstaklega fyrir Hanover svæðið og borgarsvæði Aachen sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Stofnunin vekur athygli á því að Þjóðverjar hafi í vaxandi mæli reitt sig á menntað erlent vinnuafl. Meirihluti þessa vinnuafls sækist ekki lengur eftir búsetu í stórborgunum, eða 57%. Þá sé þetta fólk almennt að sækjast eftir minna húsnæði en Þjóðverjar. Meðalstærð íbúða í Þýskalandi á árinu 2016 var 48,4 fermetrar á hvern innfæddan, en 32,9 fermetrar á hvern innfluttan íbúa. Þá bendir stofnunin á annan vanda, sem er aukinn innflutningur á hælisleitendum. Þeir voru um 20% af öllum innflytjendum í Þýskalandi 2018. Þeir sæki einkum til stórborganna en í staðinn séu „venjulegir Þjóðverjar“ að flýja borgirnar. Einungis 14 borgir í Þýskalandi búi við fjölgun innfæddra Þjóðverja, á meðan innfæddum hafi verið að fækka í sjö stærstu borgunum. Segir stofnunin að þessi þróun hafi vaxið hratt á undanförnum árum.

*Hámarks íbúafjölda talið náð í Þýskalandi á þessu ári*

Þetta er mjög athyglisverð þróun séð horft til þess að samkvæmt spám mun íbúafjöldi í Þýskalandi ná hámarki á þessu ári (2021) í 83,9 milljónum. Hann var 83.869.063 þann 4. febrúar síðastliðinn. Eftir það fari íbúum Þýskalands ört fækkandi og verði komnir undir 80 milljónir árið 2050 og muni líklega ná einhverju jafnvægi í um 75 milljónum árið 2085. Í febrúar síðastliðnum létust 484 fleiri á dag en fæddust í Þýskalandi og það var einungis innflutningur fólks upp á 833 einstaklinga sem hélt uppi íbúaaukningu upp á 349 manns á dag í þeim mánuði.

*Innviðauppbygging og einkum góðar nettengingar skipta höfuðmáli*

Það sem hefur mikil áhrif á þessa þróun er uppbygging innviða utan stórborganna og þar virðist háhraða- tölvunettengingar skipta mestu máli. Þar virðist Þýskaland samt ekki eins vel statt og t.d. Ísland, enda telur Efnahagsstofnun Þýskalands að leggja þurfi aukna áherslu á uppbyggingu innviða í dreifbýlinu. Þá hefur góð reynsla af fjarvinnu fólks í heimsfaraldri COVID-19 ýtt enn frekar undir þessa þróun.

*Ljósleiðaralagning í hröðum vexti*

Rannsóknir Research And Markets sýna að lagning ljósleiðara er lykilþáttur í áframhaldandi þróun efnahagslífs um allan heim. Lagning ljósleiðara hefur aukist hröðum skrefum og markaður með slíka strengi var um 37,95 milljarðar dollara árið 2019. Síðan hefur verið gert ráð fyrir myndarlegum árlegum vexti á þessum markaði og að veltan muni nema um 87,58 milljörðum dollara á árinu 2023.

*Íslendingar flestum þjóðum heims fremri í ljósleiðaravæðingu*

Á Íslandi eru nærri 99,9% heimila í dreifbýli að verða komin með ljósleiðaratengingu á meðan 40% heimila í dreifbýli í ESB löndunum eru með slíka tengingu.

*Bandaríkjamenn langt á eftir í ljósleiðaravæðingunni*

Í Bandaríkjunum virðist staðan mun verri og Bandaríkjamenn miklir eftirbátar Íslendinga hvað þetta varðar. Þar er enn að langmestu leyti stuðst við tengingar um koparþræði eða örbylgjusamband en ljósleiðaratengingar eiga þar langt í land.

Samkvæmt gögnum sem byggja á tölum FCC og NTIA á árinu 2020 er meðaltal ljósleiðaratenginga í 52 ríkjum Bandaríkjanna samtals 23,78%. Verst er staðan í Púertó Ríkó, eða 0,47%, en langbest á Rhode Island, eða 97,88%. Víðast hvar er staðan slæm og sem dæmi er næstbesta staðan í New Jersey ríki, eða 62,57% og í New York ríki, eða 61,54% (63,5% í heild ná þar breiðbandstengingu). Kalifornía, sem státar nú af menningu á háu stigi, er aðeins með 15,68% ljósleiðaravæðingu og Washington ríki með 29,84%. Á Flórída nær ljósleiðari aðeins til 39,37%, eða til rúmlega 7,8 milljóna manna, og á eyríkinu Havaí er ljósleiðaravæðingin aðeins 6,91% og nær til rúmlega 98 þúsunda íbúa. Í Alaska er staðan afar slæm og ljósleiðaravæðingin aðeins 1,94% og nær til rúmlega 14 þúsund íbúa. Hins vegar ná breiðbandstengingar í heild til 60,8% íbúa Alaska og í gegnum aðrar leiðir en ljósleiðara og þá einkum næst landamærunum að Kanada. Mjög stór hluti Alaska er án allra nettenginga.

*Kanada aftarlega á merinni*

Kanada er í 21. sæti þeirra þjóða sem hafa internetsamband. Þar ná um 89,8% íbúanna netsambandi, en aðeins lítill hluti þeirra er með ljósleiðaratengingu. Flest netþjónustufyrirtækin bjóða upp á afar lítinn gagnaflutningshraða, eða 5, 10, 15 og upp í 50 megabita á sekúndu, og örfá fyrirtæki bjóða upp að 100 megabita hraða á sekúndu eða meira, eða 12, af mörgum tugum fyrirtækja sem segjast bjóða upp á „bestu ljósleiðaralausnirnar“.



Ljósleiðaravæðingin er lykillinn að því að fólk telji mögulegt að flytja brott úr þéttbýlinu án þess að glata samskiptamöguleikum m.a. vegna vinnu.



Mannmergð stórborganna er hætt að þykja sérlega eftirsóknarverð.




Hin tæknivæddu Bandaríki Norður-Ameríku hafa greinilega ekki getað haldið í við tækniþróunina í fjarskipatgeiranum með háhraðatengingum um ljósleiðara. Þau eru þar t.d. langt á eftir Íslandi.

*Sama þróun í Bandaríkjunum um flótta úr stórborgunum*

Þýskaland er ekkert einsdæmi um flótta fólks frá stórborgunum. Sömu sögu er að segja frá Bandaríkjunum. Fjöldi umfjallana hefur verið um þessi mál í Bandaríkjunum þar sem m.a. hefur verið velt upp spurningunni um hvers vegna fólk sé að flýja stórborgirnar. CNN-Business ræddi m.a. við innfæddan New York-búa sem hafði búið alla sína tíð í stórborginni. Þar hafði fasteignaverð verið að rjúka upp úr öllu valdi, eða um allt að 60%, bæði á Manhattansvæðinu sem og í einbýli í útjaðri borgarinnar.

Einn daginn datt honum og konu hans í hug að flytja á brott frá stórborginni og kaupa hús á Boca Raton í Flórída. Hann sagði að þetta hafi sannarlega ekki verið léttvæg ákvörðun og að þurfa að sjá eftir öllum uppáhaldsstöðunum í New York, eins og Central Park.

„Þegar COVID skall á vissum við að við vildum ekki vera lengur í borginni. Mesti drifkrafturinn í ákvörðun okkar var að geta haldið áfram að njóta frelsis og lífsgæða á viðráðanlegu verði. […] Hugsun okkar snerist um hvar við gætum fengið mestu lífsgæðin fyrir okkar fjölskyldu.“

Á Flórída búa þau í þrisvar sinnum stærra húsnæði en í New York með sundlaug og tennisvöll í næsta nágrenni.

CNN ræddi við annað ungt par frá Boston, Aterah og Morgan Dix. Þau vildu stækka við sig, en leist ekki á hátt fasteignaverð í borginni. Þau ákváðu því að kaupa hús í Longmont með þrem svefnherbergjum og fallegu fjallaútsýni. – „Við elskum, elskum elskum þetta,“ sagði Dix.

Samstarfsfólkið, Tanya Hayre og Eva Synalovski, bjuggu í leiguhúsnæði New York og fluttu hvor í sína íbúðina á Fort Lauderdale á Flórída þar sem leiguverð er mun lægra. Þær hafa alls ekki áhuga á að flytja aftur til New York.

CNN heldur áfram að telja upp fjölmörg dæmi þar sem hátt fasteignaverð í stórborginni er að hrekja einstaklinga og venjulegt fjölskyldufólk á brott. – Ætli Íslendingar séu farnir að kannast eitthvað við svipað ástand?

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

UTAN ÚR HEIMI

# Endingarmiklar og öflugar fastkjarnarafhlöður sagðar vera rétt handan við hornið

## – Toyota hyggst kynna jeppling með fastkjarnarafhlöðu og hefja fjöldaframleiðslu 2023 og VW árið 2025

**Einn stærsti gallinn við lithium-ion bílarafhlöður og aðrar rafhlöður sömu gerðar er að í þeim er seigfljótandi vökvi sem við hraða hleðslu og afhleðslu getur hitnað mjög hratt og valdið íkveikju. Mjög erfitt er að slökkva í slíkum rafhlöðum ef í þeim kviknar. Því hafa vísindamenn reynt frá því um 1950 að finna leiðir til að búa til það sem kalla má fastkjarna-rafhlöður eða „solid-state“ rafhlöður og enn er beðið eftir alvöru lausn á málinu.**



Milljarðar dollara hafa verið lagðir í þróun á fastkjarnarafhlöðum á undanförnum árum. Nú telur Toyota, líkt og VW samsteypan, að takmarkinu sé alveg að verða náð. Fastkjarnarafhlaða í venjulegan fjölskyldubíl hefði kostað í framleiðslu árið 2012 heila 12,6 milljarða króna. Nú telja fyrirtækin að framleiðslukostnaðurinn sé kominn niður í ásættanlegt verð. Þá á að vera hægt að fullhlaða slíkar rafhlöður á 10–15 mínútum og eiga fastkjarnarafhlöður að endast í líklega 20 ár eða meira. Hægt á að aka á rafhleðslu þeirra minnst tvöfalt lengri vegalengd en nú er hægt með Lithium-Ion rafhlöðum. Þær innihalda heldur ekki nærri eins mikið af eitruðum þungmálmum að sagt er og tiltölulega lítil hætta er á að í þeim kvikni að sjálfsdáðum.

Í desember á síðasta ári sagðist bílaframleiðandinn Toyota vera að koma með lausn í rafhlöðumálunum sem leyst gæti núverandi Lithium-Ion rafhlöður af hólmi. Það ekki bara fyrir bíla, heldur fyrir öll iðnaðartæki. Þær áttu að vera með föstum kjarna og þola mjög hraða hleðslu, eða frá 0-100% á 10 mínútum. Kostur fastkjarnarafhlaða er að þær eiga fræðilega að geta geymt mun meiri orku á stærðareiningu en Lithum-Ion rafhlöðurnar, eða 2 til 8 sinnum meiri orku. Þá er hitinn sem skapast við hleðslu á slíkum rafhlöðum sagður 70-80% minni. Þá eru fastkjarnarafhlöðurnar sagðar innihalda mun minna af eiturefnum en núverandi bílarafhlöður og hafa mun lengri endingartíma.

### *Toyota kynnir framtíðarlausn með nýjum jepplingi*

Þessar rafhlöður voru sagðar koma fram á sjónarsviðið í frumgerð jepplings Toyota (e-TNGA platform) nú í byrjun árs 2021. Talað er um að framleiðsla á slíkum bíl ætti að geta hafist á árunum 2023 til 2024. Ef þetta er rétt, þá væri trúlega vel þess virði hjá þeim sem hyggjast festa kaup á rafbílum nú að bíða með slíka ákvörðun í tvö til þrjú ár.

Toyota hefur, samkvæmt umfjöllun Omaze, unnið að rannsóknum á fastkjarnarafhlöðum síðan 2012 eiga yfir 1.000 einkaleyfi er varða smíði á slíkum rafhlöðum. Það hefur líka hjálpað Toyota og örðum tæknifyrirtækjum að japönsk yfirvöld hafa lagt 19 milljarða dollara í þróun á vetnistækni og þróun á fastkjarnarafhlöðum.

Þegar er byrjað að byggja nauðsynlega innviði til framleiðslu á fastkjarnarafhlöðum Toyota. Þar mun fyrir tækið Mitsui Kinzoku sjá um framleiðslu á efnalausninni í rafhlöðurnar og mun framleiða tugi tonna af þeirri efnablöndu á ári frá og með næsta ári.

### *Árið 2012 hefði fastkjarnabílarfahlaða kostað 12,6 milljarða stykkið*

Allt hljómar þetta dásamlega, en það fylgir böggull þessu skammrifi. Framleiðslukostnaður á fatskjarnarafhlöðum er sagður gríðarlegur. Árið 2012 kostaði 100.000 dollara að framleiða eitt 20 amper-stunda fastkjarna-batterí. Rafmagnsbíll myndi þurfa einingu sem samsett væri úr 1.000 slíkum rafhlöðum. Sem sagt, miðað við kostnaðinn árið 2012 myndi slíkt stykki af slíkri rafhlöðu kosta 100 milljónir dollara, eða sem nemur um 12,6 milljörðum íslenskra króna. Dýr yrði þá druslan öll með fjórum hjólum. Greinilegt er að Toyota hefur tekist að yfirvinna þennan kostnaðarþátt fyrst nú er stefnt á fjöldaframleiðslu á næstu þrem árum eða svo.



Ef ævintýrið með fastkjarnarafhlöður gengur upp með hraðvirkari hleðslu, mun meiri endingu og drægni, er nokkuð ljóst að bílar með núverandi rafhlöðubúnaði verða fljótt verðlitlir á eftirmarkaði.

Annar galli við fastkjarnarafhlöður líkt og Lithium-Ion rafhlöður er orkufall í miklum kulda. Eins hefur verið vandað við endingu. Ef Toyota hyggst fara í framleiðslu á fastkjarnarafhlöðum, þá má telja líklegt að búið sé að yfirvinna þessa galla, að öðrum kosti mætti búast við endalausum lögsóknum óánægðra kaupenda.

Þriðji vandinn er kristallamyndun á anóðum við hleðslu og afhleðslu í hefðbundnum rafhlöðum. Slík kristallamyndun eyðileggur rafhlöðurnar með tímanum. Vísindamenn hafa þó unnið að lausn á þessum vanda síðan 2018.

### *Volkswagen stefnir á framleiðslu fastkjarnarafhlaða 2025*

Tveir aðrir bílaframleiðendur hafa lýst því yfir að þeir hyggjast nota fastkjarnarafhlöður í framtíðinni í sína bíla. Það eru Tesla og Volkswagen Group. Volkswagen segist ætla að hefja slíka framleiðslu 2025 í samstarfi við fyrirtækið QuantumScape. Síðastnefnda fyrirtækið segist þegar hafa yfirunnið öll helstu vandamál sem fylgt hafa framleiðslu á fastkjarnarafhlöðum. Reyndar hefur QuantumScape þegar sannað sitt mál með rafhlöðu sem hægt er að hlaða upp í 80% orkugetu á 15 mínútum. Fyrirtækið er búið að eyða 10 árum og 300 milljónum dollara í rannsóknir og þróunarvinnu vegna þessa. Þá endist rafhlaðan nærri þrefalt lengur en Lithium-Iona rafhlaða og dugar í allt að 800 hleðslur í stað ca 280. Örkuþéttni QuantumScape rafhlöðunnar er sögð um tvöföld á við bestu Lithium-Ion rafhlöðurnar. */HKr.*






LÍF & STARF



Skagaströnd. Mynd / HKr.

## Skagaströnd tekur við eignum FISK-Seafood:

# Fyrrum rækju- og síldarvinnslum fundið nýtt hlutverk

**Sveitarfélagið Skagaströnd hefur tekið við eignum sem áður voru í eigu FISK-Seafood, en um er að ræða iðnaðarhúsnæði sem áður hýsti rækjuvinnslu, síldarverksmiðju ásamt skrifstofuhúsnæði þar sem nú er starfrækt Greiðslustofa Vinnumálastofnunar og skrifstofa sveitarfélagsins.**

Með breytingu á eignarhaldi húsanna skapast færi á því fyrir sveitarfélagið að vinna að uppbyggingu og styrkja innviði auk þess að hlúa að mikilvægri starfsemi sem þegar er fyrir hendi á Skagaströnd.

### *Bæta aðbúnað á skrifstofu Greiðslustofu*

Fyrsta verkefnið sem er á teikniborði sveitarfélagsins er að bæta aðbúnað starfsmanna Greiðslustofu Vinnumálastofnunar á Skagaströnd, en þeir eru 26 talsins. Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að tillögu vegna breytinga á húsnæðinu sem m.a. miðar að því að mæta þörfum vaxandi vinnustaðar þar sem sífellt hefur bæst við starfsmannafjöldann undanfarna mánuði.

Breytingar taka einnig mið af því að skapa aðstöðu fyrir störf án staðsetningar og fyrir aðra opinbera starfsemi skapist tækifæri til slíkrar uppbyggingar. Þá er einnig hugað að því að bæta aðstöðu starfsmanna á skrifstofu sveitarfélagsins sem er í sama húsi.

Fram kemur á vefsíðu Skagastrandar að unnið sé að því að finna rækjuvinnslu og síldarverksmiðjunni hlutverk og verður áfram unnið að því verkefni. Fisk-Seafood er með leigusamning á gömlu síldarverksmiðjunni fram í maí árið 2024. */MÞÞ*

LÍF & STARF



Áskell Þórisson og Laufey Dóra, dóttir hans, við fyrstu þrjá kjólana. Mynd / Eygló Gunnarsdóttir.

# Íslensk náttúra á íslenskum kjólum

**Áskell Þórisson, fyrrum ritstjóri Bændablaðsins og upplýsingafulltrúi Landgræðslunnar, er mikill unnandi íslenskrar náttúru og skoðar hana grannt í gegnum myndavélaraugað. Myndir hans þekkja margir og nú hafa þær fengið alveg nýjan tilgang sem mynstur á kjólaefni.**

Áskell segist hafa fengið Eygló Gunnarsdóttur, kennara og saumakonu á Akranesi, til að sauma fyrir sig kjóla úr þessu myndarlega kjólaefni á dóttur sína, Laufeyju Dóru. Hún hefur einmitt stutt við bakið á föður sínum í þessu kjólabrasi.

„Á þessum myndum má m.a. sjá jurtir og loftbólur í gegnum ís hjá Skarðsheiði, klaka hjá Berjadalsá og mig minnir að kjóllinn með blómunum eigi rætur á Hellisheiði. Ég þarf að athuga það betur. Sumsé, íslensk náttúra á íslenskum kjólum! Allt er þetta gert á eins umhverfisvænan hátt og er mögulegt

Enn um sinn höfum við orðið að láta prenta þetta á efni í Bretlandi en ég fann enga prentsmiðju með réttar græjur og umhverfisvæn kjólaefni á Íslandi. Þess skal getið að Uppbyggingarsjóður Vesturlands stóð þétt við bakið á okkur við hönnun og framleiðslu. Án hjálpar sjóðsins hefðum við aldrei lagt út á hin hálu tískusvell, en það er ungur fatahönnuður, Sunna Dís Hjörleifsdóttir, sem á heiðurinn af sniðunum,“ segir Áskell. */HKr.*

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
**Reykjavík:** Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Husqvarna HÁ VERSLUN
Ágætu viðskiptavinir
HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi.
Fáðu verðtilboð hjá okkur í steinsagir, kjarnabora, keðjusagir, sláttuvélar og fleira frá Husqvarna Construction og Husqvarna Forest and Garden.
HÁ Verslun ehf. • Víkurhvarfi 4 • 203 Kópavogi
Sími: 588-0028 & 897-3650
Netfang: haverslun@haverslun.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

SÆKTU



LÝÐSKÓLINN
NÚNA
UM
Á
FLATEYRI
OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2021–2022. NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á WWW.LYDFLAT.IS




Nú á allt að seljast. Eigum þessar lengdir á lager.
Litað bárujárn
Þykkt: 0,60 mm
Breidd: 1045 mm
Klæðir: 988 mm
3.600 kr m² m/vsk.
**40% afsláttur meðan birgðir endast**
**2.160 kr m² m/vsk**




**RAL 8012 Dumbrautt**
Lengd: 6.700 mm
Lengd: 6.940 mm
**RAL 9005 Svart**
Lengd: 4.800 mm
Plata = 6,7 * 0,988 = 6,62 m2
Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.
STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

LÍF & STARF

### 1000 ára sveitaþorp í Þykkvabænum:

# Þróar KindaKol úr sauðataði til notkunar í landgræðslu, landbúnaði og stóriðju

**Stofnandi fyrirtækisins 1000 ára sveitaþorps heitir Ársæll Markússon. Hann er Þykkbæingur að uppruna, býr þar og rekur frumkvöðlafyrirtæki sitt. Á teikniborðinu nú er að framleiða svokölluð KindaKol með margvíslega notkunarmöguleika, þar sem aðalhráefnið er sauðatað og annar vannýttur lífrænn úrgangur. Hann kynnti verkefni sitt formlega á lokadegi viðskiptahraðalsins Startup Orkídea 19. mars ásamt samstarfsmanni sínum, Davíð Alexander Östergaard, þar sem þeir voru meðal þátttakenda.**

Hugmyndin með Kindakolunum er að finna farveg fyrir hið mikla magn af sauðataði sem fellur til árlega og er ekki nýtt af bændum. Í fyrsta fasa verkefnisins verður athyglin sett á að búa til lífrænan áburð – þróa vöru til landgræðslu og í öðrum fasa áburðarvöru fyrir landbúnað. Í þriðja fasa er svo stefnt að því að þróa vistvæn iðnaðarkol sem gætu að einhverju leyti leyst af hólmi hefðbundin kol sem notuð eru til að mynda í starfsemi stóriðjuvera.



Ársæll Markússon, Þykkbæingur og frumkvöðull. Mynd / Orkídea Startup

### *Skræður og kartöflur*

Fyrsta verkefni 1000 ára sveitaþorps var hins vegar að þróa matvöru árið 2017 sem fékk heitið Skræður; sem er þurrkað hrossakjöt, kjötnasl, og byggir á aldagamalli hefð úr Þykkvabænum. Ársæll hefur hins vegar fært matvöruna til nútímans með hliðsjón af aðferðum og kryddjurtum úr öðrum matarmenningarheimum. Hann framleiðir tvær tegundir af Skræðum í dag. „Þetta var allt saman unnið í samstarfi við Samband sunnlenskra sveitarfélaga; ég fékk styrk frá þeim til að hanna umbúðir, vefsíðu, gera prófanir á innihaldsefnum og svo framvegis. Vöruþróun í stuttu máli,“ segir Ársæll.

„Meðan ég var að vinna í Skræðugerð var ég dálítið að hlusta á samræður í samfélaginu og fékk það á tilfinninguna að fólk væri að leitast eftir umhverfisvænum lausnum, minna plasti og minni sóun.

Og ég spurði sjálfan mig, hvað hef ég aðgang að í nærumhverfi mínu sem ég gæti nýtt mér í því að prófa slíkar lausnir? Kartöflur var svarið og því fór ég að skoða umhverfisvænar umbúðir og hvort það væri gerlegt fyrir mig að pakka kartöflum í umhverfisvænar umbúðir. Svarið var já.“




Sérvaldar kartöflur í vistvænum umbúðum úr Þykkvabænum.

### *Smælki fyrir hinn venjulega neytanda*

Þannig hófst pökkun og framleiðsla 1000 ára sveitaþorps á kartöflum í umhverfisvænum umbúðum, en þær höfðu þá sérstöðu að í stærstu pakkningunum var eingöngu pakkað smælki, eða smáum kartöflum, fyrir veitingastaði sem hugsuðu um umhverfismálin. „Þannig að ég fór í að hanna umbúðir fyrir þetta árið 2018, síðan hefur úrvalið aukist jafnt og þétt. Ég byrjaði á að pakka eingöngu í tveggja kílóa umbúðum, en árið 2019 bætti ég eins kílóa pokningum við og svo 10 kílóum, sem voru sérstakar að því leyti að í þeim var bara smælki og pakkningarnar sérstaklega markaðssettar fyrir veitingastaði, mötuneyti og hótel, sem væru meðvituð um sóun og umhverfið.

En svo kom COVID-19 og engin sala varð á 10 kílóa pokunum eða smælkinu. Því tók ég upp á því að hanna nýjar umbúðir hugsaðar fyrir hinn venjulega neytanda á Íslandi; 600 gramma öskjur með smælki, lítil og þægileg stærð fyrir tvo til þrjá einstaklinga. Tveggja kílóa og 600 gramma vörurnar mínar er að finna í verslunum Krónunnar og öðrum minni verslunum á landinu.“



Stefnt verður að því að KindaKolin verði tilbúin til kynningar að ári liðnu.

### *Kindakolin verið hugarfóstur frá 2019*

„Svo vegna farsóttarinnar þá fann ég tíma til að vinna í Kindakolshugmyndinni – sem hefur verið hugarfóstur mitt síðan 2019,“ segir Ársæll um bakgrunn hugmyndarinnar. Hann er verkefnisstjóri yfir verkefninu en með honum í hugmyndavinnunni og yfirmaður rannsókna er Davíð Alexander Östergaard.

„Það verður mjög erfitt að ná metnaðarfullum markmiðum mótvægisaðgerða vegna loftslagsbreytinga án stórfelldrar minnkunar á kolefnisnotkun. Hingað til hefur lífrænn úrgangur verið urðaður, notaður sem áburður eða einfaldlega látinn renna út í sjó. En frá og með árinu 2023 verður bannað að urða lífbrjótanlegan úrgang hér á landi, samkvæmt lagafrumvarpi frá Alþingi. Það er því þörf á nýjum ferlum til að takast á við lífræn úrgangsefni á Íslandi.

Til að hjálpa til að ná þessu vistvæna og sjálfbæra markmiði viljum við styðja við þróun á hátæknilausnum í bland við hreina orku á Íslandi. Kindakol er sjálfbær orka og áburður sem dregur úr losun gróðurhúsaloftegunda,“ segir Ársæll.

### *Framleiðsluferlið byggir á kolefnisvatnshitun*

Ársæll lýsir framleiðsluferlinu þannig að notast sé við svokallaða „kolefnisvatnshitun“ [e. hydrothermal carbonization], sem sé hröðun á náttúrulegri myndun kols. „Þetta eru efnahvörf sem umbreyta lífmassa í tvær afurðir: kol og köfnunarefnisvatn. Kolefnisvatnshitunarver er svo fært um að meðhöndla lífrænan úrgang og breyta honum í vistvæn kol, áburð og lífeldsneyti til frekari notkunar í hagkerfinu. Þau byggja á sjálfbærri tækni sem stuðlar





Skræður er þurrkað hrossakjöt, byggt á matarhefð úr Þykkvabænum.

að hringrásarhagkerfi og eru aðlöguð að því magni úrgangs sem er í boði.

Þó að ferlið sjálft á bak við kolefnisvatnshitun hafi verið þekkt í 100 ár þá hefur það ekki verið notað í iðnaðartilgangi nema síðustu 20 árin.

Áburðurinn verður til við vinnsluna en hráefnið sem verður notað breytist annars vegar í þurrefni, sem inniheldur að megninu til hreint kolefni, og hins vegar að vatni sem inniheldur meðal annars steinefni, sykrur og lífrænar sýrur. Þau efni sem eru í hvað ríkustum mæli í frávatninu eru nitur, fosfór og kalíum – og líkt og með annan tilbúinn áburð verða þau uppistaðan í áburðinum sem KindaKol kemur til með að framleiða.

Kindakolin sjálf, það er þurrefnið sem verður til, virka einnig vel í landbúnaðartilgangi en rannsóknir hafa bent til þess að þau auki bæði frjósemi og vöxt plantna. Svo eru að sjálfsögðu miklir kostir fólgnir í því hversu mikið kolefni binst í jarðveginum ásamt því að stór yfirborðsflötur lífkola gerir það að verkum að þau geta haldið miklu vatni sem stuðlar að rakari jarðvegi. Slíkur jarðvegur losar betur næringarefni sem hafa safnast upp í þurrkum.“

### *Hvað verður um úrganginn okkar?*

„Stöðugt er verið að þróa og betrumbæta vinnsluferlana og möguleikar þess eru margir, eins og til dæmis þróun áburðar fyrir landbúnað og landgræðslu, nýtist sem orka fyrir kísilver, lífeldsneyti, snyrtivörur og annars konar nýsköpun með mögulegum útflutningi.

Í lífrænum úrgangi má finna mörg tækifæri til grænnar atvinnusköpunar. En líka möguleika til að binda koltvísýring og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Það eru kynslóðirnar í dag sem ákveða með aðgerðum eða aðgerðarleysi hvað verður gert við úrganginn okkar – og það mun hafa áhrif á loftslag og umhverfi komandi kynslóða,“ segir Ársæll.

Hann bætir við að verkefnið sé nú statt þannig í þróunarferlinu að verið sé að þróa frumgerð af Kindakolunum, með rannsóknum og söfnun gagna. Hann vonast til að hægt verði að kynna vöruna að ári liðnu. /smh





















## Svínaræktin á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum árum:

# Salan aldrei meiri en afkoman lök

## – Formaður Félags svínabænda telur að greinin muni þó vaxa og dafna í framtíðinni

**Samkvæmt tölum úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um framleiðslu og sölu á kjöti á síðasta ári, seldist svínakjöt meira en kindakjöt frá afurðastöðvum – en það er fyrsta skipti sem slíkt gerist. Enn er alifuglakjöt afgerandi mest selda tegundin á Íslandi þótt salan hafi dregist saman um 7,7 prósent á síðasta ári frá 2019. Svínakjötssala jókst um 4,4 prósent frá 2019 og er í raun eina kjöttegundin þar sem sala eykst. Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda, telur að greinin eigi enn nokkuð inni og segir þróunina hér vera í takti við nágrannaþjóðir okkar.**



Ingvi Stefánsson, svínabóndi á Teigi og formaður Félags svínabænda, hér á Búnaðarþingi 2021. Mynd / HKr.

Svínaræktin á Íslandi hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum árum; mikil hagræðing hefur orðið með gríðarlegri fækkun búa frá 1990 og árið 2014 tóku gildi reglur um hertar aðbúnaðarkröfur á svínabúum sem svínabændur hafa unnið að á undanförnum árum með tilheyrandi breytingum á húsakosti. Ímynd greinarinnar skaddaðist um tíma eftir útkomu eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar í mars 2015 sem afhjúpaði slæman aðbúnað á gyltubúum í einhverjum tilvikum.

### *Mikið og gott átak í aðbúnaðarmálum*

„Ég er ekki dómbær á það hvaða augum neytendur líta okkur í dag en get þó fullyrt að mikið og gott átak hefur verið unnið bæði í aðbúnaðarmálum og velferðarmálum inni á búunum, eftirlitsskýrslur Matvælastofnunar hafa einnig sýnt það. Þannig tel ég greinina standa mun sterkari á eftir," segir Ingvi, spurður um hvernig svínabændur hafi komist frá þessari neikvæðu umræðu.

Hann segir að veigamestu aðbúnaðarbreytingarnar snúist um lausagöngu gyltna og stærri stíur. „Ég vil leyfa mér að segja að þetta séu lang umfangsmestu breytingar sem greinin hefur nokkurn tíma staðið frammi fyrir. Til að setja þetta í samhengi hef ég stundum sagt að þetta væri svipað og að útgerðinni yrði gert að fjáfesta fyrir ríflega ársveltu og eftir þær breytingar myndu afköstin minnka um 30 prósent, bara svona til að gefa einhverja innsýn inn í stærðirnar. Greinin hefur frest að hámarki út árið 2024 til að taka upp lausagöngu í gotstíum og breyta eldisgrísadeildum.

Bændum var gefinn mun skemmri tími til að breyta geldstöðuhúsum, eða meðgöngudeildunum, og það var í raun ótrúlegt hvað það verkefni lukkaðist vel miðað við tímarammann sem var gefinn," segir Ingvi.

### *Mikil fækkun búa*

Í dag eru einungis ríflega 20 svínabú eftir á landinu, sem er að sögn Ingva afleiðing mikillar hagræðingar greinarinnar. „Það hefur verið svipuð þróun hjá okkur og í öðrum búgreinum, það hefur verið mikil hagræðingarkrafa í okkar búgrein. Þegar mest var, rétt fyrir 1990, voru vel á annað hundrað svínabú á landinu og þá mörg af þeim með blandaðan búrekstur. Um aldamótin voru svínabúin um 40 en í dag er stunduð svínarækt á ríflega 20 lögbýlum. Þrátt fyrir þessa fækkun svínabúa hefur framleiðsla og neysla verið að aukast sífellt," segir hann.

Fyrir nokkrum árum setti Svínaræktarfélag Íslands, sem var eldra heiti Félags svínabænda, af stað tilraunaverkefni um vistvæna grísi þar sem markmiðið var meðal annars að gera starfsemi greinarinnar meira sýnilega í sveitum landsins á opnum útisvæðum. Allnokkrir bændur gripu tækifærið til að prófa slíkt grísaeldi þar sem félagið lagði grísina til. Þegar Ingvi er spurður um hvort ekki hafi verið grundvöllur fyrir framhald á slíku verkefni segir hann að svo hafi ekki verið. „Þetta var tilraun þar sem við auglýstum eftir aðilum til að rækta grísi úti. Eðli málsins samkvæmt getur það verið ansi snúið hér á Íslandi. Þannig náði þessi tilraun aldrei góðu flugi. Ég er samt bjartsýnn á að þetta sé eitthvað sem komi til með að aukast aftur," segir hann.

### *Óhressir með leikreglurnar*

Óhætt er að segja að íslenskir svínabændur hafi á stundum verið í markaðslegum ólgusjó, þar sem hörð samkeppni ríkir innanlands og við innflutt kjöt; í tolla- og stuðningskerfi sem þeim finnst harla óhagstætt. „Já, það er rétt, við erum verulega óhressir með þær leikreglur sem pólitíkin hefur verið að setja okkur á síðustu misserum og ekki hægt að tala um annað en að þar sé mikill tvískinnungur í gangi. Þá á ég við að á sama tíma og okkur er gert að uppfylla eitt metnaðarfyllsta regluverk í heimi þegar kemur að dýravelferð er sífellt verið að rýra tollverndina.

Að sjálfsögðu viljum við sífellt vera á tánum þegar kemur að dýravelferð. En það blasir jafnframt við að við getum ekki keppt við þjóðir þar sem mun minni kröfur eru gerðar í dýravelferðarmálum og sýklalyfjanotkun er tugföld í samanburði við okkur. Það er alveg nógu krefjandi að stunda það sem ESB skilgreinir sem heimskautalandbúnað í landi með mjög mikinn kaupmátt án þess að þurfa einnig að takast á við síminnkandi tollvernd og skakka samkeppni.

### *Síðasta árið lakasta árið afkomulega*

Ingvi segir fögnuð svínabænda vera hófstilltan vegna þeirrar stöðu að vera komnir fram úr sauðfjárbændum í sölu, því ýmsar blikur séu þrátt fyrir allt á lofti fyrir afkomu greinarinnar.

„Staðan hér á landi í lambakjötssölu hefur auðvitað verið alveg einstök og því tóku margir eftir því þegar við tókum fram úr. Það var ekki spurning um hvort heldur hvenær það myndi gerast. Þetta er bara þróunin og ég tel að hún muni halda áfram. Ég tel reyndar að svínakjötið eigi enn talsvert inni og samanburður við nágrannaþjóðir styður við það. Verkefnið fram undan hjá okkur hlýtur að vera að auka hlutdeild innlendu framleiðslunnar á kostnað innflutnings. Áhrifin af COVID hafa helst verið þau að fóður hefur hækkað umtalsvert, auk þess sem verð til bænda hefur einnig lækkað. Þannig reikna ég með að árið 2020 verði lakasta árið afkomulega séð í ansi langan tíma."

### *Aukin innlend fæðuöflun*

Ingvi telur að þrátt fyrir allt sé margt sem bendi til að greinin eigi eftir að vaxa og dafna á komandi árum. „Rökin fyrir því eru helst þau að við erum að framleiða heilnæma og góða vöru, sjúkdómastaðan er einstök og við erum lausir við ýmsar pestir sem herja á kollega okkar til dæmis í Evrópu. Í mínum huga eru tvö lykilmál fram undan til þess að greinin geti þrifist áfram og dafnað. Annars vegar er það aukin innlend fæðuöflun. Við sem þjóð og eyríki norður í Atlantshafi verðum að fara að taka miklu stærri skref í að auka fæðuöryggi, einn liðurinn í því er aukin kornrækt. Við verðum líka að horfast í augu við kolefnismálin í þessu samhengi og þar sé ég miklu meira af tækifærum heldur en ógnunum fyrir íslenskan landbúnað.

Hitt málið sem ég vil nefna er blessuð tollverndin. Ég hef aldrei skilið af hverju bændur eru svona feimnir við að setja hana á oddinn og ræða opinskátt um tilgang hennar, bæði við pólitíkina og neytendur. Ef við meinum eitthvað með því að stunda öflugan landbúnað verðum við að hafa tollvernd, svo einfalt er það. Hvernig er hægt að slá því upp sem einhverri frétt að matvælaverð hér sé með því hæsta í heimi, eins og ítrekað er gert; ég bara spyr: hver er fréttin? Nú er vitað að verðlag í hverju landi ákvarðast út frá kaupmætti. Þannig birti Viðskiptaráð skýrslu í lok janúar síðastliðnum sem sýndi sæti Íslands í kaupmætti eftir mismunandi ráðstöfunarflokkum til samanburðar við 33 ríki ESB. Ísland raðar sér í 2. sæti þegar kemur að kaupmætti fyrir mat- og drykkjarvörur. Á sama tíma erum við einungis í fjórða sæti þegar kemur að fatnaði og skóm. Áhugaverður samanburður, sérstaklega þegar haft er í huga að engir tollar eru á fatnaði og skóm. Þannig sjáum við að mýtan um hátt matvælaverð á Íslandi á sér ekki stoð í raunveruleikanum. Ég tel að þarna fari hagsmunir bænda og neytenda til lengri tíma saman. Innlend framleiðsla á að fá samkeppni frá innflutningi en hún þarf að vera sanngjörn. Ef of mikið er gefið eftir í tollverndinni er hættan sú að innlenda framleiðslan minnki mjög mikið og jafnvel hverfi. Varla geta það verið hagsmunir neytenda til lengri tíma litið að stóla á örlæti innflytjenda og því að þeir skili evrópsku matvælaverði hingað upp á klakann."

*/smh*



Þrátt fyrir versta ár svínabænda afkomulega á síðasta ári er Ingvi bjartsýnn.




**LAMBHELDU HLIÐGRINDURNAR**

Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt.
Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu.

Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15.

Verð á grind **kr. 26.900 stk. auk vsk.**
Ef keypt eru 2 til 4 stk., verð **kr 24.900 stk. auk vsk.**
Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð **kr. 19.900 stk. auk vsk.**

Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er.

Pantanir og upplýsingar í símum **669 1336** og **899 1776.**

AURASEL
Meira fyrir aurinn

TÆKNI & VÍSINDI




Samskip Kvitnos, flutningaskip Samskipa, sem kom nýlega til Íslands, en skipið gengur fyrir fljótandi jarðgasi (LNG) og er það fyrsta sinnar tegundar til að sigla með vörur til og frá Íslandi.

Samskip Kvitnos, flutningaskip Samskipa:

# Skip sem gengur fyrir fljótandi jarðgasi

**Samskip Kvitnos, flutningaskip Samskipa, kom til Íslands 1. apríl síðastliðinn en skipið gengur fyrir fljótandi jarðgasi (LNG) og er það fyrsta sinnar tegundar til að sigla með vörur til og frá Íslandi.**

Í skipaflota Samskipa eru tvö skip sem ganga fyrir LNG, Samskip Kvitnos og Samskip Kvitbjørn, en sumarið 2018 voru þau einnig þau fyrstu í flota Samskipa til að flytja vörur frá Rotterdam. Að þessu sinni er um að ræða tilfallandi flutninga til og frá Helguvík utan hefðbundinna siglinga Samskipa til og frá landinu. Samskip tóku við rekstri flutningaskipanna Samskip Kvitnos og Samskip Kvitbjørn við kaupin á Nor Lines árið 2017. Skipin eru því nýleg en þau voru hönnuð af Rolls-Royce Marine og afhent Nor Lines árið 2015.

*Losar ekkert köfnunarefnisoxíð*

Í tilkynningu frá Samskip kemur m.a. fram að umtalsverður umhverfisávinningur fylgir notkun LNG og falla skipin því vel að umhverfisstefnu Samskipa. Þau losa til dæmis ekkert köfnunarefnisoxíð (NOx) út í andrúmsloftið, lágmarka losun á brennisteinsdíoxíði (SOx) og losa 70 prósent minna af koltvísýringi en vöruflutningabifreiðar á hvert flutt tonn. Þá eru þau umtalsvert hagkvæmari þegar kemur að orkunýtingu í samanburði við skip sem brenna hefðbundinni skipaolíu. Samskip Kvitnos er svokallað RoRo-skip en þau flytja bíla og vagna sem hægt er að aka um borð og frá borði.

„Við höfum það að markmiði að draga úr umhverfisfótspori starfseminnar eftir fremsta megni og LNG-skipin styðja félagið í því markmiði, og horfa Samskip mjög til reynslunnar af þeim við ákvarðanatöku um nýjustu lausnir þegar kemur að endurnýjun í skipaflotanum.

Ör þróun er á því sviði, en notkun raforku á lengri flutningsleiðum fylgja vandamál því enn er mjög dýrt að geyma raforku. Mikið magn orku þarf til að sigla yfir hafið og þar er engar hleðslustöðvar að finna.

Við horfum til sjálfbærni og umhverfismarkmiða á öllum sviðum en félagið hefur um áratugaskeið unnið með gámaframleiðendum við að bæta hönnun og efnisval gáma, sem hefur skilað sér í sem eru fimmtungi léttari gámum en fyrir tveimur áratugum. Eins hefur félagið unnið markvisst að því að draga úr notkun pappírs og plasts og unnið gegn matarsóun á vinnustöðvum sínum,“ segir Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa. /MHH

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir


- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf
VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

SIL-ALL 4x4+
MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR
Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

Silostop Max stæðuplast er sterkt, einfalt og þunnt og með einstaka súrefnisheldni.
www.silostop.com/uk/

Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is

GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN


www.comfortslatmat.com
Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is



Leitið upplýsinga á www.gardar.info
Garðar byrjaði að mæla rafbylgjur sem kom úr tenglum, tölvum, farsímum og ljósum. Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur og geta valdið ýmsum kvillum, svo sem:
- Mígreni
- Höfuðverk
- Svefntruflunum
- Vöðvabólgu
- Exemi
- Þurrk í húð vegna tölvu
- Fótverkjum
- Júgurbólgu
- Myglusvepp
- Skepnudauða
- Fósturskaða í dýrum

Lamba- og ærdauði gæti verið út af rafmagni

TÓNLIST & MENNING

Siggi Björns fyrirhugar að halda nokkra tónleika á Íslandi í maí og júní ásamt sambýliskonu sinni, Franzisku Günther:

# Sonur Flateyrar væntanlegur frá Berlín með glænýja hljómplötu í farteskinu



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Siggi Björns frá Flateyri, er að koma með nýjan 12 laga geisladisk á markaðinn sem heitir Roll On og er hann væntanlegur úr framleiðslu í næstu viku. Þess má geta að Siggi og sambýliskona hans, Franziska Günther, höfðu á stefnuskránni að koma til Íslands í maí og fyrirhuga að halda eina 14 tónleika víða um land og þá síðustu 5. júní. Óljóst er hvort COVID-faraldurinn muni raska því plani. Að því búnu eru á dagskránni fjölmargir tónleikar á eynni Bornholm í Danmörku ef COVID leyfir.**

Siggi Björns á langan feril að baki sem trúbador, en bakgrunnur hans liggur í lífinu í fiski, beitningu og sjómennsku á Flateyri. Það er því ekki skrítið að blús og skemmtilegir slagarar séu mjög áberandi í hans tónlist.

*Hefur gefið út fjölda geisladiska*

Hann hefur gert fjölmarga geisladiska sem notið hafa mikilli vinsælda, ekki síst meðal Vestfirðinga. Hann hefur líka troðið upp með öðrum, eins og hljómsveitinni Æfingu frá Flateyri, sem gaf út bráðskemmtilegan disk 2013 um 45 ára sögu sína. Hljómsveitin hélt svo m.a. afar vel heppnaða tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði á lokadaginn 11. maí (vertíðarlok) 2019.

*Á Bornholm þekkja allir Íslendinginn Sigga Björns*

Siggi hefur í fjölda ára spilað í Þýskalandi og Danmörku við miklar vinsældir ásamt Franzisku og ýmsum öðrum tónlistarmönnum, en þau eru búsett í Berlín ásamt Magnúsi Björnssyni, 13 ára syni Sigga. Sem dæmi má nefna að hann hefur í fjölda ára verið fastur gestur á eyjunni Bornholm í Danmörku í júní á hverju ári þar sem hann hefur gjarnan troðið upp á hinum vinsæla sjávarréttastað Bakkarøgeriet á Østre Sømarken. Er Siggi meira að segja kominn í ferðabæklinga fyrir Bornholm yfir það sem fólk **verði að upplifa** (must see) þegar það heimsækir eyjuna.



**Tónlistarmaðurinn Siggi Björns frá Flateyri, sem búsettur er í Berlín, er að koma með nýjan 12 laga geisladisk á markaðinn sem heitir Roll On.**




Siggi kom fyrst til Bornholm til að spila árið 1990 og er síðan búinn að spila þar á hverju sumri, eða í 30 ár. Þrátt fyrir COVID-19 faraldurinn spilaði hann líka á Bornholm sumarið 2020, en heldur minna en venjulega þar sem aðgengi gesta var takmarkað.

Hefur hann svo sannarlega haft lag á að koma Dönum og gestum þeirra í sannkallað hörkustuð ár eftir ár, eins og sjá má á fjölmörgum myndböndum á YouTube. Þar þekkja allir þennan káta Íslending.

Í því ljósi er óneitanlega dálítið umhugsunarvert að Siggi skuli ekki hafa fengið meiri spilun á íslenskum útvarpsstöðvum í gegnum tíðina en raun ber vitni.





**Siggi að spila fyrir gesti á Bakkarøgeriet á Østre Sømarken á Bornholm í Danmörku.**

Siggi segir að þau Franziska hafi ekkert verið að koma fram síðan í október. Þau settu þó saman þriggja laga sett fyrir hátíðina Stútung 2021 á Flateyri nú í vetur ásamt Magnúsi, sem spilar með þeim í tveim lögum. Af augljósum ástæðum út af COVID-19 faraldrinum var hátíðin send út á netinu að þessu sinni. Vegna forvitni og eftirspurnar þeirra sem ekki sáu þessa frábæru útsendingu frá Flateyri, ákváðu þau að setja sinn hluta af hátíðinni á netið á siggi-bjorns.com. Þó heimsfaraldur hafi komið í veg fyrir mikla spilamennsku, þá lætur Siggi ekki deigan síga.

*Tóku upp 12 laga plötu*

„Ég átti nokkur lög á lager og svo sömdum við Franziska nokkur í viðbót og tókum upp tólf af þessum lögum hér heima hjá mér. Ellefu af þessum lögum eru bara ég og gítarinn, reyndar spilar Magnús Björnsson, 13 ára sonur minn, á slagverk í þremur lögum og Franziska syngur með í „Lost At Sea“. Dóri Páls Fjallabróðir fékk eitt lagið, „Every Moment Has A Meaning“, til meðferðar og það endaði í fullri útsetningu þar sem hann spilar öll hljóðfæri nema trommur, það gerði Óskar Þormarsson. Það lag er ég búinn að senda inn í tölvuna hjá RÚV, veit reyndar ekki hvort þeir hafa spila sögu enn þá. Diskinn fæ ég í hendurnar í næstu viku, sennilega þann 19. apríl, en hann er kominn inn á alla netmiðla, Spotify, Napster o.s.frv. auk þess að hann er á heimasíðunni minni og hægt að sækja hann þangað.

Diskurinn heitir ***„Roll On“***. Það er lag sem ég gerði við texta eftir danskan vin minn, Esben *„Langkniv“* Bøgh, sem hann samdi eitt sinn sem við vorum á ferðinni á Íslandi. Hann hafði keypt dansk/íslenska orðabók þar sem maður gat lært stuttar og gagnlegar setningar á íslensku. Ein sú fyrsta var: „Hvar er lestarstöðin?“

Sem Dana fannst honum oft langt á milli bæja, sérstaklega á Vestfjörðum, fjöllin og landslagið bauð oft upp á að hugmyndaflugið færi á ferð, ekki alltaf ljóst hvort maður sé að koma eða fara, fannst honum.“

*Stapadraugurinn*

„Við fórum að spá í alls konar aðrar víddir og ég sagði honum m.a. frá Stapadraugnum á Reykjanesi og að ég hafi ekki heyrt neitt nýtt um hann í mörg ár, kannski væri umferðin of hraðfara í dag, en hvað um það, lagið varð til.“

*Sjóskaðar uppspretta lagasmíða*

„Lagið *„Lost At Sea“* sömdum við í febrúar eftir að hafa séð tónleika á netinu frá Hull, þar sem rifjað var upp þegar þrír togarar frá Hull fórust á nokkrum dögum við Ísland 1968. Þar var fókusinn á konurnar í Hull „The Headscarfs“ sem mótmæltu aðstæðum sjómanna og öryggismálum um borð breskra togara. Þær náðu að breyta mörgu til hins betra.

Þó lagið hafi útgangspunkt í þessu, þá er það fyrst og fremst mín



**Siggi Björns, Franziska Günther og sonurinn Magnús Björnsson heima í stofu í Berlín að spila fyrir Stútung 2021, þorrablót Flateyringa, í gegnum netið.**



**Alvopnaður og tilbúinn í slaginn á eyjunni Bornholm.**

## Fyrirhuguð tónleikaferð Sigga Björns á Íslandi

**Miðvikudagur, 12. maí kl. 20:00 - Café Rosenberg, Reykjavík**
- Siggi Björns, Franziska Günther og Svavar Knútur

**Laugardagur, 15. maí kl. 20:00 - Skyrgerðin, Hveragerði**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Sunnudagur 16. maí kl. 20:00 - Fish House, Grindavík**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Þriðjudagur, 18. maí kl. 20:00 - Beituskúrinn, Neskaupstað**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Miðvikudagur 19. maí kl. 20:00 - Vogafjós, Mývatni**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Fimmtudag 20. maí kl. 20:00 - Kaffi Klara, Ólafsfirði**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Laugardagur 22. maí kl. 20:00 - Frystihúsið, Flatey**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Þriðjudagur 25. maí kl. 20:00 - FLAK, Patreksfirði**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Miðvikudagur 26. maí kl. 20:00 - Vegamót, Bíldudal**
- Siggi Björns &Franziska Günther

**Fimmtudagur 27. maí kl. 20:00 - Vagninn, Flateyri**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Sunnudagur 30. maí kl. 20:00 - Einarshúsið, Bolungarvík**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Þriðjudagur, 1. júní kl. 20:00 - Kómedíuleikhúsið, Haukadal**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Föstudagur 4. Júní kl. 20:00 - Félagsheimilið, Súðavík**
- Siggi Björns & Franziska Günther

**Laugardagur 5. júní - Kalksalt, 425 Flateyri**
- Siggi Björns & Franziska Günther



**Siggi Björns með félögum sínum í hljómsveitinni Æfingu frá Flateyri á sviðinu í Bæjarbíói þann 11. maí 2019. Talið frá vinstri: Halldór Gunnar Pálsson, Árni Benediktsson, Jón Ingiberg Guðmundsson, Siggi Björns og Ásbjörn Þ. Björgvinsson.** Mynd / HKr.

upplifun sem púki vestan af Flateyri að á hverjum vetri fórust bátar með fjöldann allan af sjómönnum. Árið 1964 fórust bátarnir Mumminn og Sæfell frá Flateyri með sjö mönnum, Freyja frá Súðavík (mágur minn fórst þar) og svona var þetta einhvern veginn á hverjum vetri. Nóttin þegar Heiðrúnin frá Bolungarvík fórst í Ísafjarðardjúpi ásamt bresku togurunum Ross Cleveland og Notts County situr í manni,“ segir Siggi.

### *Stelpurnar utan úr heimi dálítið ábyrgar fyrir tónlistarferlinum*

„Síðan er lagið „*Every Moment Has A Meaning.*“ Það er um hvað fólk sem maður hittir, eða atvik, geta breytt miklu um hvert maður heldur í lífinu. Hér geri ég stelpurnar sem voru að koma frá Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Suður-Afríku, Englandi og hvaðan þær nú komu, til að vinna í frystihúsum landsins dálítið ábyrgar fyrir því að ég er tónlistarmaður og bý í Berlín í dag.

Þó maður hafi kannski ekki séð það þannig þegar þetta gekk á, þá komu þær með nýja strauma, hugmyndir og siði, opnuðu dyr í annan heim og breyttu lífi margra. Tóku með sér stráka út um allan heim, aðrir lögðust í flakk o.s.frv. Þannig byrjaði þetta allavega hjá mér, ég fór í heimsókn til Nýja-Sjálands og Ástralíu ... tók gítarinn með.

Þetta voru skemmtilegir tímar, þegar þorpin fylltust af ungum stelpum á hverju hausti,“ segir Siggi og hlær.

Hann segir að á umslaginu utan um nýja diskinn sé mynd af fígúru sem vinur hans, Matthias Masswig, gerði.

„Hann er með vinnustofu og gallerí hér í Berlín, svo veggfóðrið heima ... Kórónastemning,“ segir þessi glaðbeitti Flateyringur sem Þjóðverjar og Danir elska alveg hreint út af lífinu.


Lambamjólkurduft

-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Inniheldur góða gerlaflóru
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Inniheldur sýringaduft




Verð
15.990 m/vsk

BÚREKSTRARDEILD
Egilsholti 1 BORGARNESI
310 Borgarnesi
Opið 8-18, laugard. 10-14

Pantaðu á netverslun okkar
www.kb.is
Sendum um allt land



Léttu þér störfin með KITO!

Talíur, hlaupakettir og kranar í mörgum stærðum og gerðum - Sérlausnir í boði






Skútahraun 15a, 220 Hafnarfjörður | 565 1190 | cncisland@cncisland.is | www.cncisland.is



HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



Bændablaðið
Kemur næst út 29. apríl
Smáauglýsingar 56-30-300

ÍSLAND ER LAND ÞITT

## Vegagerðin heldur áfram að fækka einbreiðum brúm:

# Alls eru 32 einbreiðar brýr eftir á Hringvegi 1

### – Búið að bjóða út nokkur verkefni svo frekari fækkun er fyrirsjáanleg

**Áfram verður haldið við að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi 1 nú í ár, en skipulega hefur verið unnið að því markmiði, bæði hvað varðar Hringveginn og eins landið allt á liðnum árum. Nokkurt hlé varð þó á verkefninu á árunum eftir 2011. Áform eru nú um töluverðar framkvæmdir í þessum efnum næstunni, að því er fram kemur í Framkvæmdafréttum sem Vegagerðin gefur út.**

Fyrir um 30 árum, árið 1990 voru hátt í 140 einbreiðar brýr á Hringvegi, þeim fækkaði hratt, voru orðnar um 60 talsins kringum árið 2006 og árið 2011 voru þær ríflega 40. Síðan þá hægðist mjög á slíkum framkvæmdum, undanfarin átta ár hafa aðeins verið breikkaðar eða byggðar nýjar brýr í stað 6 einbreiðra brúa.

Árið 2019 voru byggðar sjö brýr í stað einbreiðra brúa á landinu öllu. Þetta voru brýr í Berufjarðarbotni, yfir Hófsá í Arnarfirði, yfir Mjólká í Arnarfirði, brú á Eldvatn og yfir Loftsstaðaá í Flóa, einnig brú yfir Breiðdalsá og stokkur fyrir Tjarnará á Vatnsnesi.


Steypuvinna við Steinavötn. Mynd / Ísak

*Lokið við fjórar nýjar brýr á Hrinvegi*

Í lok árs 2019 voru boðnar út fjórar brýr á Hringvegi; brú yfir Steinavötn í Suðursveit sem er 100 metra löng, brú á Fellsá í Suðursveit sem er 47 metrar, brú á Kvíá í Öræfum sem er 32 metra löng og brú á Brunná austan Kirkjubæjarklausturs sem er 24 metrar. Framkvæmdir við þessar brýr hófust vorið 2020 og er þeim nú lokið eða við það að ljúka. Þar með hefur einbreiðum brúm á Hringvegi 1 fækkað í 32 auk bráðabirgðabrúar yfir Fellsá sem enn er uppistandandi og þjónar vegfarendum en verður rifin þegar umferð verður hleypt á nýju brúna í vor.

Nú í ár mun einbreiðum brúm enn fækka, en búið er að bjóða út nokkur verkefni. Þar má nefna byggingu brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi en einnig stendur til að fara í framkvæmdir við brýr yfir Hverfisfljót, Súlu (Núpsvötn) og Skjálfandafljót. Þá er fyrirhugað að bjóða út fyrsta samvinnuverkefnið um vegaframkvæmdir en það er nýr vegur og brú yfir Hornafjarðarfljót.

*663 einbreiðar brýr á landinu*

Einbreiðar brýr eru þó víðar en á Hringvegi en alls eru 663 einbreiðar brýr á landinu. Árið 2020 voru breikkaðar brýr á Hattardalsá, Hvítsteinslæk, Álftárbakkaá, Kálfalæk á Mýrum og Hrútá. Þá eru núna í framkvæmd nokkrar brýr utan Hringvegar eins og Botnsá í Tálknafirði, Bjarnadalsá í Önundarfirði, Vesturhópshólaá, Laxá í Laxárdal og Köldukvíslargil. Önnur verkefni sem stendur til að fara í eru: Bakkaá hjá Keisbakka, Þverá, Hólkotsá, Otradalsá, Þverá á Langadalsá, Ólafsdalsá, Efri Skarðsá, Sandalækur í Miðfirði, Fossá í Jökulsárhlíð og Helgustaðaá.

/MÞÞ


Bráðabirgðabrú og ný brú yfir Brunná. Mynd / Ísak


Nýja brúin yfir Kvíá. Mynd / Ísak



Kort sem sýnir framkvæmdasvæðin.


Steinavötn, nýja brúin í byggingu, bráðabirgðabrú í baksýn. Mynd/Ísak

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

36,2% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Lestur Bændablaðsins
36,2% 17,8% 24,3%

Hafðu samband
Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við rafræna undirritun samningsins. Mynd / SSNV

# Markaðsstofa Norðurlands tekur að sér hlutverk áfangastaðastofu

**Áfangastaðastofa verður opnuð á Norðurlandi. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur undirritað samning við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra um stofnun slíkrar stofu.**

Með undirritun samningsins eru orðnar til áfangastaðastofur í öllum landshlutum að undanskildu höfuðborgarsvæðinu en stofnun áfangastaðastofu þar er í undirbúningi. Þar með er leidd til lykta vinna við uppbyggingu stoðkerfis ferðaþjónustu á landsbyggðinni sem hófst í raun með útgáfu áfangastaðaáætlana fyrir alla landshluta árið 2018.

Áfangastaðastofur hafa það að meginmarkmiði að stuðla að jákvæðum framgangi svæðisbundinnar ferðaþjónustu með framkvæmd áfangastaðaáætlunar fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við m.a. aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag viðkomandi svæði.

Um árabil hafa landshlutasamtökin tvö á Norðurlandi átt farsælt samstarf við Markaðsstofu Norðurlands. Markaðsstofan mun í framhaldi af fyrrgreindum samningi taka að sér hlutverk áfangastaðastofu fyrir Norðurland. */MÞÞ*



Glerárdalur er mótaður af jöklum og einkennist af stórbrotinni náttúru.

# Stígagerð um Glerárdal verður haldið áfram í sumar

**Stígagerð í fólkvanginum í Glerárdal verður framhaldið á komandi sumri, en verkið hófst síðastliðið sumar við stíg sem liggur fram dalinn að austanverðu, frá bifreiðastæði að Lamba, skála Ferðafélags Akureyrar.**

Verkefninu er skipt upp í þrjá áfanga, þeim fyrsta er lokið og hafist verður handa við þann næsta í sumar. Akureyrarbær fékk 24 milljónir króna í styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna þess áfanga en sá fyrsti hlaut einnig styrk úr sjóðnum.

Næsti áfangi hefst þar sem hinum fyrri lauk, um fjóra kílómetra inni í dalnum. Í verkinu felst að rista fyrir stíg og setja stalla í hann, einnig að koma fyrir ræsum og brúm mýrlendis og lækja á um fjögurra kílómetra kafla.

*Síauknar vinsældir*

Stór hluti Glerárdals var friðlýstur sem fólkvangur árið 2016. Dalurinn er mótaður af jöklum og einkennist af stórbrotinni náttúru, fjölbreyttum berggerðum og gróðri, en mólendi og votlendi setja svip á dalinn. Fólkvangurinn nýtur síaukinna vinsælda sem útivistarsvæði en hefur verið erfiður yfirferðar. Markmiðið er að auka aðgengi að honum og almenna nýtingu. Eftir að stígagerð hófst hafa fleiri en áður notið gönguferða um dalinn, segir í frétt á vefsíðu Akureyrarbæjar. */MÞÞ*







Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 29. apríl



ÍSLAND ER LAND ÞITT

## Gæði og gönguferð um Langanes í boði í sumar:

# Norðausturhornið er fyrir mörgum ókannað land

## – Áhersla lögð á að göngugarpar tengist náttúru Langaness, sögu þess og menningu



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Ýmislegt leynist undir björgum Langaness en það er betra að fara varlega.


Brim við ysta haf.

**„Norðausturhornið er fyrir mörgum ókannað land, en býður upp á ýmsa möguleika til gönguferða og þar er fjölbreytni mikil,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, formaður Ferðafélagsins Norðurslóðar. Félagið hefur boðið upp á gönguferðir um Langanes undanfarin ár en nú hafa ábúendur á Ytra Lóni á Langanesi þróað þær ferðir upp á hærra stig í samvinnu við Ferðafélagið og bætt við ýmsum gæðum.**

Mirjam Blekkenhorst og Sverrir Möller hafa rekið ferðaþjónustu á Ytra Lóni í ríflega tvo áratugi. Hafa þau alla tíð boðið upp á útivist og gönguferðir auk þess að kynna búskapinn fyrir þeim ferðalöngum sem þess óska. Þá hafa þau lagt áherslu á kyrrð og frið sem einkennir Langanesið.

Ytra Lón stendur 14 kílómetra norðan við Þórshöfn, en þar er fjölbreytta þjónustu að finna.

Mirjam segir að á komandi sumri verði í boði alls 6 skipulagðar gönguferðir um Langanes, frá byrjun júní og fram yfir miðjan ágúst. Sú fyrsta hefst þann 7. júní og síðasta ferðin sem í boði verður í sumar hefst 15. ágúst. Gönguferðirnar eru fjögurra daga og gist er í fimm nætur. Mirjam segir að í ferðunum sé áhersla lögð á að kynna menningu og sögu svæðisins. Gestir geta fylgst með búskapnum, en ábúendur hafa marga bolta á lofti auk þess að reka stórt sauðfjárbú með 460 vetrarfóðruðum kindum. Þar fer fram þjálfun smalahunda, trjárækt hefur verið stunduð um árabil og votlendi hefur verið endurheimt. Öllu þessu geta göngugarpar fengið að kynnast í sumar því farið er í heimsókn í fjárhúsið þar sem allt er skoðað í krók og kring og sagt frá ýmsu í nútímalegum búskap. Jafnvel verður hægt að sjá smalahundaþjálfun í gangi.

Ferðaþjónustan á Ytra Lóni hefur upp á 9 stúdíóíbúðir að bjóða með baðherbergi og litlu eldhúsi sem vel rúmar 2 til 3 einstaklinga. Veitingasala er á staðnum og áhersla lögð á afurðir af býlinu. Þau Mirjam og Sverrir hafa boðið upp á fuglaskoðunar- og fræðsluferðir um Langanes á Land Rover jeppum og hafa þær notið vinsælda.


Áð í birkihvammi við Stífluá á eyðibýlahring.


Séð yfir Kumblavík á austanverðu Langanesi. Þar var búið um aldaraðir.

### *Farið um gamlar kirkjuleiðir, eyðibýlahring og upp á Heiðarfjall*

„Í sumar verða í boði nokkrar skipulagðar ferðir þar sem við leggjum ríka áherslu á að göngugarpar tengist náttúru Langaness, sögu þess og menningu,“ segir Halldóra, sem verður aðalgöngustjóri og sögumaður í ferðunum.

Í gönguferðunum er komið við í eyðiþorpinu Skálum, farið er um lífleg fuglabjörg, litið á rekaviðarhrannir og farið út á ysta odda Langaness. Ein stærsta súlubyggð landsins er svo barin augum í bakaleiðinni.

„Við göngum yfir grösug svæði meðfram tærri bergvatnsá og það er áð í birkilundi við lækjarnið, en einnig er gengið um fallegar fjörur sem eru fullar af lífi. Við þræðum gamlar kirkjuleiðir og tökum eyðibýlahring. Förum upp á Heiðarfjallið þar sem ratsjárstöð varnarliðsins stóð og skoðum ummerki um veru þess á svæðinu. Þá er sungið hástöfum í vitum sem verða á leið okkar og á kvöldin eru í boði dásamlegar kvöldvökur með sögum og fróðleik,“ segir Halldóra.

Meðal þess sem við sögu kemur á kvöldvökum eru prestar og prestsmaddömur, baráttukonur, sterkir menn og ísbirnir, tundurdufl, stríðsrekstur, skrímsli og Skálar, þorpið sem einu sinni var, en sögurnar sem sagðar eru á kvöldvökunum eru bæði úr nútíð og fortíð.

Síðdegis suma daga verður hægt að skjótast í sundlaugina á Þórshöfn, sem er bæði falleg og góð.

### *Allt innifalið*

Gist er í fimm nætur í fallegum íbúðum á Ytra Lóni þar sem bæði er heitur pottur og kaldur. Þátttakendur greiða eitt verð og er innifalið í því gisting, morgunmatur, nesti og kvöldmatur, akstur, leiðsögn, aðgangseyrir og göngukort af svæðinu. Mirjam nefnir að í veitingasölu Ytra Lóns sé lögð áhersla á afurðir beint frá býli, gæðakjöt, silung úr lóninu, egg, rabarbara og sitthvað fleira, en síðasta kvöldið er slegið upp veislu þar sem þessar afurðir eru í öndvegi í bland við skemmtun með glensi og gamni. Þeim sem bóka ferðir fyrir 1. maí býðst 10% afsláttur en allar upplýsingar um gönguferðirnar má finna á vefsíðu Ytra Lóns, ytralon.is.

### *Góð gönguþjálfun*

Halldóra segir að gönguferðirnar sem í boði verða frá Ytra Lóni í sumar byggi m.a. á þeim ferðum sem Ferðafélagið Norðurslóð hafi boðið upp á í nær áratug. „Það er komin góð reynsla á þessar ferðir sem nýtist vel við skiplag ferðanna frá Ytra Lóni og þátttakendur hafa verið ánægðir. Og við munum einnig eiga í samstarfi við fleiri sem stunda ferðaþjónustu á þessu svæði,“ segir hún. Erfiðleikastig ferðarinnar er mælt í tveimur skóm, en dagleiðir eru á bilinu frá 9 kílómetrum og upp í 16. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa, þannig að þátttakendur þurfa að vera í góðri gönguþjálfun.


Gengið í fallegri fjöru. Heiðarfjall og Eiðisskarð í baksýn.


Rekaviðarhrönn í Skoruvík á Langanesi.

**ÍSLAND ER LAND ÞITT**



Sveitarfélagið Skagaströnd hefur kynnt áform um byggingu nýrra sjóbaða á Hólanesi. Sú uppbygging er liður í því að stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

## Skagaströnd:

# Fyrirhugað að reisa sjóböð á Hólanesi

### – Verða í fjöruborðinu með stórbrotnu útsýni yfir Húnaflóa og Strandafjöllin

**Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur samþykkt skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi Hólanessvæðisins, en gert er ráð fyrir að á reit þar verði byggðar baðlaugar. Tilgangur þeirra er að stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á Skagaströnd.**

Markmið með breytingu á deiliskipulagi Hólaness er m.a. að skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu á miðsvæði sveitarfélagsins þar sem áhersla er á að þétta byggð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýbyggingu og endurbótum á svæðinu og er tillagan háð umhverfismati.

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur kynnt áform um byggingu nýrra sjóbaða á Hólanesi en hugmyndin byggir á því að þróa núverandi bæjarkjarna áfram og mynda sterka miðju fyrir menningu og verslun. Staðsetning sjóbaðanna með byggingum mynda opinn kjarna af byggingum í kringum grænt svæði, en þessi kjarni myndar nýjan bæjarkjarna.

Sjóböðin og þjónustubygging við þau eru staðsett í og við kantinn með laugar og potta sem eru í og við fjöruborðið þar sem stórbrotið útsýni er yfir Húnaflóann og Strandafjöllin. Hugmyndin byggir á því að opna aðgang að fjörunni og mynda þannig sterk tengsl við náttúruöflin, segir í skýrslu um sjóböðin sem aðgengileg er á vefsíðu sveitarfélagsins.



Markmið með breytingu á deiliskipulagi Hólaness er m.a. að skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu á miðsvæði sveitarfélagsins þar sem áhersla er á að þétta byggð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýbyggingu og endurbótum á svæðinu.



Sjóböðin og þjónustubygging við þau eru staðsett við kantinn með laugar og potta sem eru í og við fjöruborðið þar sem stórbrotið útsýni er yfir Húnaflóann og Strandafjöllin.

### *Hefur gríðarlega jákvæð áhrif*

„Uppbygging ferðaþjónustu hefur gríðarlega jákvæð áhrif fyrir Skagaströnd og Norðurland vestra eins og það leggur sig,“ segir Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri á Skagaströnd. „Verkefnið snýst um að búa til nýja framtíðarsýn fyrir Skagstrendinga og skapa forsendur fyrir viðamikilli uppbyggingu í ferðaþjónustu. Það er m.a. grunnur að því að hægt sé að veita víðtæka þjónustu í sveitarfélaginu allt árið um kring, m.a. með tilliti til veitingaþjónustu og annarrar afþreyingar. Við horfum því á verkefnið þeim augum að það sé uppbyggingarverkefni sem treystir byggðarfestu á Skagaströnd með því að stuðla að bættum lífsgæðum og auknum tækifærum fyrir íbúa.“

### *Innblástur í gömlu pakkhúsin*

Byggingin við sjóböðin á Hólanesi er hönnuð með innblástur í gömlu pakkhúsin, einfalt form með miðjustilltum mæni sem aðlagast nágrenni sínu vel. Áhersla er lögð á einfaldar lausnir og hrátt yfirbragð, en byggingin opnar sig að aðkomunni og myndar op í gegnum bygginguna og rammar þannig inn stórbrotið útsýni.

Í aðalrými byggingarinnar verður móttaka, setsvæði, salerni og verslun með léttar veitingar, en þar inn af eru búningsklefar. Möguleiki verður á að stækka bygginguna til norðurs, t.d. með útiklefum.

### *Kosta um hálfan milljarð*

Áætlað er að heildarfjárfesting við þetta verkefni geti numið um hálfum milljarði króna. Búið er að tryggja fjármögnun verksins að hluta en áfram verður unnið í þeim þætti næstu mánuði. Verktími er áætlaður um tvö ár og er stefnt að því að hönnunar- og skipulagsvinnu verði lokið á árinu 2021 og miðað við óbreyttar forsendur hefjist framkvæmdir á næsta ári. /MÞÞ



Byggingin við sjóböðin á Hólanesi er hönnuð með innblástur í gömlu pakkhúsin, einfalt form með miðjustilltum mæni sem aðlagast nágrenni sínu vel.








**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*



LÍF & STARF

„Saumað í sveitinni“ – nýtt fyrirtæki Elínar Daggar Arnarsdóttur á Litluflöt í Holtum:

# Saumar Covid-grímur, hestaábreiður og merkir fatnað og reiðtygi

**Elín Dögg Arnarsdóttir á bænum Litluflöt í Holtum í Rangárþingi ytra kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að saumaskap og alls konar vinnu með höndunum því hún hefur stofnað fyrirtækið „Saumað í sveitinni“ og þar er brjálað að gera.**

***Búin að sauma 700 grímur***

„Þetta byrjaði þannig að ég keypti mér vél að utan sem sker út límmiða, og var það nú aðallega bara áhugamál, sem ég vann með í ferðaþjónustunni á Litluflöt. En svo kom Covid og þar með lítil vinna, grímuskylda hjá unglingnum í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, sem þoldi illa einnota grímurnar. Þá voru góð ráð dýr, ég fann frítt snið á netinu og fór að sauma grímur, svo fór það að spyrjast út og hef ég saumað hátt í 700 grímur. Svo hægðist á því og þar sem við stundum hestamennsku líka fór ég að sauma ábreiður á hnakka og poka undir hjálminn með og merki þær með nafni og mynd af hesti og vakti það mikla lukku. En ég sker líka út vegglímmiða, bílamerkingar upp að ákveðinni stærð, merki alls konar fatnað og reiðtygi, skreyti alls konar gler, eins og blómavasa, kertaluktir, glerbakka og annað slíkt. Einnig hef ég verið að taka að mér fataviðgerðir og rennilásaskipti,“ segir Elín Dögg þegar hún var beðin um að segja frá helstu verkefnum sínum.

***Frábærar viðtökur***

Elín Dögg segist aldrei hafa átt von á þeim viðtökum sem hún hefur fengið, þær hafi verið frábærar.

„Já, viðtökurnar hafa farið langt framar mínum vonum enda hef ég haft meira en nóg að gera. Þegar sem mest var í grímusaumnum þá vorum við öll fjölskyldan að hjálpast að og ég sjálf var að vinna frá því eldsnemma á morgnana og langt fram á kvöld. Nú er vinnudagurinn orðinn miklu eðlilegri. Mér finnst öll verkefnin sem ég tek að mér skemmtileg og gefa mér ánægju. Það er líka gaman að fá skilaboð frá góðum viðskiptavinum, sem segjast vera ánægðir með það sem ég hef gert. Skemmtilegast finnst mér þá þegar ég fer í Bónus á Selfossi og sé að fólk er með grímur á andlitinu frá mér, það er góð tilfinning,“ segir Elín Dögg og hlær.


Hestaábreiðurnar frá Elínu Dögg hafa slegið í gegn enda hefur hún vart undan að afgreiða pantanir.

***Gott að vinna í sveitinni***

Elín Dögg segir einstaklega gott að vinna í sveitinni því þar er lítið áreiti og lítil umferð, hún geti því einbeitt sér að því sem hún er að gera. „Ég er með nokkuð góða aðstöðu fyrir verkefnin mín og er alltaf að. Ég er á Facebook, „Saumað í sveitinni“, fyrir þau sem vilja sjá hvað ég er að gera og setja sig í samband við mig. Ég stefni líka á að opna heimasíðu þar sem yrði hægt að versla beint við mig. Ég er þakklát fyrir alla sem hafa keypt vörur af mér og hlakka til komandi tíma,“ segir saumakonan í sveitinni að lokum. /MHH


Elín Dögg hefur saumað um 700 Covid-grímur, sem mikil ánægja er með hjá þeim sem hafa keypt þær hjá henni.


Elín Dögg Arnarsdóttir að stoppa í buxur á vinnustofunni sinni. Hún er fædd og uppalin í Mosfellsbæ árið 1983, dóttir Arnars Stefánssonar í Litlagerði og Kristínar Helgu Þorsteinsdóttur. Hún er gift Vigni Frey Þorsteinssyni og eiga þau þrjú börn, elsta 17 ára, sem stundar nám á hestabrautinni á Selfossi, svo er drengurinn, 14 ára, og yngsta barnið, sem er stelpa, 9 ára, og þau eru í Laugalandsskóla í Holtum. Myndir / Einkasafn

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík




ÍSLAND ER LAND ÞITT

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra:

# Undrun og vonbrigði yfir lágu framlagi til uppbyggingar í fjórðungnum

**Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur lýst yfir undrun og vonbrigðum yfir lágu framlagi úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða á Norðurlandi vestra. Af 86 verkefnum sem skilgreind eru í áætluninni eru aðeins þrjú á Norðurlandi vestra sem fá samtals 1% af þeirri heildarfjárhæð sem úthlutað er árin 2021–2023.**

Lögð var fram á fundi stjórnar í liðinni viku yfirlit yfir skiptingu þeirra fjármuna sem til úthlutunar komu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Verkefnin á Norðurlandi vestra sem eru í landsáætluninni eru á Hegranesi og Örlygsstöðum í Skagafirði og Hvítserkur í Húnaþingi vestra.

***Óska eftir rökstuðningi***

Framkvæmdastjóra samtakanna var falið að óska eftir rökstuðningi fyrir þessari ráðstöfun og jafnframt að óska eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt formanni verkefnisstjórnar um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. /MÞÞ


Hvítserkur í Húnaþingi vestra.


Frá Skagafirði. Mynd / HKr.

BÆKUR & MENNING

# Ný bók um nautgriparækt væntanleg

**Árið 1984 kom síðast út kennslubók í nautgriparækt hér á landi í útgáfu Bændaskólans á Hvanneyri og frá þeim tíma hefur auðvitað ótal margt breyst í nautgriparækt hér á landi. Þó hefur ekki komið út nýtt kennsluefni með beinum hætti innan greinarinnar allan þennan tíma fyrr en nú. Snorri Sigurðsson er ritstjóri bókarinnar og í samtali við Bændablaðið sagði hann að aðdragandinn hafi verið frekar stuttur að gerð þessarar bókar:**

„Þetta kom nú eiginlega til vegna inniverunnar í sóttkví í Kína þegar ég var eitthvað órólegur einn daginn og fór að leita að efni sem ég skrifaði fyrir kennslubók í nautgriparækt sem átti að koma út fyrir nærri tveimur áratugum en sú bók varð aldrei að veruleika. Mér datt þá einfaldlega í hug að keyra þetta verk í gang og fékk til liðs við mig fjölda vina og kunningja, sem einnig eru með staðgóða þekkingu á búgreininni, og saman fórum við í þetta verðuga verkefni. Þessi bók er því byggð á einstaklingsframtaki og það sem meira er að allir höfundar efnis lögðu til sína vinnu ókeypis, svo bókin gæti orðið að veruleika. Ég sótti svo um styrk hjá Þróunarsjóði nautgriparæktarinnar til uppsetningar, yfirlesturs og prentunar á kennslueintökum sem veitti hann.“

Að sögn Snorra inniheldur bókin 20 kafla um sértæk svið búgreinarinnar og spannar bókin allt fagsvið nautgriparæktarinnar, enda er bókin um 300 blaðsíður. En er þörf á bók í dag þegar allt efni er meira eða minna rafrænt? „Það er auðvitað þannig í dag að flest allt má lesa núorðið á netinu, sem er auðvitað frábært og þannig efni er vonandi uppfært og nýtist á hverjum tíma. Við búum þó við það á Íslandi að fámennið gerir það að verkum að mikið af þessu faglega efni er ekki skrifað á íslensku þó víða megi finna slíkt líkt og á heimasíðum fagstofnana, í Bændablaðinu ykkar eða rafrænum tímaritum. Það vantaði þó í flóruna heildstæða samantekt um búgreinina, líkt og hefur þegar komið út í bæði sauðfjár- og hrossarækt og þessi bók fyllir í það skarð,“ sagði Snorri.



Snorri Sigurðsson er nú að leggja lokahönd á gerð nýrrar bókar um nautgriparækt.




Forsíða bókar Snorra um nautgriparækt.

### *Bæði í prentuðu formi og stafrænni útgáfu á vefnum*

Bókin verður eins og áður segir rafræn og hægt að hlaða henni niður af veraldarvefnum en einnig prentuð og þar sem allir höfundar efnis gefa vinnuna við skrifin verður bókin seld á prentkostnaðarverði og án álagningar. Snorri segir að bókin verði að sjálfsögðu prentuð á Íslandi.

### *Kemur út áður en kýrnar fara á beit*

– *En hvenær kemur bókin svo út?*

„Við sem höfum verið að vinna við nautgriparækt í langan tíma hlökkum alltaf til vorsins og sérstaklega þegar kúnum er sleppt út og ég hef því miðað við að bókin komi út áður en kýrnar fara á beit! Reyndar liggur verðið á henni ekki endanlega fyrir þar sem hugmyndin er nú ekki að prenta mörg eintök og því verður bókin bara seld í forsölu.“

Þegar liggur fyrir hve margir vilja eignast eintak mun verðið liggja fyrir en að sögn Snorra verður kostnaðurinn að hámarki 6.000 kr. með virðisaukaskatti og líklega lægri. Þeir sem hafa áhuga á að eignast prentað eintak skal bent á að eins og áður segir þá verður bókin eingöngu seld í forsölu fram til 15. maí og má panta eintak með því að senda tölvupóst á: snorri.sigurdsson@outlook.com */HKr.*



#### 16.1. Inngangur

Heilbrigðar klaufir eru kúnni afar mikilvægar enda eru þær undir miklu álagi þegar kýrin sinnir sínu daglega atferli til dæmis við að sækja sér fóður, við mjaltir og í samskiptum við aðrar kýr í fjósinu. Sé klaufheilbrigði ábótavant, getur það orsakað að kýrin veigri sér við að sinna áðurnefndu atferli. Það skal því engan undra að erlendis er helti og klaufvandamál nefnt sem þriðja kostnaðarsamasta heilbrigðisvandamálið, á eftir júgurbólgu og frjósemisvandamálum.

#### 16.2. Hlutverk klaufa

Kýrin hefur 8 klaufir, tvær á hverjum fæti, ytri og innri klaufir. Til viðbótar eru svo tvær lagklaufir (einnig nefndar lágklaufir eða hjáklaufir) á hverjum fæti, fyrir ofan klaufirnar eins og sjá má á mynd 1.

Hjá fjórfættum grasbítum hafa fram- og afturfætur mismunandi hlutverk. Framfætur sjá meira um að bera gripinn uppi þegar skepnan er kyrr, en um 55% af heildarþyngdinni hvílir á framfótum, á meðan afturfætur sjá um að koma með þann kraft sem þarf til að skepnan geti komið sér áfram á göngu eða hraðari gangtegund. Þessi mismunur á hlutverki fóta veldur því að munur er á fram- og afturklaufum. Munurinn felst aðallega í því að framklaufir eru stærri en afturklaufir vegna þess að meiri þyngd hvílir á þeim, sem krefst meiri styrks og meiri getu til að dempa högg við göngu. Ennfremur er algengt að stærðarmunur sé á milli ytri og innri klaufar á hverjum fæti fyrir sig. Það orsakast af því að þegar kýrin stendur setur hún meira álag á innri klaufir framfóta sem veldur því að þær verða yfirleitt stærri en þær ytri. Hins vegar notar kýrin ytri klaufir afturfóta meira til að spyrna sér áfram en þær innri, sem þá veldur því að þær ytri verða stærri.

#### 16.3. Uppbygging klaufa

**Ytri hlutar klaufar**

Í grófum dráttum má tala um að klaufinni sé skipt upp í 4 hluta, sem eru: veggur, hæll, klaufbotn og hvíta línan, sjá mynd 1.

Lagklaufir
Hæll
Bolli
Klaufhvarf
Klaufbotn
Veggur
Hvíta línan

*Mynd 1. Helstu heiti á ytri hlutum klaufar.*

Veggurinn er sá hluti af klaufinni sem sést á meðan kýrin stendur á gólfinu en þetta er vefur sem er sambærilegur við neglur mannfólksins. Veggurinn er harðasti hluti klaufarinnar og hefur það hlutverk að taka á sig stóran hluta af þunga gripsins á meðan hann stendur.

Veggurinn er þó ekki það eina sem sést þegar kýrin stendur á gólfi, því aftast má sjá hluta hælsins, en hællinn er einnig í snertingu við gólfið. Hællinn er gerður úr mýkri vef en veggurinn og fyrir innan hann er þykkur fituvefur kallaður



*Mynd 5. Blaðra sem hefur sprungið og litast til hægri.*

Þá eru einnig til hylki sem eru límd á halarótina sem springa þegar riðið er upp á kúna (sjá mynd 5).

Ein aðferðin er eins konar viðvörunarhnappur sem er festur á halarótina sem sendir örbylgjumerki í mastur eða nema sem sendir það áfram inn í tölvu (sjá mynd 6).

Þá er að verða nokkuð algengt að í fjósin séu komnar eftirlitsmyndavélar sem auðvelda alla vöktun og þar með að fylgjast með beiðslum.

Vöktunarstöð

*Mynd 6. Sendir sem sendir boð þegar kýr stendur undir.*

**Prógesterónmælingar**

Það eru til einfaldar aðferðir til þess að mæla prógesterón í mjólk sem gulbú eggjastokkanna framleiða. Ef ekkert prógesterón mælist í mjólkinni, eða blóðinu, er það vísbending um að ekki sé neitt virkt gulbú í eggjastokkum kúnna. Þá eru eggjastokkarnir annað hvort ekki virkir eða kýrin er nálægt því að vera að beiða. Það er alveg ljóst að ef ekkert prógesterón mælist þá er kýrin ekki með fangi. Ef prógesterónið er hátt er kýrin örugglega ekki að beiða og hún gæti verið með fangi (sjá mynd 7).

Til eru nokkrar útgáfur af flýtiaðferðum til þess að mæla prógesterón í mjólk, en stök mæling er bara vísbending og hún gefur ekki nákvæma tímasetningu fyrir sæðingu, þar þarf að leita eftir öðrum beiðsliseinkennum. Hún gefur þó örugga vissu um að kýrin sé ekki að beiða og þá óljósa vísbendingu um að kýr sem var sædd fyrir 3 vikum gæti verið með fangi.

Það eru komin mjaltakerfi með innbyggðum prógesterón mælingum um leið og kýrnar eru mjólkaðar. Ekki er ólíklegt að slík mæling verði þróuð áfram þannig að hún verði hluti af þeim upplýsingum sem bóndinn fær daglega.

*Mynd 7. Prógesterón fellur þegar kýr beiða og helst uppi þegar þær eru með fangi.*









## Fyrsti Evrópski ullardagurinn:

# Framlag Íslands var meðal annars myndband um hvernig garn verður til

**Fyrsti Evrópski ullardagurinn var haldinn á föstudaginn. Ísland var þátttakandi í viðburðinum sem fór fram með fjarfundarfyrirkomulagi en um útsendingu sá sjónvarpsstöð í Róm á Ítalíu.**

Ísland er aðili að félagsskap sem stofnaður var utan um þennan viðburð og heitir European Wool Exchange og er Hulda Brynjólfsdóttir í forsvari fyrir íslensku þátttakendurna, en hún er framkvæmdastjóri smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna og sauðfjárbóndi í Lækjartúni nálægt austurbökkum Þjórsár. „Heitið á félagsskapnum er skammstafað EWE, en það er enska orðið yfir kvenkyns sauðkind.“



Hulda Brynjólfsdóttir í Uppspuna er í forsvari fyrir íslensku þátttakendurna. Mynd / smh



Hér eru Ingibjörg Sveinsdóttir og Sigurlaug Steingrímsdóttir, Spunasystur í Uppspuna. Mynd / Úr einkasafni




Landakort þar sem búið er að merkja öll þau lönd sem tóku þátt.

### *Róandi handavinna*

„Á Kýpur er prófessor í skurðlækningum, sem kominn er á eftirlaun, styrktur af landbúnaðarráðuneytinu þar í landi til að efla vitund fólks fyrir evrópskri ull og nýtingarmöguleikum hennar.

Hann veitti því athygli í sínu starfi að fólk, sem kom með prjónana með sér í skurðaðgerð, var ekki eins stressað þegar það kom í aðgerð og yfirleitt fljótara að jafna sig eftir aðgerðir en þeir sem ekki höfðu neitt milli handanna.

Heilbrigðisfólk fór að velta fyrir sér þessari staðreynd og nota handavinnu til að aðstoða fólk sem á við veikindi að stríða eða er að jafna sig eftir aðgerðir. Það varð strax kappsmál að nýta efni sem væri náttúruvænt og gott fyrir umhverfið til að nota í handavinnuna og kom ullin þar sterk inn. Ákveðið var að leita leiða til að sameina gæði ullarinnar og handavinnu sem læknisaðferð og sýna fólki fram á að ull er hráefni sem vert er að sýna virðingu og nýta betur en gert er í dag.

Stofnaður var hópur um verkefnið sem síðan var víkkaður út til fleiri landa í Evrópu og innan skamms voru komnir fulltrúar í hópinn úr fjölmörgum Evrópulöndum,“ segir Hulda um forsögu þessa viðburðar.

### *Fræðslumyndbönd um ullarvinnslu*

„Annar hópur í Evrópu sem í eru framleiðendur ullar, bændur, ullarvinnslufólk og vísindafólk tengt ull, sameinaðist þessum hópi í því að tala máli ullar á sem víðustum grunni og ákveðið var að halda fyrsta Evrópudag ullarinnar 9. apríl síðastliðinn,“ útskýrir Hulda.

Hún fór því á stúfana og hafði samband við tengiliði sína um allt land og hvatti þá til að taka þátt í deginum á einn eða annan hátt og láta vita af því á Facebook eða öðrum miðlum.

„Evrópska ullardeginum var streymt beint frá Róm á Ítalíu frá því klukkan átta um morguninn til klukkan 17. Þangað sendi fólk úr öllum löndum inn myndbönd eða fréttaglærur um ull og hvað verið er að gera í þeirra landi fyrir ull og úr ull. Ég sendi til að mynda inn myndband um hvernig garn verður til sem heitir How yarn is made. Í myndbandinu fer ég yfir ferlið frá fjárhúsi til fullunninnar flíkur á skýran og lifandi hátt,“ segir Hulda.

### *Góð þátttaka um allt land*

„Þetta var alveg frábær dagur. Það var svo gaman hversu vel fólk tók í þetta og hversu mikið var gert.

Um allt land voru uppákomur eins og leyfilegt var að hafa þær nú þegar Covid setur okkur hömlur. Fólk hittist í smáum hópum og prjónaði, spann, óf eða eitthvað annað tengt ull. Opið var í verslunum og afslættir á ullargarni eða ullarvörum hér og þar um landið.

Ég sá til dæmis útsendingu frá Prjónagleðinni á Blönduósi, þar sem þau fóru í heimsókn í Skagafjörð og víðar og hittu þar handverksfólk við vinnu sína og sýndu beint frá því, og einnig í fjárhús í Húnavatnssýslunni, enda nauðsynlegt að leyfa kindinni sem gefur okkur þetta hráefni að vera með í þessum viðburði.

Í Eyjafirði stóð Handraðinn fyrir þremur viðburðum (vegna fjöldatakmarkana) í firðinum. Það var prjónað og ofið og spunnið á hverjum stað og samvera nýtt í að búa til gersemar úr ull.

Í Uppspuna komu Spunasystur saman með rokkana sína og horfðu saman á streymið frá Ítalíu og í Þingborg og Ullarselinu á Hvanneyri var opið og tilboð í gangi.

Forystusetrið opnaði sýningu um ull af forystufé og ætlaði að vera með prjónakeppni en henni var frestað vegna samkomutakmarkana.

Gilhagi sýndi frá vinnslunni sinni og þau í ÍSTEX stóðu vaktina og unnu ull allan daginn.

Við í Uppspuna fengum að taka yfir Instagram-reikning frá hópnum Prjónum saman og sýna frá vinnslunni og okkur sjálfum allan daginn, auk þess að vera sýnileg á okkar eigin miðlum, þannig að það var reynt að vera eins víða og áberandi og við komumst upp með og ég held að það hafi bara tekist,“ segir Hulda um þátttökuna á Evrópska ullardeginum.

### *Gekk ótrúlega vel*

Hulda segir að streymisútsendingin hafi tekist mjög vel og hafi komið á óvart hversu vandræðalítið allt saman gekk fyrir sig, miðað við hversu umfangsmikinn viðburð var að ræða.

Ég dáðist alveg að tímasetningum og hversu skemmtileg mörg myndböndin voru. Ég á að sjálfsögðu eftir að horfa á eitthvað af þessu, en það er hægt að fara inn á Facebook-síðu viðburðarins til að horfa á streymið. Auðvitað eru einhverjir hnökrar sums staðar, en þetta voru 25 lönd eða meira sem tóku þátt í þessu og sendu inn efni og þá eru líkur á að eitthvað sé ekki fullkomið. Ég mæli með að kíkja á þetta, það er mjög gaman að sjá hvað Evrópubúar eru að fást við.

Ég á eftir að fá fréttir frá nokkrum aðilum um hvað gert var, en það var mjög gaman að sjá viðbrögðin og finna hvað fólk var áhugasamt og tilbúið til að taka þátt í þessu með mér. Ég get sagt frá mörgu á næsta fundi með Ullarhópunum í Evrópu.“

### *Verður örugglega framhald*

Hulda gerir fastlega ráð fyrir að framhald verði á slíkum viðburðum, enda sé talað um „fyrsta Evrópska ullardaginn“ í heitinu. „Það var allan tímann gert ráð fyrir að þeir yrðu fleiri. Það er gríðarlegur áhugi á ull í heiminum öllum. Prjónafólk sækir orðið meira og meira í ullina. Spunafólk, vefarar, þæfingarfólk, heklarar, útsaumur – nefndu það, það er hægt að nota ull í allt mögulegt.

Á næstu dögum munu liggja fyrir niðurstöður úr Ullarþoninu sem Textílmiðstöðin á Blönduósi stóð fyrir um daginn og gaman að sjá hvað kemur út úr þeirri hugmyndavinnu. Ég sé ekki annað en að ull eigi sér glæsta framtíð, því ull er gull.“ */smh*

Bændablaðið
Kemur næst út
29. apríl

LÍF & STARF

Hugsanleg sameining sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu:

# Þarf að byggja upp traust

**Íbúar í Austur-Húnavatnssýslu telja að ein helsta áskorunin við mögulega sameiningu sveitarfélaganna sé að byggja upp traust og auka trú íbúa á að hag þeirra verði betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi, að þjónusta nái til allra íbúa og að áhrif jaðarbyggða verði tryggð. Sameining sveitarfélaga geti ekki farið þannig fram að eitt sveitarfélag yfirtaki önnur.**

Þetta er meðal þess sem fram kom á rafrænum íbúafundi um sameiningarmál sem haldinn var nýverið og fjallað er um á vef sameiningarverkefnisins; hunvetningur.is.

Þá var varað við því að lofa of miklu í tengslum við mögulega sameiningu, eða halda því fram að allt verði óbreytt. Íbúar leggja jafnframt áherslu á að einkenni, menning og mannlíf hvers samfélags verði varðveitt. Þannig verði íbúar áfram Blönduósingar, Skagstrendingar og Vatnsdælingar svo dæmi sé tekið.



Norðurland vestra, Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla.

***Möguleg sameining skóla til umræðu***

Mikil umræða var um fræðslumál og áhersla lögð á að skólar svæðisins haldi sínum sérkennum og geti veitt þjónustu í samræmi við þarfir á hverjum stað. Ein viðamesta breytingatillagan sem kynnt var á fundinum er möguleg sameining Blönduskóla og Húnavallaskóla og var mikil umræða um þá tillögu. Mikil áhersla var lögð á að sameining skóla væri raunverulega sameining skóla en ekki yfirtaka stærri skóla á þeim minni. Afar mikilvægt væri að vinna að verkefninu í samstarfi við starfsfólk og foreldra.

***Tækifæri í auknum slagkrafti***

Tækifæri svæðisins eru talin liggja í auknum slagkrafti til atvinnuþróunar og hagsmunagæslu gagnvart ríki og Alþingi, sérstaklega í samgöngumálum. Væntingar eru um að sameiningarframlög hjálpi svæðinu að verða fjárhagslega sterkara og til að efla stjórnsýslu og þjónustu. Þá töldu þátttakendur í fundinum að mikil tækifæri felist í aukinni áherslu á umhverfis- og skipulagsmál og uppbyggingu á Húnavöllum.

***Sérstaða hvers byggðakjarna***

Á öðrum rafrænum fundi um sameiningarmálin kom fram að óvissa væri ríkjandi og eðlilegt að fólk hefði áhyggjur af því hver þróunin yrði. Íbúar óttast að missa áhrif og að dregið verði úr þjónustu, viðhaldi eða framkvæmdum í þeirra nærumhverfi og að fjármál sveitarfélagsins yrðu ekki nægilega sterk til að byggja upp þjónustu og sækja fram.

Fram kom að mikilvægt væri að varðveita núverandi þjónustu og bæta hana, halda sérstöðu hvers byggðakjarna og halda áfram með staðbundna menningarviðburði eins og þorrablót. Það var á fundinum áréttað að alla breytingar yrðu undirbúnar vel og íbúar upplýstir um málin hvort heldur væri varðandi sameiningu sveitarfélaga eða sameiningu skóla. /MÞÞ

# Hjólastólaaðgengi í strætó verður á fjórum leiðum á landsbyggðinni

## – Fyrsti vagninn með hjólastólalyftu tekin í notkun

**Fyrsti sérsmíðaði vagninn með hjólastólalyftu sem ekur fyrir Strætó á landsbyggðinni kom nýverið til landsins og er þegar kominn í notkun á leið 57 sem ekur á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Hópbílar sjá um þann akstur. Von er á þremur vögnum til viðbótar.**

Vegagerðin gerði kröfu um aðgengi fólks í hjólastólum í útboði landssamgangna sumarið 2020. Krafan snerist um að slíkir vagnar væru til taks fyrir leiðir 55 (Keflavík-Reykjavík), 56 (Akureyri-Egilsstaðir) og 57 (Reykjavík-Akureyri) og sameiginlega á leið 51 (Höfn-Reykjavík) og 52 (Reykjavík-Landeyjarhöfn), eða samtals fjórir vagnar.



**Bíllinn sem nú þegar er í notkun er frá Hollandi af gerðinni VDL og er, eins og hinir vagnarnir sem von er á, af lengstu mögulegu gerð vagna sem framleiddir eru í Evrópu. Hann er útbúinn hjólastólalyftu sem getur lyft a.m.k. 300 kg en lyftupallurinn er öruggur bæði í þurru og votu veðri.**



**Í bílnum er beltisbúnaður og búnaður til að tryggja að stóllinn sé kyrr í vagninum. Festingar fyrir hjólastólana eru geymdar í vagnlestinni þegar stæðið er ekki í notkun. Plássið í vagninum sem er ætlað undir hjólastóla er ekki hægt að nýta undir hefðbundin vagnasæti.**

***Hjólastólaaðgengi brátt í boði milli Akureyrar og Egilsstaða***

Hópbílar sem hlutu útboð fyrir akstur á Reykjanesi, Suðurlandi, Vestur- og Norðurlandi, hafa nú fengið afhentan fyrsta sérsmíðaða vagninn með hjólastólalyftu og tekið hann í notkun. SBA hlaut útboðið fyrir Norður- og Norðausturland og á fyrirtækið von á einum sérsmíðuðum bíl með hjólastólaaðgengi til að nota á leiðinni milli Akureyrar og Egilsstaða.

Farþegar sem þurfa aðgengi fyrir hjólastól þurfa að láta þjónustuver Strætó vita með minnst 24 klukkutíma fyrirvara. /MÞÞ


EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

**Aðalfundur ÍSTEX hf.**
verður haldinn miðvikudaginn
21. apríl 2021, kl. 17:00.

**Dagskrá**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Þróunarmál og hönnun.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hlutahafa sem þess óskar.

Í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu kórónuveiru verður fyllstu varúðar gætt. Hægt verður að skrá sig á *istex.hf@istex.is* eða í **566 6300** til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent frá skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, apríl 2021
Stjórn ÍSTEX hf.

YLEININGAR
Vandaðar samlokueiningar í miklu úrvali.
Fást bæði með PIR og steinullar einangrun.



GRÓÐURHÚS
Tryggðu þér vandað gróðurhús fyrir sumarið!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

MENNING & SAGA

# Áveitur – þakkir til heimildarmanna


Svör og ábendingar bárust frá heimildarmönnum víða um land.

**Vorið 2019 birti Bændablaðið stutta grein mína, Minjar um áveitur?, þar sem ég spurðist fyrir um þær og þá fyrst og fremst áveitur utan hinna vel þekktu svæða þeirra, t.d. í Árnessýslu.**

Og það gerðist sem oftar að lesendur Bændablaðsins brugðust vel við. Á fimmta tug heimildarmanna bentu á og/eða sögðu frá áveituminjum. Sumar þeirra hafa komist inn á fornminjaskrár; aðrar ekki. Nokkrir svarendur sendu ljósmyndir. Einnig bárust frásagnir af síðustu notkunarárum áveitna, ýmist byggðar á eigin upplifun heimildarmanns eða sögnum eldri kynslóðar. Skal þá ekki látið ónefnt að enn eru dæmi um áveitur í notkun. Sumar frásagnanna voru afar ítarlegar. Ég legg ekki í að mismuna heimildarmönnum með því að nefna suma en ekki aðra; freistast þó til þess að upplýsa að í hópi þriggja rækilegustu greinargerðanna voru tvær þingeyskar og ein rangæsk.

Svör heimildarmannanna sýna að áveitur á einu eða öðru formi hafa verið algengar í sveitum landsins nokkuð fram á tuttugustu öld. Eðlilega hefur almenn athygli beinst að hinum stóru áveitum, svo sem um Skeið og Flóa, framkvæmdum sem á þeirra tíð voru með þeim stærstu á landsvísu. En það má líka minnast þeirra mörgu og smáu sem aðeins áttu að hvetja grasvöxt á örfáum dagsláttum, jafnvel bara einni. Ræktunarfrömuðir hvöttu til áveitna á engjaræktunartímanum – fram á fyrsta fjórðung síðustu aldar. Margar minjanna eru því frá þeim tíma en einnig greindu heimildarmenn frá áveitum sem taldar eru vera mun eldri.


Áveitugarðar á engjum Bæjar í Borgarfirði.

Við ritun áveitukaflans í bókinni Yrkja vildi eg jörð, sem út kom í fyrra, studdist ég við svör þeirra sem sendu mér fróðleik. Margt var þar þó ónefnt en svörin verða geymd. Ef til vill get ég gert efninu rækilegri skil síðar.

En að lokum það tvennt sem ég hafði í huga með þessari grein: Að minna á minjar um áveitur sem enn kunna að sjást og eiga þekkta sögu – að hlúð sé að þeim svo sem fært er og tiltækur fróðleikur um þær skráður. Og svo hitt, að þakka öllum heimildarmönnum mínum kærlega fyrir liðsemdina. Leynist enn frekari fróðleikur þigg ég hann með þökkum.

*Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri*

MaxiFlex og MaxiDry
ATG
Þú færð MaxiFlex og MaxiDry hjá okkur!
KH VINNUFÖT
Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

# Árni G. Eylands – brautryðjandi nýrrar bútækni

**Nú er að segja frá Árna G. Eylands (1895–1980) sem mjög kom við sögu Búsáhaldasýningarinnar 1921. Árni var Skagfirðingur, fæddur að Þúfum í Óslandshlíð. Guðmundsson var hann en tók sér ættarnafnið Eylands. Árni var búfræðingur frá Hólaskóla 1913 en hélt síðan til Noregs til náms og starfa. Þar dvaldi hann um sjö ára skeið og varð gagnkunnugur landi og þjóð.**

Þegar Sigurður búnaðarmálastjóri hóf að drífa áfram hugmyndina um Búsáhaldasýningu leitaði hann m.a. til Árna; þekkti hann að góðu sem nemanda frá Hólum, bað hann „vera á verði með það að útvega alt það til sýningarinnar frá Noregi, sem þú heldur að notum geti komið hér“. Þá kom sér vel hve kunnugur Árni var orðinn Norðmönnum og norskum aðstæðum. Veturinn 1920 veitti Búnaðarfélag Íslands Árna styrk til þess að kynna sér notkun búnaðarverkfæra. Liður í því var þátttaka í námskeiði fyrir vélplægingamenn (motorplogførere), sem haldið var þá um vorið við Prófunarstofnun búverkfæra við Landbúnaðarháskólann á Ási. Það mun hafa verið fyrsta námskeið þess efnis í Noregi, stóð í viku og þar lærði Árni að hirða og aka dráttarvélunum Mogul, Cleveland og Republic. Hann varð sennilega fyrsti Íslendingurinn sem lærði formlega á aflvélar til búverka.

Haustið 1920 ákvað Búnaðarfélagið að ráða Árna í þjónustu sína um sex mánaða skeið. Skyldi hann kynna sér nýjustu aflvélar, læra skurðagröft og að fara með sprengiefni, og kynna sér skurðgröfur: „Í maí ættuð þjer að koma hingað til Reykjavíkur og eftir það vinna að undirbúningi verkfærasýningarinnar, eða öðru, eftir því sem um semst.“

Árni hafði í nógu að snúast á meðan Búsáhaldasýningin stóð. Fljótlega að henni lokinni var gerður samningur um starf hans að verkfæraútvegun og ráðgjöf til bænda í samvinnu Búnaðarfélagsins og Sambands íslenskra samvinnufélaga. Töf varð á efndum samningsins. Með samkomulagi við Búnaðarfélagið tók hann þá sjálfur að útvega og selja búnaðarverkfæri, svo sem plóga og herfi, steingálga, hestarekur, forardælur ... eins og sagði í auglýsingu frá haustinu 1923. Um þær mundir þekkti enginn betur til þeirra verkfæra en Árni G. Eylands. Var svo að minnsta kosti næstu tvo áratugina. Dæmi eru um að Árni kæmi til leiðar breytingum á verkfærum sem seld voru til Íslands: Nefna má m.a. betri bógtré á dráttarbúnaði hestasláttuvéla þannig að betur fór um vinnuhestana við dráttinn.


Á efri árum sínum mundar Árni G. Eylands hér pál sinn. Mynd / Úr einkasafni

Skrifa má heila bók um ævistarf Árna G. Eylands að innleiðingu vél- og verktækni hvers konar í íslenskan landbúnað. Sjálfur skrifaði hann bók um það sem nær fram um miðja síðustu öld; Búvélar og ræktun. Bókin sú er einstakt heimildarit um fyrstu vélar og verkfæri til bústarfa hérlendis.

*Bjarni Guðmundsson*

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

# Nýtt félagskerfi bænda í burðarliðnum

**Fyrirhugað er að sameina Bændasamtök Íslands og búgreinafélög á Aukabúnaðarþingi sem haldið verður 10. júní nk. Áður en að því kemur þurfa þó aðildarfélög að halda sína aðalfundi og taka ákvörðun um sína framtíð. Landssamband kúabænda samþykkti í síðustu viku að sameinast BÍ á sínum aðalfundi. Ef allt gengur upp mun nýtt skipulag taka gildi 1. júlí. Þangað til verður í mörg horn að líta við endurskipulagningu, m.a. koma á nýjum félagsgjöldum og ákveða verkefni og verkaskiptingu innan nýrra Bændasamtaka.**



Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá BÍ. Mynd / HKr.

*Bændur þurfa að skrá sína veltu*

Í grunninn mun nýtt félagskerfi byggja á tvennu, þ.e. fjölda félagsmanna í hverri búgrein og á veltu hverrar búgreinar. Fjöldi fulltrúa búgreinafélaganna á Búnaðarþingi mun skiptast í samræmi við það. Til að mæta þessu þurfa allir greiðendur félagsgjalda að fara inn á Bændatorgið og haka við þær búgreinar sem viðkomandi stundar og skrá jafnframt veltutölur skv. framtali síðasta árs. Í mörgum tilfellum eru bú blönduð og þá er veltunni skipt hlutfallslega á viðkomandi greinar. Veltuskráningin ákvarðar einnig það þrep sem viðkomandi aðili greiðir félagsgjaldið eftir. Opnað verður fyrir skráninguna inni á Bændatorginu í byrjum maí og stefnt er á að ljúka henni ekki seinna en um miðjan júní.

*Félagsgjöld vegna fyrri helmings ársins*

Félagsmenn í BÍ fengu senda rafræna gíróseðla fyrir páska vegna félagsgjalda fyrstu sex mánaða ársins. Upphæðin byggir á samþykkt Búnaðarþings 2021 og er áætluð út frá veltuþrepum fyrra árs. Lögð var til 0,32% veltutenging á hvert þrep fyrir óbreytt félagskerfi. Hins vegar var félagsgjald aukafélaga að BÍ innheimt fyrir allt árið, enda er upphæðin óháð veltu og er 20.000 kr. vegna ársins 2021. Eins og undanfarin ár eru auk þess innheimtar 2.000 kr. í Velferðarsjóð BÍ með hverju félagsgjaldi. Eindagi félagsgjaldanna er núna 19. apríl og eru bændur hvattir til þess að gera upp innan þess tíma.

*Veltuþrepum fjölgað og þak hækkað*

Þegar uppfærð skráning á veltu liggur fyrir um mitt ár, eiga aðilar von á endanlegu uppgjöri eftirstöðva tímabilsins. Það á sérstaklega við um þá aðila sem falla undir hærri veltuþrepin. Til að gæta jafnræðis er þrepunum fjölgað milli ára úr 12 í 45 og þakið á veltuviðmiði hækkað úr 85 m. kr. í 500 m. kr. Þeir sem vilja kynna sér nánar þrepaskiptinguna og félagsgjöld er vinsamlegast bent á að fara inn á vefsíðu samtakanna www.bondi.is undir „félagsmál“. Þar er hægt að nálgast frekari upplýsinga um félagsgjöldin á hverjum tíma, þann ávinning sem félagsaðildin veitir og skrá sig í samtökin.

*Eitt félagsgjald BÍ og búgreinafélaganna*

Verði af sameiningu um mitt ár, þá er lagt til að aðilar greiði ekki félagsgjald til sinna búgreinafélaga á sama grunni, heldur verður innheimt eitt félagsgjald. Í því samhengi voru samþykkt á Búnaðarþingi 2021 drög að þrepaskiptu félagsgjaldi fyrir sameinuð samtök, þar sem lagt er til að gjaldið hækki í 0,6% af veltu úr 0,32%. Auk þess er einu þrepi bætt við og er lagt til að lágmarksgjaldið verði 15.000 kr. Þess vegna geta félagsmenn átt von á því að þann 1. júlí nk. verði innheimt félagsgjald samkvæmt breyttu veltutengdu, þrepaskiptu gjaldi, fyrir mánuðina júlí-desember.

Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar breytingar á starfseminni sem áætlað er að taki gildi um mitt ár og munu starfsmenn BÍ góðfúslega svara fyrirspurnum félagsmanna í síma 563-0300 á skrifstofutíma og í netfangið bondi@bondi.is.





LSB Lífeyrissjóður bænda

## Ársfundur – stjórnarkjör 2021

**Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda** verður haldinn föstudaginn 28. maí 2021 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

**LSB auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins:**

- Eitt sæti í aðalstjórn til fjögurra ára.
- Eitt sæti í varastjórn til tveggja ára.

Þeir sem gefa kost á sér þurfa að fullnægja kröfum um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. lögum nr. 129/1997, reglum FME og samþykktum sjóðsins og vera tilbúnir til að gangast undir hæfismat FME. Framboðsfrestur er til 29. apríl 2021.

Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboða til setu í stjórn sjóðsins má sjá á heimasíðu sjóðsins, www.lsb.is.

**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda**

**Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**

**Bændablaðið**
**Kemur næst út 29. apríl**



**Aðall frá Nýjabæ**

Stóðhesturinn Aðall er laus til útleigu næstkomandi sumar 2021. Aðall er heiðursverðlaunahestur fyrir afkvæmi. Aðaleinkunn 8,64

F. Adam frá Meðalfelli
M. Furða frá Nýjabæ



**Aljón frá Nýjabæ**

Stóðhesturinn Aljón er laus til útleigu næstkomandi sumar 2021. Aljón gefur þæg hross, auðveld í tamningu og með góð gangskil. Aðaleinkunn 8,18

F. Fróði frá Staðartungu
M. Furða frá Nýjabæ

**Upplýsingar gefur Olla í Nýjabæ í síma 435-1233**

# Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákoni Hanssyni og Þorsteini Ólafssyni



Eðlilegur burður.



Á framfæti eru hné og lagklaufir gagnstæð.



Svona á að draga lamb út.



Á afturfæti snúa hækill og lagklaufir í sömu átt.



Þegar annar fóturinn kemur ekki þarf í þessu tilfelli að fara inn og koma fingri í hnésbótina og rétta úr fætinum. Jafnvel þó að fóturinn liggi beinn aftur með lambinu er oftast best að byrja á að rétta fótinn fram.



Hvorugur fóturinn kemur með. Það verður að ná að minnsta kosti öðrum fætinum, helst báðum, annars næst lambið ekki út.



Höfuðið stangar í mjaðmagrindina, hér verður að láta ána standa og ýta höfðinu inn og koma spotta aftur fyrir eyrun á lambinu.



Afturfætur sjá Mynd 3. Lambið oft stórt, dregið varlega til skiptis í sitthvorn fótinn. Reyna að skaða hvorki lamb né á. Hætta á brotnum rifbeinum. Nota mikið slím. Ekki reyna að snúa lambinu. Dýralæknisaðstoð og keisarskurður oft besta úrræðið.



Höfuðið snýr aftur eða niður. Vera viss um að fæturnir tilheyri sama lambinu og að þeir séu framfætur, sjá Mynd 2. Fara inn ofan við lambið og finna höfuðið. Nota mikið burðarslím og reyna að rétta höfuðið. Aldrei toga í neðrikjálkan á lambinu.



Hér verður að ná hinum fætinum, svona kemst lambið ekki út.



Tvö lömb, mikilvægt að vita hvað tilheyrir hvoru lambi. Hafa hærra undir ánni að aftan. Mælt er með því að taka lambið sem kemur aftur á bak fyrst sé það ekki því stærra.


**Bændablaðið**

*Smáauglýsingar 56-30-300*



**Lely Center Ísland**



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

**HAUGSUGU-DÆLUR**

**HAUGSUGUHLUTIR**
**VARAHLUTIR**



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




Hildur frá Hvammshlíð með Garúnu og Möggu Nikulásdætur.

## Burðarhjálparmyndbönd á YouTube:

# Leiðbeiningar núna líka á ensku og þýsku

**Fyrir ári síðan var opnuð YouTube-rásin Leiðbeiningarefni um burðarhjálp, með myndböndum um burðarhjálp á sauðburði. Um verkefni þeirra Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð og Axels Kárasonar dýralæknis er að ræða, þar sem leitast var við að veita ráðgjöf um öll hugsanleg burðarvandamál og uppákomur á sauðburði. Nú hefur framhald orðið á verkefninu og brugðist við óskum um myndbönd á þýsku og ensku sem ætlað er aðstoðarfólki sem kemur erlendis frá.**

Karólína segir að nú séu öll þýsku myndböndin nýkomin inn á rásina, 15 að tölu, og þau ensku séu að tínast inn. Fleiri séu væntanleg fyrir sauðburð en auk þess eru 23 myndbönd á íslensku inni á rásinni. „Myndböndin sem við Axel dýralæknir gáfum út í fyrra fengu góðar viðtökur hjá bændunum og við náðum líka síðar í aukaefni varðandi sjaldgæf tilvik sem bændur ættu að geta nýtt sér í sauðburðinum núna,“ segir hún. Hún telur að rúmlega tíu prósent sauðfjárbænda hafi aðstoðarfólk erlendis frá á sauðburði og byggir það á óformlegri könnun sem hún sendi út til bænda og rúmlega 220 svör bárust.

***Viðbætur um sjaldgæf tilvik***

„Við höfum fengið gott efni frá bændum um almenn vandamál og nú síðast um þessi sjaldgæfu tilvik, meðal annars frá Láru Björg Björvinsdóttur, Ástu F. Flosadóttur, Eline Manon Schrijver og Þóreyju Sigríði Jónsdóttur. Framúrskarandi í þessu samhengi er skemmtilegt myndband sem Bjarki Sigurðsson á Skarðaborg tók þegar hann var einn á næturvakt og sneri snúnu legi – með góðum árangri. Þótt um afar krefjandi verkefni væri að ræða hélt hann húmor og lýsti á sama tíma aðferðinni á skýran hátt. Eins er ógleymanlegt að taka upp burð á Grænumýri þar sem risastór hrútur með svaka horn – eins og Guttormur bóndi lýsti þeim – fæddist afturábak og kom í heiminn eldsprækur og alveg óbrotinn, þökk sé afbragðs burðarhjálparhæfileikum bóndans.

***Skref fyrir skref ákvörðunartré***

Verkefni þeirra hófst fyrir tveimur árum við undirbúning myndbandagerðarinnar og hafa þau fengið styrki úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til framleiðslunnar. „Á þýsku eru 15 myndbönd í boði þar sem nokkur styttri myndbönd voru sameinuð þannig að svo gott sem allt efnið er komið inn, ensku útgáfurnar eru að fylgja smátt og smátt á næstunni.

Svokallað ákvarðanatré þar sem

# Yfirlit yfir allar slóðir

Youtube-rásin (íslenska, enska, þýska – smella á "Vídeóin" til að sjá öll):
www.tinyurl.com/burdarhjalp

Ákvarðanatréð og listi yfir öll myndböndin á íslensku:
www.tinyurl.com/saudburdarhjalp

Ákvarðanatréð og listi yfir öll myndböndin á þýsku:
www.tinyurl.com/schaf-geburtshilfe

## Leiðbeiningarmyndbönd á íslensku:

- Burðarvandamál
- Eðlilegur burður
- Eðlilegur burður, aukaefni
- Vantar framfót
- Vantar framfót, aukaefni
- Afturábak
- Afturábak aukaefni
- Tvö lömb (eða fleiri)
- Stórt lamb
- Stór horn
- Kolskakkt
- Lambið á hvolfi
- Legsnúningur

**Annað í kringum burð**

- Gott að vita og gaman að horfa á (inngangsorð)
- Góð ráð, tæki og tól
- Fleiri góð ráð
- Handklæði sem hjálpartæki
- Notkun snúru/vírs/lambahjálpar
- Skeiðarsig/legsig
- Að venja undir
- Notkun magaslöngu
- Blæðandi naflastrengur
- Lífgunaraðferðir




Skjámynd úr myndbandinu hans Bjarka á Skarðaborg um snúið leg.




Skjámynd úr þýsku útgáfunni „legsnúningur“ – innra rörið er legið, ytra rörið er kindin.




Skjámynd úr ensku útgáfunni „afturábak“.

hægt er að finna út hvað er að skref fyrir skref er einnig aðgengilegt á þýsku, væntanlega verður það líka þýtt yfir á ensku aðeins seinna. Eins og grunnútgáfan er þetta allt afar tímafrekt verkefni en Fóðurblandan, S.A.H./Kjarnafæði, Lely Center Ísland og Kaupfélag Vestur-Húnvetninga hafa styrkt þýðingarnar sérstaklega og auk þess fóðurframleiðendurnir Bergophor frá Þýskalandi og Fallmann frá Austurríki,“ segir Karólína.




Skjámynd úr þýsku útgáfunni „á hvolfi“.

Grunnur myndbandanna eru upptökur sem Karólína gerði á mismunandi sauðfjárbúum, aðallega á Grænumýri, Halldórsstöðum, Stafni, Steinnesi og Sölvabakka. „Þá fylgir innsýn í orðsins fyllstu merkingu þar sem Axel notar lambalíkön og mjaðmagrind í raunstærð til að útskýra hvað er að gerast inni í kindinni. Einnig koma fram sem ráðgjafar þau Anna Margrét Jónsdóttir, Einar Kári Magnússon, Jón Árni Magnússon, Matthildur Hjálmarsdóttir, Sigursteinn Bjarnason og Þórdís Sigurbjörnsdóttir (í stafrófsröð).“

*/smh*



Sömu lömbin eftir vel heppnaða burðarhjálp (undan Nikulási frá Brakanda).

NÝSKÖPUN & SMÁFRAMLEIÐENDUR MATVÆLA

# Bylting í smáframleiðslu matvæla og flóran afar fjölbreytt

## – Heimavinnsluaðilar og aðrir smáframleiðendur rokkstjörnur samtímans

**Það má með sanni segja að bylting hafi átt sér stað í smáframleiðslu matvæla hér á landi á síðastliðnum áratug og fjölgunin undanfarin misseri nánast í veldisvexti. Tilfinningin er sú að hátt í vikulega hefji aðili framleiðslu á matvælum einhvers staðar á landinu. Það skemmtilegasta við þá þróun er hve fjölbreytt matvælin eru og hve bakgrunnur, staðsetning og aðstæður framleiðendanna eru ólíkar.**

Í Samtökum smáframleiðenda matvæla eru um 130 félagsmenn með fulla aðild. Af þeim er tæplega helmingur á lögbýli, þriðjungur á höfuðborgarsvæðinu og ríflega fimmtungur í bæjarfélagi utan höfuðborgarsvæðisins.

Meginvöruflokkur þriðjungs félagsmanna eru plöntuafurðir, hunang og salt. Plöntuafurðir eru vörur eins og sultur, sósur, súrkál, sinnep, pestó, kex og réttir fyrir grænkera. Meginvöruflokkur fjórðungs félagsmanna eru svo kjötafurðir. Aðrir vöruflokkar eru bakstur og sætindi, mjólkurvörur, ís og sorbet og fiskafurðir og sjávarfang. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér fjölbreytnina geta farið inn á vef samtakanna (ssfm.is) og smellt á flipann Félagsmenn.

Samkvæmt samþykktum Samtaka smáframleiðenda matvæla er smáframleiðandi aðili sem við uppgjörsdag er með hreina veltu undir 100.000.000 kr. Engin starfsmannafjölda- eða veltutengd opinber skilgreining á smáframleiðanda er til hér á landi og þær erlendu eiga ekki við, því mikill meirihluti íslenskra fyrirtækja myndi falla undir þær.

### *Atvinnueldhús og heimavinnslur á lögbýlum*

Í samtökunum eru aðilar sem eru allt frá því að vera í undirbúningsferli (ekki byrjaðir að framleiða) upp í fyrirtæki sem eru með hátt í hundrað milljóna króna veltu og allt þar á milli. Langflestir eru þó með veltu langt undir 10 milljónum á ári og framleiða vörurnar samhliða sínu meginstarfi / öðrum rekstri. Færst hefur í vöxt að einstaklingar án atvinnu hefji slíka framleiðslu, sem er afar jákvætt, enda sú nýsköpun sem verið er að kalla eftir nú á tímum Covid. Um 10% félagsmanna eru af erlendu bergi brotin og fjölgar þeim jafnt og þétt.

Samkvæmt matvælalögum er óheimilt að framleiða matvæli í heimahúsum. Krafa er gerð um að matvæli séu framleidd í vottuðum vinnslum eða atvinnueldhúsum. Bændur hafa því í auknum



mæli komið á fót svokölluðum heimavinnslum á býlum sínum og opinberir eða einkaaðilar sett á fót vinnslur og atvinnueldhús sem smáframleiðendur hafa aðgang að til að framleiða vörur sínar. Dæmi um það er Matís sem var frumkvöðull á því sviði og kom að uppsetningu matarsmiðja víða um land, Eldstæðið í Kópavogi, Ljómalind í Borgarnesi og Vörusmiðjan BioPol á Skagaströnd, þar sem fjölmargir félagsmenn framleiða sínar vörur. Ávinningurinn af því er mikill, enda kostnaðarsamt að koma upp eigin aðstöðu, kaupa öll tæki og tól sem þarf til framleiðslunnar og standast úttekt opinberra eftirlitsaðila. Þessi valkostur er því oft lykillinn að því að fólk hafi möguleika á að hefja framleiðslu og kanna hvort markaður sé fyrir vöruna.

### *Sívaxandi áhugi og meðvitund*

Samhliða þessari þróun hefur meðvitund og áhugi almennings á vörum matarfrumkvöðla og að styðja smáframleiðendur með því að leitast eftir að kaupa vörur þeirra aukist. Skilningur á mikilvægi nýsköpunar á sviði matvæla, verðmæti og menningarlegri sérstöðu matarhandverks og eftirspurn eftir hágæða „gourmet“ vörum er jafnframt sívaxandi.

Eitt af lykilverkefnum samtakanna er að kynna og þróa nýjar söluleiðir fyrir smáframleiðendur, meðal annars með því að stuðla að því að vörur félagsmanna séu teknar inn í vöruval almennra matvöruverslana, að þeim sé gert hátt undir höfði og gerðar bæði aðgengilegri og aðgreinanlegri viðskiptavinum. Það hefur verið auðsótt enda gera stjórnendur Krónunnar, Samkaupa, Hagkaups og Heimkaupa sér grein fyrir þessari þróun og hafa tekið vel í okkar umleitanir, hver á sinn hátt.

Aðilar sem sérhæfa sig í að bjóða og kynna vörur smáframleiðenda og eru með persónuleg tengsl við framleiðendur og þjónustu við






viðskiptavini, eins og Frú Lauga, Gott og blessað, Matarbúðin Nándin og sérverslanir hringinn í kringum landið, er svo ómetanlegur valkostur fyrir smáframleiðendur og neytendur.

Síðast en ekki síst eru beinar söluleiðir í gegnum eigin verslanir, vefi og samfélagsmiðla framleiðenda – sem og sameiginlega – að verða sífellt aðgengilegri neytendum, að ógleymdum matar- og sveitarmörkuðunum sem voru upphafið að þessum beinu tengslum framleiðenda og neytenda.

Stjórnvöld gera sér einnig grein fyrir þessari þróun og hefur ráðherra málaflokksins sýnt í verki vilja til að styðja við hana og þingmenn beitt sér í málefnum henni tengdri. Þar hefur borið hæst krafan um gerð reglugerðar um heimaslátrun fyrir geit- og sauðfé sem nú er komin í samráðsgátt og markmiðið að sauðfjár- og geitabændur geti slátrað heima í haust. Fjölmiðlar hafa að sama skapi haft mikinn áhuga á að fjalla um málefni smáframleiðenda matvæla og gert þeim góð skil.

### *Afturhaldssemi á undanhaldi*

Greinarhöfundur hefur því haft á orði að hún upplifi sig sem umboðsmann rokkstjarna samtímans. Það eru forréttindi að fá að vinna að málefnum sem svo mikill áhugi, jákvæðni og skilningur er á í samfélaginu og svona frjóu og framtakssömu fólki sem brennur fyrir því sem það er að gera.

Einstaka afturhaldsseggir reyna þó að tefja og hindra, en sem betur fer eru þeir á undanhaldi. Rifja má upp að þeir sem hafa barist einna mest gegn því að bændur fái að slátra sínu fé í vottuðu heimasláturhúsi, börðust einnig gegn því að bændur gætu sett upp vottaðar heimavinnslur á þeim tíma sem félagið Beint frá býli var stofnað fyrir tæpum hálfum öðrum áratug, með miklum fortölum.

Á landinu framleiða á þriðja hundrað ábúendur lögbýla matvæli úr eigin hráefnum og selja beint frá býli. Reynslan hefur sýnt og sannað að þau matvæli eru bæði heilnæm og örugg og jafnan af einstökum gæðum. Framleiðsla þeirra hringinn í kringum landið hefur jafnframt stuðlað að fjölbreyttari matarflóru, byggðafestu og auknum möguleikum bænda til að auka tekjur sínar og komast í beint samband við neytendur. Smáframleiðendur í borg og bæjum hafa að sama skapið lífgað upp á matarflóru nærsamfélagsins og landsins alls með hugmyndaauðgi sinni, metnaði og áhuga á að bjóða og kynna fyrir landsmönnum alls kyns spennandi nýjungar sem fá bragðlaukana til að dansa.

***Oddný Anna Björnsdóttir***
*framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla*

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Koparrista sem táknar harm þann sem fyllti Íslendinga er Eggert Ólafsson og kona hans, Ingibjörg Guðmundsdóttir, drukknuðu í Breiðafirði 31. maí 1768.

# Um Kálsins tömdu náttúru

**Nú er sá tími upp runninn er huga þarf að sáningu og uppeldi matjurta til gróðursetningar í heimilisgarða, þegar jörð hlýnar. Að mörgu er að hyggja og gott er að fylgja leiðbeiningum vísdómsfólks í þeirri grein.**

Gefnar hafa verið út margar íslenskar bækur og greinar um þetta efni. Skáldið og náttúrufræðingurinn Eggert Ólafsson (1726–1768) ritaði um uppeldi og gróðursetningu matjurta. Hann setti fram leiðsögn fyrir almenning um efnið í ritinu „Lachanologia“ sem hann ritaði um 1763. Það er fyrsta íslenska leiðbeiningarritið um garðyrkju á Íslandi en var ekki gefið út fyrr en að honum látnum, árið 1774. Meðal þekktustu kvæða Eggerts er „Undir bláum sólar sali“ sem kórfólk þekkir vel, auk margra ljóðabálka í anda upplýsingarstefnunnar, t.d. „Búnaðarbálk“. Eggert var annar höfunda frægrar Íslandslýsingar sem var afrakstur áralangra rannsókna hans og Bjarna Pálssonar um Íslands hagi eftir miðja 18. öld. Hér á eftir eru birt nokkur brot af leiðbeiningum hans, sem gaman getur verið að kynnast.



Stutt agrip ur
LACHANOLOGIA
eda
Mat-urta-Bok,
forrum
Vice-Logmannsins
Hr. Eggerts Olafs Sonar
um
Gard-Yrkiu a Islandi,
Fra þvi sadit fyrst fer i jordina, til þess alldinit verde a bord borit.
[illegible]
Af þeim excerptis sem author sialfr leifdi eptir sig, i eitt safnat
af
Sira Birni Halldors syni,
Profasti i Bardastr. sysslu.
Enn sidan at hanns og Vice-Logmannsins Magnusar Olafs sonar tilhlutan prentat i Kaupmanna-hofn.
Hia August Friderich Stein 1774.

Forsíða garðyrkjubókar Eggerts Ólafssonar, gefin út af Birni í Sauðlauksdal 1774.

### *Sáning*

Allslags frækorn má í regnvatni deigja, vindþurrka síðan á fjöl án sólar fyrr en sáð sé. Einkanlega skyldi sú atferð brúkast við fræ það allt sem menn vita gamalt er orðið og efast um að uppkoma muni að gagni; verður það fyrr til að digna nær í jörðina kemur og samlaga sig hennar vessa. Veður velja menn gott og stillt, ekki þerristorm eða sólskins þurrk að eigi þorni strax jörðin og sæðið, heldur þykkviðris dag hægan þegar hlýtt er og molla, helst kvöldtíma þá jörðin er náttúrulega rök utan næturfrost sé að óttast, þá er betra að bíða morguntímans. Menn plaga að sá með vaxanda tungli öllum þeim maturtum, sem upp skulu vaxa, svo sem eru kála kyn og salöt etc. en hinum sem kólfa gefa skulu, svo sem næpur, rófur, laukar etc. með því minnkandi.

### *Meðferð ungplantna*

Ungkál skal varlega upptaka, svo að rætlingar eður angar slitni sem minnst og blöðin ei heldur brotni. Jörð á rótunum á að fylgja svo mikil sem við loða kann og er best að hafa hreint trog til að leggja jurtirnar í. Sólin má ei skína á kálið frá því upp er tekið og til þess gróðursett er, að ei linist og ónýtist.

Allir forsjálir garðyrkjumenn velja milt og hægt veður til setningar káls og annara maturta. Mollur og þykkviðri eður úrkomu lítið veður er allra hentugast. Nú gengur þurrkur og sólskins dagar, en ungkál er svo mjög vaxið að ei má lengur bíða að skaðlausu af því það vex í soddan þröng mest til hæðar, en digurðin verður engin, dettur það svo út af nær gróðursett er, og þó viðréttist, þrekast aldrei né fær svo mikinn vöxt sem annars að sér átti; þá skal ei fara að setja fyrr en sól er af garði gengin. Sama gildir, þó ungkál sé tekið úr sáðkistu.

Planta má kál í skugga eður annars staðar undir garði hvar sól skín ei á í það sinn, þótt hátt væri á lofti. Bil á milli gróðursetninga skal vera 1 fet eður hálft annað, nær snemmgróið er, ei skal planta utarlega í reinarnar að ei verði rótin ber, ef að moldin kann hrynja úr bökkunum og er gott að þeir sé ei þverghnýptir.

### *Aðferðir við gróðursetningu*

Gróðursetinn hefur sívalan staut í hendi, hálfrar álnar langan, er sú spíta aðdregin og mjó til annars enda. Með þessu smátóli mælir hann bæði bilið í milli raðanna og svo í röðunum sjálfum á milli kálsins sem setjast á. Gróðursetinn gjörir og með stautinum holukorn til að setja jurtina niður í. Skal það aðgæta, bæði að hún haldi sinni fyrri mold við rótina og einkum að rótin setjist rétt niður, og í því sópa moldinni í farið til stuðnings að heikist ei né hrukkist.

Nú er til annar máti óhultari og greiðari, nefnilega að brúka ekki staut heldur stinga í moldina vinstri hendi, halda jörðinni opinni og setja svo með hægri hendi urtina niður í gjána, taka höndina vinstri upp, láta moldina aftur samanfella og þjappa henni hóglega ofan til að urtarstofninum sem stendur við þetta stöðugur, en enginn blástur eða kuldi kemst að rótinni. Nær þessi reitur er alsettur vökvast hann hægt en þó jafnt og nægilega með smádropóttu drifi, og svona er farið reit af reit þar til garðurinn er fullur af nýjum gróðursetningum.

Strax eftir plantan skal vatna jurtunum vel, en jafnt hægt og smádropótt, svo hvörki brotni þær né bælist niður, eða moldin skolist á braut.

*Ingólfur Guðnason*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Framkvæmd samninga og laga um tolla og viðskipti er stórt hagsmunamál

**Það var um þetta leyti árs í fyrra (2020) sem vinna hófst af fullum þunga við að komast til botns í hverju ört vaxandi innflutningur á svokölluðum jurtaosti sætti. Til að gera langa sögu stutta leiddu rannsóknir í ljós að tollflokkun á vöru sem að uppistöðu er rifinn mozzarella ostur, reyndist röng. Þetta staðfestu tollayfirvöld með tölvupósti þann 23. júní en þar segir m.a. „Tollyfirvöld geta staðfest að „Mozzarella pizza mix“ mun, í samræmi við álit starfsmanna framkvæmdastjórnar ESB, verða flokkað í 4. kafla tollskrár en hvorki 19. né 21. kafla.“**




Mynd 1. Síðan þá hefur orðið viðsnúningur í innflutningi á þessu tiltekna tollskrárnúmeri eins og sjá má á mynd 1. Síðan í september hefur innflutningur fallið úr því að vera nálega 20–30 tonn á mánuði í um það bil 5 tonn að meðaltali á mánuði.



Erna Bjarnadóttir.




Mynd 2. Þegar innflutningur á svokölluðum jurtaosti er skoðaður eftir löndum sjást breytingarnar glöggt. Ljóst er að innflutningur frá Bretlandi er nánast horfinn, sem og Kanada. Það kemur heim og saman við þær ályktanir sem dregnar voru vorið 2020, þ.e. að um væri að ræða tiltekna vöru, rifinn pizza ost frá Bretlandi. Það að innflutningur frá Kanada sé horfinn bendir hins vegar einnig til að þar kunni að hafa verið á ferðinni mjólkurostur sem þarf sérstakt leyfi MAST til að flytja inn til Íslands og þar með inn á EES svæðið þar sem sameiginleg heilbrigðislöggjöf gildir um matvæli. Getur það verið að hér hafi verið „leki“ á ytri landamærum EES hvað þetta áhrærir? Slíkt bryti augljóslega í bága við EES samninginn. Innflutningur frá Grikklandi er síðan væntanlega bundinn við vörur sem falla undir vörumerkið „Vio life“.

Ætla mætti að strax í kjölfarið hefði framkvæmd tollskráningar og innheimtu tolla verið umsvifalaust komið í rétt horf eftir að ljóst var að misbrestur hefði orðið á. Um þetta má þó efast þegar upplýsingar um innflutning á svokölluðum jurtaosti (tollskrárnúmer 2106.9068) eru skoðaðar. Þrír mánuðir, júní, júlí og ágúst, liðu og inn til landsins héldu áfram að flæða tugir tonna af osti sem tollafgreiddur var sem jurtaostur eins og ekkert hefði í skorist. Það var fyrst í september að það tók að draga úr þessu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

En hverju hefur þessi breyting á tollaframkvæmd skilað? Það er vissulega vandasamt að fullyrða neitt á þessu stigi en sterkar vísbendingar eru um að sala á rifnum osti úr mjólk frá íslenskum bændum nálgist nú fyrri stöðu. Sem dæmi var hún 26 tonnum meiri í mars 2021 en í mars 2020. Þetta svarar til 260.000 lítra mjólkur sem lætur nærri að nema árs framleiðslu meðal kúabús á Íslandi í dag. Það er því freistandi að draga þá ályktun að aðstæður færist nú nær því að vera í samræmi við gerða milliríkjasamninga.

*Erna Bjarnadóttir,*
*verkefnastjóri MS*

ÍSLAND ER LAND ÞITT

## Stykkishólmur og Minjastofnun:

# Söguleið með stígum um Búðanes og Hjallatanga

**Til stendur að útbúa söguleið um svæðið við Búðanes og Hjallatanga á Stykkishólmi og verður það gert á árunum 2021 til 2023, en það er svæðið þar sem saga bæjarins hófst. Styrkur fékkst úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða á dögunum.**




Til stendur að útbúa söguleið um svæðið við Búðanes og Hjallatanga á Stykkishólmi, en verslunarsaga bæjarins hófst á Búðanesi og minjar tengdar verslun á svæðinu er þar að finna, þar á meðal friðlýstar búðatóftir.

Verkefnið er samstarfsverkefni Stykkishólmsbæjar og Minjastofnunar Íslands, enda svæðið ríkt af menningarminjum auk þess sem þar er mikil náttúrufegurð. Verslunarsaga Stykkishólms hófst í Búðanesi og minjar tengdar verslun á svæðinu er þar að finna, þar á meðal friðlýstar búðatóftir.

Stefna Stykkishólmsbæjar er að því er fram kemur á vefsíðu bæjarfélagsins að vinna markvisst að því að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivist og náttúruupplifun í sveitarfélaginu. Það er m.a. gert með því að auka aðgengi að göngustígum, merkja gönguleiðir og koma upp leiðavísum og upplýsingaskiltum þar sem við á. Svæðið á Búðanesi og Hjallatanga er upplagt sem útivistar- og ferðamannasvæði en þarfnast góðra innviða, svo sem stíga og skilta. Aukið og betra aðgengi að svæðinu er í anda stefnu bæjarsins.

Verkefnið skiptist í nokkra áfanga en hafist verður handa við hönnun svæðisins með það að leiðarljósi að innviðir falli að umhverfi og að náttúra og menningarminjar verði virt. Bæta á aðgengið og upplýsingamiðlun en hrófla eins lítið við svæðinu og unnt er. Þá þarf að hafa öryggi gesta svæðisins í huga, en fjara og klettar eru víða nálægt gönguleiðum. Á skiltum verður ljósi varpað á þann fjölda menningarminja sem finnast á svæðinu og þann mikla menningararf sem þar er í því skyni að vekja áhuga á sögu þess og upphafi byggðar í Stykkishólmi.

Framkvæmd við stígagerð á þessu svæði fellur vel að áherslum Svæðisgarðs Snæfellsness sem setur aðgengi að strandlínu/fjörum og strandleið um Snæfellsnes sem forgangsverkefni. /MÞÞ

SAMFÉLAGSRÝNI

# Andstæð auðlindaákvæði

## – Fólkið í landinu stendur frammi fyrir djúpstæðum vanda – *Grein 2*

**Eftir bankahrunið 2008 fól Alþingi kjörnum fulltrúum fólksins að semja nýja stjórnarskrá í samræmi við tilmæli þjóðfundar þar sem allir Íslendingar sátu við borðið enda voru 950 þjóðfundarfulltrúar valdir af handahófi úr þjóðskrá. Verkið tókst vel, svo vel að 67% kjósenda lögðu blessun sína yfir frumvarp stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 og 83% kjósenda lögðu sérstaka blessun sína yfir auðlindaákvæðið.**

Upphafsmálsgrein aðfaraorða frumvarpsins leggur grunninn að auðlindaákvæðinu:

„Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð.“

Vandinn nú er sá að Alþingi snerist gegn eigin vegferð með því að snúa baki við frumvarpi sem samið var eftir lögum og reglum sem þingið setti sjálft. Það hefur aldrei áður gerst í vestrænu lýðræðisríki ef þá nokkurs staðar að þjóðþing vanvirði niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Hvað veldur? – Ýmsar skýringar koma til álita.

Líklega var allstór hluti alþingismanna í raun andsnúinn stjórnarskrárferlinu frá byrjun. Þeir kusu að þegja andspænis fólkinu sem krafðist úrbóta en lögðu síðan steina í götu þegar frá leið. Sneypa Alþingis keyrði loks um þverbak í málþófi á vormánuðum 2013 og svo fór að enginn þingmaður þurfti að opinbera hug sinn til nýju stjórnarskrárinnar í atkvæðagreiðslu á þingi. Þó hafði meirihluti þingheims, 32 þingmenn af 63, opinberlega lýst stuðningi við staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar. Í þessu ljósi er fróðlegt að bera saman vinnubrögð íslenskra þingmanna og breskra þingmanna gagnvart Brexit.

En hvers vegna er andstaða íslenskra þingmanna við nýju stjórnarskrána svo mikil að skýr þjóðarvilji er vanvirtur?

Valddreifing rennur eins og rauður þráður í gegnum nýju stjórnarskrána og er í samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins 2010. Þannig knýr hún alþingismenn til lagasetningar um ýmsa hluti sem óhjákvæmilega munu raska ríkjandi valdajafnvægi. Semja þyrfti ný lög um gegnsæi og upplýsingaskyldu, auðlindir, auðlindanýtingu, stöðuveitingar, alþingiskosningar, málskotsrétt þjóðarinnar og íbúalýðræði. Allt þetta dreifir valdi og eflir aðhald og eftirlit með stjórnmálamönnum. Víst er að slíkar grundvallarbreytingar hugnast ekki öllum og síst þeim sem standa hagsmunaöflum næst. Því miður virðast flestir flokkar á Alþingi híma í skugga þeirra.

Sem gerir að verkum að stjórnmálamenn og flokkar eru illa til þess fallnir að semja stjórnarskrá. Hagsmunatengsl, bein og óbein, leynd og ljós, eru einfaldlega of mikil. Viðsnúningur auðlindaákvæðisins færir okkur heim sanninn um þetta.

Að semja nýja stjórnarskrá er verk sem enginn getur gert svo fullt gagn sé að nema þjóðin sjálf. Hún hefur þegar gert það. Það stendur upp á Alþingi að hætta að flækjast fyrir.

Næsta grein fjallar um tilurð kvótakerfisins og veiðiréttinn.

***Lýður Árnason**,*
*læknir og kvikmyndagerðarmaður*
***Ólafur Ólafsson**,*
*fyrrv. landlæknir*
***Þorvaldur Gylfason**,*
*hagfræðiprófessor*

# Veik málsvörn Þórarins Lárussonar

**Þegar vitnað er í skrif annarra við réttlætingu á eigin skrifum þarf að vanda sig. Sé það ekki gert eiga menn á hættu að detta í díki sem stundum getur þvælst fyrir og valdið óþægindum. Breytir þá engu þótt hroðvirknin sé lofuð af álíka vandvirkum viðhlæjendum, sem halda hálfsannleik í heiðri. Í grein sem Þórarinn Lárusson ritar í Bændablaðið 25. mars sl. vitnar hann tvívegis í skrif annarra sér til halds og trausts. Í fyrra skiptið grípur hann til skrifa tveggja kennara við LbhÍ, þeirra Þorsteins Guðmundssonar og Guðna Þorvaldssonar. Hvorugur þessara herramanna hefur, að sögn samstarfsmanna, stundað kolefnisrannsóknir af neinni alvöru. Landbúnaðarháskólinn gerði viðhorf þeirra ekki að sinni skoðun.**

Bæði dr. Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson, prófessorar við sama háskóla, hafa stundað rannsóknir á votlendi, og hröktu nánast hvert einasta atriði greina þeirra lið fyrir lið á sínum tíma (3. tölubl. Bbl. 8. feb., 2018). Eftir þá grein stóð fátt bitastætt eftir af málflutningi þeirra Þorsteins og Guðna og því óþarfi að ræða það frekar. Það ber óneitanlega ekki vott um traustan málstað að geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér með haldbærari rökum.


Þröstur Ólafsson.

***Sandlækjarmýrisrannsóknin***

Hin tilvitnun Þórarins varðar rannsóknarniðurstöður Brynhildar Bjarnadóttur. Þau skrif eru af öðrum og merkilegri toga. Þar er á ferð almennt viðurkenndur vísindamaður. Við nákvæmari lestur greinar Brynhildar kemur í ljós að hún er full af fyrirvörum höfundar sem mikilvægt er að gefa gaum. Rannsóknin fer fram á þeim tíma þegar öspin er í mestum og mjög örum vexti (ca 30 ára) og jarðvegurinn haugblautur, sem jafngildir því eins og um óframræsta mýri sé að ræða. Aðstæðurnar eru algjörlega óeðlilegar og litast niðurstaðan mjög af því. Sjálf segir Brynhildur:

„En blautt svæði og há vatnsstaða gefur til kynna að niðurbrotið á lífræna efninu í jarðveginum sem verður vegna framræslunnar er sennilega frekar hægt eða tiltölulega bælt.“

Mér vitanlega hefur enginn dregið í efa að aspir binda mikið koldíoxíð/kolefni m.v. aðrar trjátegundir. Þórarinn gefur sterklega í skyn að öll skógrækt á framræstu votlendi bindi meira kolefni en landið losi og lesandinn á að trúa því að aðrar trjátegundir bindi jafn mikið kolefni og aspir á hverjum hektara. Því fer víðs fjarri eins og allir vita sem fjallað hafa um þessi mál af þekkingu. En dæmið sem hér er um rætt er afar ýkt. Aspirnar í Sandlækjarmýri voru auk þess gróðursettar afar þétt (upphaflega ætlaðar til notkunar við álframleiðslu), aðferð sem enginn myndi nota á okkar tímum. Það eykur bindingu á hektara. Þrátt fyrir mjög óeðlilegar aðstæður nær $CO_2$ binding aspanna ekki að loka fyrir losunina frá jarðveginum. Höldum svo áfram. Aspirnar eldast og bindingin minnkar. Svo deyja þær. Bolirnir annaðhvort rotna á jörðinni eða nýtast sem eldiviður. Í bæði skiptin hefst þá full losun/framleiðsla $CO_2$ að nýju, því bolirnir hafa mikið af kolefni í sér sem mynda $CO_2$ við rotnun. Í framhjáhlaupi en þó ekki ómerkilegt má minnast á að lauffall aspa á haustin er mikið. Það fýkur saman og myndar nýjan massa sem losar $CO_2$ – að nýju. Hvað er þá orðið okkar starf? Eina varanlega binding koldíoxíðs er að koma því ofan í jörðina að nýju og geyma það þar.

***Sameiginleg vörn***

Þórarinn viðurkennir þó réttilega undir lokin að versta staðan sé að láta framræsta landið standa óhreyft, en bætir við að **„mikilvægt er (...) að finna metnaðarfyllri og búmannlegri leiðir til að hemja allt skurðayfirklór.“** (Leturdekking mín). Þetta er síðasta hendingin í útfararversinu, sem hann söng svo glatt í fyrri grein sinni. Gleymum því ekki að við akuryrkju á einærum korntegundum sem Þórarinn mælir svo mikið með, verður mikil losun koldíoxíðs við jarðvinnsluna. Það yrði því þvert á stefnu stjórnvalda sem vilja leggja allt kapp á að draga úr losun koldíoxíðs, stöðva losun þess úr framræstu votlendi og binda í gróðri og jarðvegi með landgræðslu og skógrækt. Þannig rekst málflutningur hans sífellt á sjálfan sig, spunnin er upp málsvörn sem engin er, því haldbær rök vantar. Óskhyggjan ein ræður. Draumsýnir Þórarins um framtíð íslensks landbúnaðar verða ekki gerðar frekar að umræðuefni hér. Það verður að bíða betri tíma og annars tilefnis. Þegar við verðum komin út úr afneitunarfasanum og hættum að láta glapskyggni og óskhyggju stýra gerðum og hug, þá þarf að ræða af alvöru við bændur og aðra landeigendur um annars konar nýja landnýtingu í þágu mannkyns og framtíðar jarðar og sjávar. Við í Votlendissjóði verðum að hlusta á óskir þeirra sem ráða yfir framræstum landsvæðum og finna leið til að koma á móts við þær, með einum eða öðrum hætti. Þetta eins og svo margt annað vinnst ekki nema í samvinnu og samstarfi. Það er hvorki niðurlæging né uppgjöf fólgin í því að heimila að ónotað framræst land verði aftur gert að mýri. Það er þvert á móti nauðsynlegt framlag við baráttuna gegn loftslagsvánni sem ógnar öllum þeim lífsmáta sem við teljum eftirsóknarlegan og mun gera stóra hluta jarðarinnar óbyggilega, verði ekkert raunhæft aðhafst.

***Þröstur Ólafsson**,*
*formaður Votlendissjóðs*

Lely Center Ísland
HAUGHRÆRUR

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler
Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0
Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

FOSSAR EINBÝLISHÚS
Viltu lækka byggingarkostnað?
**Fossar** einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.
Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

Val á gluggum:
• Timbur
• Ál/timbur
• PVC

Hús á mynd er **Foss 5** - 211 fm - Verð kr. 28.341.000.-
EFLA Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.
STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími **553 1550** - landshus.is
LANDSHÚS

ÍSTEKA
SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra
Greiðum 45.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna
ATH! HÆKKAÐ VERÐ!
**Sækjum frítt** á Suður-, Vestur- og Norðurland.
Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581-4138.**
Geymið auglýsinguna!
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Sprotinn – jarðræktarráðgjöf



**Þórey Gylfadóttir**
jarðræktarráðunautur RML
thorey@rml.is

**Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins býður upp á ráðgjafarpakka í jarðrækt sem nefnist Sprotinn. Á þeim sjö árum sem liðin eru síðan fyrst var boðið upp á jarðræktarráðgjöf í pakkaformi hefur Sprotinn tekið breytingum til að koma betur til móts við bændur og til að fylgja eftir þróun og breytingum sem orðið hafa.**

### *Ýmsir kostir*

Þeim bændum sem nýta sér ráðgjöfina hefur fjölgað jafnt og þétt enda eru ýmsir kostir sem fylgja því að vera í Sprotanum. Má þar nefna aðstoð við skráningar á jarðræktarskýrslum í Jörð.is, skil gagna vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna, viðhald túnkorta og gerð áburðaráætlunar sem er yfirleitt lokaverkefni Sprotans á hverju ári. Auk þessa er heimsókn ráðunautar að hausti sem hægt er að nýta til skrafs og ráðagerða og hugsanlega jarðvegssýnatöku og ekki er innheimt komugjald vegna hennar. Þess ber að geta að hægt er að velja á milli tveggja misstórra pakka, það er 7 og 11 klukkutíma. Í þeim stærri er meira svigrúm til frekari ráðgjafar svo sem vegna ræktunaráætlunar eða annarra þátta sem bóndi óskar eftir og svigrúm fyrir tvær heimsóknir á búið.

### *Sveigjanleiki innan Sprotans*

Markmiðið með Sprotanum er að veita bændum markvissa ráðgjöf í ræktun og leiðbeina varðandi jarðræktarskýrsluhald í Jörð.is, með það að leiðarljósi að bæta nýtingu áburðar og hagkvæmni fóðuröflunar. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða ráðgjöf þannig að hægt sé að þjónusta hvern og einn eftir þörfum. Þannig getur hver bóndi ákveðið í samráði við ráðunaut hvað leggja eigi áherslu á en það er sérstaklega gott þegar bændur nýta sér ráðgjöf í Sprota árlega. Rétt er að benda á að auðvelt er að aðlaga ráðgjöf innan Sprotans að útiræktun á grænmeti.

### *Stækkandi hópur*

Á síðasta ári voru rúmlega 50 býli sem nýttu sér jarðræktarráðgjöf í gegnum Sprotann. Eitt af því sem gert er fyrir hvert bú er að reikna og setja fram kostnað vegna áburðarnotkunar miðað við skráða uppskeru, sjá meðfylgjandi mynd. Vert er að benda á að upplýsingarnar byggja á skráningum í Jörð.is og ef villa er í þeim kemur hún fram við alla greiningu sem unnin er út frá þeim. Því er mjög mikilvægt að vanda alla skráningu til að gögnin gefi sem réttasta mynd hverju sinni. Þegar myndin er skoðuð er áhugavert að sjá mikinn breytileika milli búa.




## Beingreiðslur í garðyrkju – krafa um skýrsluhald:

# Kynningarfundur RML um skýrsluhald í Jörð fyrir ylræktendur

**Í Reglugerð um stuðning við garðyrkju (nr. 1273 2020) stendur í 7. gr. að skilyrði fyrir beingreiðslum sé fullnægjandi skil á skýrsluhaldi. Í stuttu máli þýðir þetta að til þess að fá beingreiðslur, þurfa ylræktarbændur sem framleiða afurðir til manneldis nú að skrá ræktun sína í skýrsluhaldsforritið Jörð.**

Forritið hefur hingað til verið notað til skýrsluhalds í jarðrækt og útiræktun matjurta. Vegna kröfu um skýrsluhald í ylrækt hefur forritið verið uppfært þannig að nú er hægt að skrá þar ræktun í gróðurhúsum í samræmi við kröfur í reglugerð. Gróðurhús sem skráð eru í fasteignaskrá eru tengd við lögbýli/garðyrkjustöð, og með aðgangi að Jörð geta bændur skráð ræktun í húsum sínum þar, og uppfyllt þannig kröfur um skýrsluhald. Í lok árs eru ræktunarupplýsingar svo teknar saman í skýrslu sem fylgir uppgjöri vegna beingreiðslna.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins boðar til rafræns kynningarfundar um skýrsluhald í ylrækt fimmtudaginn 29. apríl nk. kl. 15.00. Þar verður farið yfir helstu atriði skýrsluhaldsins, sýnd nokkur dæmi um skráningar í Jörð og svarað fyrirspurnum.

Hægt er að skrá sig á fundinn með tölvupósti á helgi@rml.is. Æskilegt er að bændur fái sér aðgang að Jörð og skoði forritið fyrir fundinn.

Mögulegt er að sækja um aðgang að Jörð í gegnum Bændatorgið eða hafa samband við þjónustufulltrúa í síma 516-5000 eða með tölvupósti á netfangið rml@rml.is.

SAMFÉLAGSRÝNI

# Glæðum landsbyggðina nýju lífi

**Að flytjast búferlum og víkka þar með sjóndeildarhringinn er gott veganesti út í lífið. Ég og maðurinn minn tókum þá ákvörðun að flytjast búferlum til Noregs á sínum tíma.**

Ég stundaði nám við lagadeild háskólans í Ósló og lauk þaðan mastersprófi. Í framhaldi starfaði ég síðan hjá sendiráði Íslands í Osló. Maðurinn minn er búfræðingur að mennt og aflaði hann sér frekari reynslu innan norska landbúnaðarins. Víkkaði hann þar með sinn landbúnaðarsjóndeildarhring. Við bjuggum alls sex ár í Noregi. Fyrst í Heiðmörk og síðar í litlum bæ sem heitir Frogner. Landbúnaður á hug og hjörtu okkar og stundum við í dag mjólkurframleiðslu í Rangárþingi.

### *Horfum til Noregs – ferðir til og frá vinnu niðurgreiddar fyrir landsbyggðarfólk*

Samgöngur í Noregi eru góðar og auðvelt að stunda nám eða atvinnu fyrir þá sem búa á landsbyggðinni. Algengt er að vinnustaðir bjóði starfsmönnum að vinna heima hluta úr viku eða eftir öðru fyrirkomulagi, svokallað hjemmekontor. Það eru ekki eingöngu góðar samgöngur og sveigjanlegur vinnutími sem styrkir búsetu á landsbyggðinni í Noregi heldur einnig fjárhagslegir hvatar af hálfu hins opinbera. Ferðir til og frá vinnu eru niðurgreiddar sem nemur fastri fjárhæð fyrir hvern ekinn km. Önnur leiðin þarf að vera að lágmarki 33 km og er niðurgreiðslan óháð því hvernig viðkomandi kemur sér til vinnu, hvort heldur með lest, strætó, einkabíl eða í samfloti með öðrum. Ef hjón keyra saman þá getur hvort um sig sótt um niðurgreiðslu.



Heiðbrá Ólafsdóttir, Jóhann Rúnar Sævarsson og hundurinn Boli. Myndin er tekin í Geirangerfjord í Noregi sumarið 2015.

### *Sértækur stuðningur fyrir ákveðin búsetusvæði*

Í Noregi eru fjárhagslegir byggðahvatar fyrir ákveðin búsetusvæði. Meginmarkmiðið er að skapa aðlaðandi búsetuskilyrði fyrir fjölskyldur í þeim tilgangi að styrkja og efla brothættar byggðir. Fjárhagslegu byggðahvatarnir fela m.a. í sér lægri tekjuskatt, niðurfærslu á námslánum sem og niðurfellingu námslána fyrir grunnskólakennara. Þessu til viðbótar eru fyrirtæki á svæðinu undanþegin tryggingargjaldi.

Við hjónin keyrðum eitt sumarið til Þrándheims. Vorum við heilluð af því hversu blómleg og lifandi landsbyggðin er í Noregi, litlir þéttbýliskjarnar allt um kring og iðandi mannlíf. Það er gömul saga og ný að það er margt sem við getum lært af frændum okkar í Noregi.

Víkkum sjóndeildarhring byggðamála á Íslandi. Sköpum fjárhagslega byggðahvata. Eflum sveigjanleika atvinnulífsins. Glæðum landsbyggðina nýju lífi – fyrir Ísland allt.

*Heiðbrá Ólafsdóttir*
*Höfundur er lögfræðingur, kúabóndi og formaður Miðflokksdeildar Rangárþings.*

***Heimildir:***
*https://www.regjeringen.no/no/tema/kommuner-og-regioner/regional--og-distriktspolitikk/Berekraftig-regional-utvikling-i-nord/virkemidler-i-tiltakssonen/id2362290/*
*https://www.smartepenger.no/skatt/640-reiseutgifter*

**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**29. apríl**
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

# Landbúnaður á forsendum morgundagsins

**Nauðsynleg og tímabær uppstokkun á íslensku landbúnaðarkerfi er yfirvofandi. Þar kemur margt til. Tækninýjungar, breytt viðhorf og öðruvísi neysla blasa við ef horft er yfir hið alþjóðlega matvælasvið. Þau ríki og búgreinar sem aðlagast þessu munu lifa af.**

Að undanförnu hefur undirritaður vakið athygli á því í greinum og viðtölum að kröfur varðandi umhverfismál, gegnsæi og dýravelferð hljóta að verða til grundvallar opinberum stuðningi við matvælaframleiðslu á Íslandi. Næsti búvörusamningur verður allt öðruvísi en sá sem nú er hálfnaður.


Svavar Halldórsson.

*Verðmætasköpun er grunnur lífskjara*

Við munum í auknum mæli sjá samruna atvinnugreina, meðal annars í nýjum líftæknifyrirtækjum sem nýta afurðir plantna og dýra til að skapa verðmætar afurðir. Við höfum nokkur nýleg íslensk dæmi þar sem nýsköpunarfyrirtæki sem vinna með afurðir plantna eða dýra hafa slitið barnsskónum og eru að skila milljarða gjaldeyristekjum fyrir þjóðarbúið. Þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að nýta hugvit og menntun til að skapa verðmæti og útflutningstekjur úr hreinni íslenskri náttúru. Oft er þetta verðmætasköpun á sviði fæðubótar- eða lyfjaiðnaðar sem ekki var til fyrir fáeinum áratugum. Vart þarf að deila um að öflug fyrirtæki og atvinnulíf eru grundvöllur góðra lífskjara hér á landi til lengri tíma.

*Öflug líftæknifyrirtæki í sókn*

Algalíf, Ísteka, Primex, Genís og Kerecis eru dæmi um fyrirtæki af þessum toga. Öll eiga þau það sameiginlegt að nýta hugvit og líftækni til að skapa störf. Öll eru þau líka til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismálum, dýravelferð og öðru er lýtur að samfélagsábyrgð. Rétt er að nefna alveg sérstaklega Algalíf og Ísteka, en segja má um bæði fyrirtæki að þau séu vaxin upp úr sprotastiginu. Hvort um sig skapar nú um 40 vellaunuð störf og bæði skila samfélaginu umtalsverðum gjaldeyristekjum.

*Bindur kolefni og losar súrefni*

Bæði þessi fyrirtæki eru einnig til fyrirmyndar þegar í umhverfis- og samfélagsmálum. Algalíf, sem framleiðir fæðubótarefnið astaxanthín úr plöntu-örþörungum, er líklega eitt af fáum fyrirtækjum landsins sem bindur meira kolefni en það losar. Þetta skýrist af því að hliðarafurð þess er ekki kolefni sem þarf að jafna eins og hjá flestum, heldur súrefni sem losað er út í andrúmsloftið.

*Sérstakir samningar um dýravelferð*

Líftæknifyrirtækið Ísteka er eina afurðafyrirtækið í íslenskum landbúnaði sem gerir dýravelferðarsamninga við alla þá bændur sem það skiptir við. Fyrirtækið framleiðir verðmætt lyfjaefni úr hryssublóði. Allt ferlið er vottað og undir eftirliti dýralækna og innlendra og erlendra stofnana. Líftæknifyrirtæki af þessu tagi eru afar mikilvæg fyrir Ísland. Þau fimm fyrirtæki sem nefnd voru hér að framan skila líklega fjórum til fimm milljörðum króna af gjaldeyri til þjóðarbúsins á ári. Fyrir utan auðvitað að skapa samanlagt um 150 störf.

*Skynsamleg auðlindanýting*

Mikilvæg forsenda þess að Ísland geti verið góður staður til að búa á, er að við nýtum auðlindir okkar og hugvit til að skapa verðmæti. Undirritaður hefur að undanförnu bent á það í nokkrum greinum að tími sé kominn til að stokka upp íslenska landbúnaðarstefnu og gera umhverfismál að hornsteini sem allt annað hvílir á. Gera ætti ströng skilyrði um umhverfisábyrgð, gegnsæi og dýravelferð að forsendum þess að hið opinbera styðji við landbúnað eða aðra matvælaframleiðslu. Sem betur fer eru langflestir bændur, útgerðir og aðrir sem að þessum greinum koma, með þessi mál í mjög fínu lagi. Með vandaðri stefnumótun sem byggir á bestu fáanlegu upplýsingum og rannsóknum – og auðvitað upplýstum spám um hvert við stefnum – er líklegt að við getum tryggt framtíðarlandbúnað í sessi. Þannig gætum við tryggt að komandi kynslóðir taki við blómlegum sveitum um allt land. En þá verðum við líka að vera óhrædd að stíga þau skref sem nauðsynleg eru og taka ákvarðanir á þeim forsendum sem hér hafa verið ræddar.

*Svavar Halldórsson*
*Höfundur er sérfræðingur í matarmenningu, stefnumótun og markaðsmálum.*

# Sendimenn og skotmenn

**Formaður Bændasamtakanna ritaði leiðara í síðasta Bændablað (11. mars 2021) undir fyrirsögninni „Sameinumst um mikilvæg verkefni“. Mæli hann allra manna heilastur. Í greininn er formaðurinn hugsi yfir starfsmönnum Landbúnaðarháskólans og segir: *„Nú skrifa fræðimenn greinar og skýrslur um ofbeit á Íslandi sem sé svo umfangsmikil og umtalsverð að eina lausnin liggi hreinlega í því að fella allan bústofn.“* Ja hérna! Að fella beri nautgripi, hesta, kindur og svín? Jafnvel hænsni? Varla hefur slíkum skoðunum verið haldið á loft af starfsmönnum LbhÍ. En áratugum saman hefur verið bent á að á sumum svæðum landsins er verið að beita vistkerfi sem eru í slæmu ástandi og hlífa ætti fyrir beit.**


Ólafur Arnalds.

Þessar athugasemdir byggja á faglegum aðferðum við mat á vistkerfum, m.a. stöðu og virkni jarðvegs og gróðurs, þar sem tekið er tillit til jarðvegsrofs, möguleika kerfisins til að miðla vatni, orkunáms plantna og hringrásar næringar. Þar sem núverandi staða visteininga er borin saman við eðlilega virkni á hverju svæði sem er í samræmi við viðurkennda alþjóðlega aðferðafræði við mat á landi.

Tilraunir til að taka á þeim vanda sem felst í hrundum vistkerfum landsins hafa misheppnast, m.a. gæðastýring í sauðfjárrækt, sem tók gildi upp úr aldamótum. Hún varð þó ekki virk fyrr en tæpum áratug síðar. Síðan leið annar áratugur og í ljós kom að þetta kerfi er ekki að virka og fyrir því hafa verið færð skýr og fagleg rök. Síðast var komið á samvinnuverkefni á vegum Landgræðslunnar og Félags sauðfjárbænda um að meta og vakta ástand gróðurauðlinda – GróLind. Fyrstu niðurstöður þess verkefnis hafa nú verið birtar og þær staðfesta allt sem áður hefur verið sagt um ástand landsins. Það hefur löngum tíðkast að skjóta sendiboðann, ekki síst ef skortir vilja til að horfast í augu við staðreyndir. En það fer formanninum engan veginn að munda slík skotvopn og afneitun á slæmu ástandi lands þar sem það á við er alls ekki hagur bændastéttarinnar.

Formaðurinn ritaði í leiðarann *„Væri ekki nær að skólinn og þeirra starfsmenn væru með uppbyggilegar leiðbeiningar til bænda hvernig betur mætti fara heldur en að mála þá sem skúrka náttúrunnar?“*

Reyndar er það svo að leiðbeiningar um hvað betur mætti fara hafa legið fyrir áratugum saman: hætta beit á verst förnu svæðunum, minnka beit þar sem það á við. Þessu er unnt að ná fram með stórbættu styrkjakerfi í landbúnaði (eða til dreifbýlis öllu heldur), þar sem boðið væri upp á fækkun fjár, sérstaklega á þeim svæðum sem henta illa til framleiðslunnar. Um leið ætti að styrkja aðra valkosti við framleiðslu – m.a. í takt við breytt fæðuval þjóðarinnar og um leið stuðla að endurheimt landgæða. Endurskoðun á gæðastýringu í sauðfjárrækt verður að taka mið af faglegum sjónarmiðum er varða viðmið og sjálfbæra landnýtingu – sú reglugerð sem nú er í gildi og var harðlega mótmælt af Landgræðslunni leiðir „grænþvottar“, sem skaðar hag þeirra sem nýta gott land til framleiðslunnar. Þá væri ekki úr vegi að hætta framleiðslu á lambakjöti umfram eftirspurn á innanlandsmarkaði.

Ég tek undir lokaorð formannsins í leiðaranum um að „auka veg Landbúnaðarháskóla Íslands“ og þar mættu samtök bænda vera mun virkari. En ég hafna því alfarið að stofnunin sé notuð *„í pólitískum áróðri gegn bændum“*. Fræðafólk í háskólum setur fram niðurstöður sínar á eigin ábyrgð. Íslenska háskólakerfið hvetur fagfólk til samfélagsþátttöku á grunni sinnar þekkingar – sem betur fer. Háskólastofnanir sem slíkar hafa sjaldnast álit á tilteknum faglegum álitamálum. Það er ekki hlutverk háskólafólks að horfa fram hjá því sem miður fer í þeim fagsviðum sem það stundar. Þvert á móti: því ber beinlínis að rannsaka og benda á faglegar staðreyndir, t.d. um bágt ástand vistkerfa landsins og ranga nýtingu þar sem hún á sér stað.

Það er rétt hjá formanninum að við þurfum öll í sameiningu að takast á við brýnustu verkefnin. Eitt brýnasta verkefni íslensks samtíma er að takast á við ranga landnýtingu þar sem hún á sér stað, endurheimta hrunin vistkerfi og um leið að takast á við loftslagsvanda jarðarinnar.

*Ólafur Arnalds,*
*prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.*

**Bændablaðið**
**á bbl.is og líka á Facebook**

Lely Center Ísland

ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla
**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ELDVARNIR BORGA SIG
**Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.**
Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.
Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?
*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is*

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

# Land Rover Discovery Sport tengitvinnbíll



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Stuttu fyrir páska prófaði ég Land Rover Discovery Sport P300e tengil-tvinnbíl sem er annars vegar með rafmagnsmótor og hins vegar með bensínvél sem skila samanlagt 309 hestöflum. Uppgefin drægni fullhlaðinn á rafhlöðunni er sögð vera 55 km.**



Óneitanlega fallegur, virkar lítill að utan, en rúmgóður og stór að innan.

Myndir / LHJ

### *Rafhlaðan dugði stutt í kuldanum*

Bíllinn var fullhlaðinn þegar ég tók bílinn og byrjaði ég strax á að hávaðamæla bílinn inni í farþegarýminu á meðan ég var að keyra á rafhlöðunni. Kuldinn var mikill (fyrsta daginn af þremur sem ég var með bílinn), en þrátt fyrir mikinn kulda mældist hávaðinn á 90 km hraða ekki nema 65,3 db. Þrátt fyrir -5 stiga frost (virðist mælast aðeins meiri hávaði hjá mér í mælingum ef frost er mikið).

Það sem kom mér hins vegar á óvart var að ég náði ekki að keyra nema um 25 kílómetra á rafhlöðunni þar til að bensínvélin fór í gang (frekar stutt miðað við uppgefna drægni), en það var kalt og ég taldi mig vera að keyra mjúklega á rafmagninu og ekki taka mikið út úr bílnum.

### *Langur bíltúr í snjó og hálku*

Daginn eftir var tekin langkeyrsla og bíllinn prófaður við ýmis akstursskilyrði og á misholóttum vegum. Bíllinn var á nýrri tegund óneglanlegra Michelin dekkja og víða var mikil hálka. Spólvörnin og deiling afls niður í hjólbarðana var þannig að það var eins og bíllinn væri á negldum dekkjum. Svo vel skilaði hann aflinu niður á veginn að hann hreinlega mokaðist áfram. Þegar átti að stoppa var sama sagan, ABS bremsukerfið sá til þess að bíllinn bremsaði beint og vel. Hreint ótrúlega vel, en á tveimur stöðum tvíprófaði ég bremsun af því mér fannst bíllinn stoppa óvenjulega vel miðað við hálku og aðstæður.

Í lok bíltúrsins, sem var rúmir 100 km, sagði aksturstölvan að ég hafi verið að eyða 8,1 lítra af bensíni, þrátt fyrir að hafa ekki verið í neinum sparakstri.

### *Góður bíll í alla staði og nánast gallalaus*

Að keyra bílinn var í alla staði þægilegt, sæti góð, rými mikið bæði frammi í bíl og fyrir aftursætisfarþega. Þakglugginn hlýtur að vera æðislegur sé verið að keyra og úti eru norðurljós á himni.

Þó lægsti punktur sé ekki nema 21,5 cm er uppgefin vatnsdýpt sem bíllinn má fara í 60 cm.

Hámarksdráttur á kerru með bremsubúnaði er 2.200 kg.

Farangursrými stórt, eini gallinn sem ég fann að bílnum er að maður þarf að kveikja ökuljósin til að fá ljós aftan á bílinn í björtu til að vera löglegur í umferðinni.

Varadekkið er það sem ég kalla „aumingi“ (skárra en ekkert því „flestir“ tengil-tvinnbílar eru ekki einu sinni með varadekk). Hins vegar fannst mér það skrítið að bíllinn væri ekki með fullbúið varadekk þar sem það kemst alveg fyrir í hólfinu þar sem „auminginn“ er samkvæmt minni mælingu.

### *Fram- og afturrúðuhitararnir vinna sitt verk hratt*

Það hafði snjóað um nóttina fyrir skiladag á bílnum þannig að í flestum tilfellum hefði þurft að skafa allan hringinn. Ég setti bílinn í gang og á meðan ég hreinsaði hliðarrúðurnar, sem tók varla meira en mínútu, voru hitararnir búnir að bræða bæði af fram- og afturrúðunni.

Verðið á bílnum sem ég prófaði er 9.990.000, en ódýrasti Land Rover Discovery Sport tengil-tvinnbíllinn kostar frá 8.890.000, en dýrasti HSE bíllinn kostar 11.490.000 kr.

Allar nánari upplýsingar um bílinn má finna á vefsíðunni www.landrover.is.

## Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Lengd | 4.597 mm |
| Hæð | 1.727 mm |
| Breidd | 2.173 mm |



Það hafði snjóað um nóttina.


Gott fótarými fyrir aftursætisfarþega.



Aðeins ein mínúta með rúðuhitarana í gangi og snjórinn var farinn að bráðna.



Bakkmyndavélin björt og góð þrátt fyrir að þarna var farið að skyggja.



Vel hljóðeinangraður og lítill hávaði inni í bílnum á 90.


Samkvæmt minni mælingu þá kemst fullbúið varadekk í þetta pláss þar sem auminginn er.



Finnst alltaf fúlt að þurfa að kveikja handvirkt ljós til að fá afturljósin á.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
HLAÐAN HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS

**ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI**

# Vantar jákvæðari umfjöllun, talanda og hugsun

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Það getur verið erfitt að vera jákvæður í skrifum og talanda þegar verið er að skrifa um forvarnir, öryggi, heilsu og umhverfi. Það vita flestir að manni líður betur í kringum jákvætt fólk í fallegu umhverfi, lesa jákvæðar fréttir, gera eitthvað skemmtilegt með skemmtilegu fólki.**

Í fjölmiðlum síðastliðið ár hefur mér fundist vera of mikið lagt upp úr neikvæðu fréttunum í „Covid-umræðunni". Það vantar að leggja meira upp úr að segja hvað hefur áunnist, hve mörgum er batnað og hver sé jákvæður lærdómur af Covid.



Myndin sem Reynir Freyr Pétursson þyrluflugmaður tók af fólki inni á milli hægrennandi hraunjaðranna.

### *Vil sjá jákvæðari fréttir frá landamærunum*

„Með lagaflækjum skal land smita." Þessa fyrirsögn las ég í einhverri Facebook-færslu fyrir stuttu, nennti ekki að lesa lengra, var í leit að jákvæðari fréttum. Hélt áfram að lesa, þann dag var bara eitt smit sem greindist, mjög jákvætt. Áfram hélt ég að lesa:

*Tveir greindust á landamærunum og var annar þeirra með gamalt smit,* en það var ekkert sagt frá hversu margir komu til landsins sem var búið að bólusetja né fjöldann sem var með vottorð um að þeir væru búnir að fá COVID. Svona upplýsingar vil ég lesa, fjölda þeirra sem koma til landsins fullbólusóttir og líka fjölda þeirra sem koma og eru með mótefni. Bara neikvæðar fréttir í fjölmiðlunum, fór á Facebook.

### *Skemmtilegar myndir í Facebookleik*

Flestir Íslendingar eru á Facebook og margir sem þar eru í leik sem felst í því að birta skemmtilegar myndir úr ferðalögum sínum sér og vinum sínum til skemmtunar. Ég hef mjög gaman af þessum myndum enda margar hverjar af fallegum stöðum. Enda er ég mikill unnandi íslenskrar náttúru og tek mikið af myndum sjálfur og hef oft farið í sérstakar ferðir þar sem tilgangurinn var númer eitt að taka fallegar myndir jafnt að vetri sem sumri. Ferðir sem skilja eftir ljúfar minningar og gleði.



Brosum, hlæjum og höfum gaman af lífinu.

### *Mikið af gosmyndum gleðja marga núna*

Fallegar myndir af gosinu í Geldingadölum gleðja marga núna, en það eru líka myndir sem margir hneykslast á sem „tröllríða" samfélaginu. Vinur minn Reynir Freyr Pétursson er þyrluflugmaður og hefur tekið margar fallegar myndir af gosinu. Um síðustu helgi birti hann mynd sem margir „stálu" og settu í færslu á Facebook (sjá mynd sem hann leyfði með þessari grein).

Flestir hneyksluðust á hátterni og hegðun fólks á myndinni með ýmsum neikvæðum athugasemdum. Jóhann Axelsson setti umrædda mynd á Facebook-statusinn sinn og Björn Ragnarsson, sem má titla „fyrrverandi hitt og þetta", skrifaði athugasemd sem var m.a.:

*„...Ég myndi alveg vilja vera þarna smá stund þó ég sé ekki lengur með „death wish" en það hljóta margir að vera komnir með það núna í allri COVID-klikkuninni. Ef við fabúlerum aðeins með þetta þá eins og þú veist og hefur öruglega prufað sjálfur einhverntíma í mótorhjóla „geðveiki" eins og margt grandvart fólk mundi sennilega kalla það þá veistu að við mikinn sársauka líður yfir mann mjög fljótt og maður veit ekki meir. Vandinn er hinsvegar þú vaknar aftur og þá ertu í helvíti. Þetta fólk sem er að keyra mótorhjól á ofsahraða," nei fyrirgefðu ... er að labba hættulega nálægt hrauninu eru bara að gambla og upplifa eins og við öll.*

*Auðvitað eiga einhverjir eftir að drepast við þetta gos. Segjum bara eins og kaninn, „hús er ekki orðið háhýsi fyrr en einhver hefur hrapað niður og drepist." Þessi gosvellingur er ekki gos fyrr en einhver hefur tekið það að sér að fórna sér. Peace bro....* (takk, Bjössi, fyrir leyfi á birtingu þessara hugrenninga).

### *Veit lítið um geðveiki og geðlyf*

Neikvæð skrif og talandi er engum hollt, höldum okkur á jákvæðu nótunum. Besta geðlyfið, gera eitthvað skemmtilegt, lesa skemmtifrásagnir, það hressir hugann og gleður sál.




## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




**Bændablaðið**
**kemur næst út 29. apríl**
**Smáauglýsingar 56-30-300**

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



# Haukholt 1



**Þorsteinn og bróðir hans, Magnús Helgi, keyptu jörðina af foreldrum sínum 2004 og bjuggu félagsbúi til 2014 þegar bústofninum var skipt upp. Steinunn flutti í Haukholt 2012.**

Sumarið 2020 keyptu þau svo hlut Magnúsar og konu hans, Alinu.

Fjölskylda Þorsteins hefur búið í Haukholtum síðan 1798.

**Býli:** Haukholt 1.

**Staðsett í sveit:** Uppsveit Hrunamannahrepps.

**Ábúendur:** Þorsteinn Loftsson og Steinunn Lilja Heiðarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Börnin eru Loftur, 7 ára, Víglundur, bráðum 6 ára, Heiðdís Hanna, 20 mánaða og fjórða barnið kemur um svipað leyti og lömbin.

Oftast ein au-pair, stundum fleiri, stundum færri.

Border Collie-tíkurnar Vísa, Grýla og Staka.

**Stærð jarðar?** Um 470 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú með hrossarækt.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 350 fjár á vetrarfóðrum og 20 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Þeir eru æði misjafnir, eru þessa dagana mjög litaðir af óléttu



húsfrúarinnar og rúningi bóndans úti um allar koppagrundir.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Langflest þeirra mjög skemmtileg en smalamennskur klárlega í miklu uppáhaldi. Að sópa og skafa gólfgrindur líklega þau leiðinlegustu!

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði en vonandi með betri afurðir eftir á og talsvert hærra afurðaverði. Vonandi mun meiri vinnsla afurða heima við.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Það þarf að stimpla betur inn sérstöðu íslenskrar vöru með tilliti til hreinleika og lítillar



sýklalyfjanotkunar, þar koma upprunamerkingar sterkar inn. Það þarf líka að ýta vel undir nýsköpun og vöruþróun í matvælaframleiðslu hérlendis.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Um þessar mundir er ekki á neitt að treysta í þeim efnum! En það þarf mikið að ganga á svo ekki sé til ostur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Þar sem börnin eru orðin fleiri en foreldrarnir væri lygi að segja eitthvað annað en grjónagrautur.

Foreldrarnir vilja samt koma á framfæri dálæti sínu á góðu lamba- og hrossakjöti.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Síðasta fjallferð er ofarlega á listanum. Fyrsta fjallferðin sem við förum ríðandi saman hjónin, riðið inn fyrir Kerlingarfjöll í blíðskaparveðri (fjórða fjallferðin saman en Steinunn hafði áður trússað), komumst að því á fimmta degi að við ættum von á fjórða barninu og mjög góðir vinir okkar giftu sig við afréttarhliðið. Og við tóku sóttvarnar-réttir. Þær gerast líklega ekki mikið viðburðaríkari, fjallferðirnar.

Svo verðum við að minnast á vel heppnaðar kynbótasýningar á hrossum, erum mjög þakklát fyrir góðan árangur þar.

## MATARKRÓKURINN

# Grillað lambakjöt með hvítlauk og rósmarín



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Að grilla lambakjötið á þennan hátt er fljótlegra og auðveldara, sumsé að hafa kjötið skorið í bita – en má líka hafa heilt lambalæri en þá er lengri eldunartími. Að auki fær kjötið milt bragð og mikið af dýrindis skorpu af grillinu en auðvitað má elda lambakjöt í ofni.**



### Grillað lambakjöt með hvítlauk og rósmaríni

**Hráefni**

› 4–5 bitar beinlaust lambakjöt, til dæmis framhryggur eða innra læri (eða heilt úrbeinað lambalæri)

› 1/4 bolli jómfrúarólífuolía

› 8 stórir hvítlauksgeirar, marðir og grófsaxaðir

› 2 msk. hakkað rósmarín

› Salt og nýmalaður pipar

*Aðferð*

**Skref 1**
Dreifið lambakjötinu á bretti. Með úrbeiningarhníf eða skurðarhníf er lambakjötið skorið í hæfilega stóra bita. Skerið umframfitu og sinar burt.

**Skref 2**
Blandið saman ólífuolíu, hvítlauk og rósmaríni á stóru fati. Bætið lambakjötinu við og veltið upp úr. Látið marinerast við stofuhita í fjórar klukkustundir, snúið nokkrum sinnum.

**Skref 3**
Kveikið á grillinu. Kryddið lambið með salti og pipar; ekki skafa hvítlaukinn eða rósmarínið af. Grillið lambið yfir heitum eldi og snúið oft þar til hitamælir sýnir 60 gráðu



kjarnhita fyrir miðlungs steikt kjöt. Eldunartíminn er breytilegur eftir stærð og lögun á lambabitunum sem valdir eru, allt frá átta mínútum fyrir 200 g stykki í 20 mínútur fyrir 600 g stykki. Flytjið lambakjötið á bretti og látið hvíla í 15 mínútur. Sneiðið lambið þunnt og berið fram.

**Undirbúningur:**
Lambið getur marinerast í kæli yfir nótt. Látið ná stofuhita áður en grillað er.

Gott að bera fram með kartöflum og íslensku grænmeti og villisveppasósu.

**Gott er að bera kartöflur og íslenskt grænmeti fram með grilluðu lambakjöti – og hafa villisveppasósu með.**

HANNYRÐAHORNIÐ

# Vesti á stelpur

**Vesti eru vinsæl í dag og notuð við öll tilefni. Þetta fallega vesti á stelpur er prjónað úr Drops Air en einnig hægt að nota ýmsar aðrar Drops tegundir.**

**DROPS Design: Mynstur ai-039-bn**

**Stærðir:** 2 (3/4) 5/6 (7/8) 9/10 (11/12) ára

**Garn:** DROPS AIR (fæst í Handverkskúnst)

100 (100) 100 (150) 150 (150) g litur á mynd nr 15, fjólublá þoka

**Prjónar:** Hringprjónar: 40-60 cm nr 4, 60-80 cm nr 5. Sokkaprjónar nr 4 og 5 eða sú prjónastærð sem þarft til að fá 17L x 22 umf = 10x10 cm

**Garðaprjón** (prjónað fram og til baka):

Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**Affelling:** Til að koma í veg fyrir að affellingarkanturinn verði stífur þegar fellt er af, er hægt fella af með grófari prjónum. Ef kanturinn er enn stífur, er hægt að slá einu sinni uppá prjóninn á eftir ca 4. hverja lykkju jafnframt því sem fellt er af (uppslátturinn er felldur af eins og venjuleg lykkja).

VESTI – stutt útskrýring á stykki:

Stykkið er prjónað í hring á hringprjóna, neðan frá og upp að handveg. Síðan er bakstykkið og framstykkið er prjónað fram og til baka á hringprjóna hvort fyrir sig. Að lokum er prjónaður stroffkantur í kringum hálsmál og í kringum báða handvegi.

**Fram- og bakstykki:** Fitjið upp 108 (116) 124 (128) 136 (144) lykkjur á hringprjón nr 4. Prjónið 1 umferð brugðið, tengið í hring, setjið prjónamerki sem markar upphaf umferðar. Prjónið stroff (= 1L slétt, 1L brugðið) í 3 cm. Skiptið yfir á hringprjón nr 5.

Prjónið sléttprjón hringinn. Þegar stykkið mælist 16 (18) 21 (24) 27 (30) cm fellið af lykkjur fyrir handvegi þannig: Fellið af fyrstu 4 lykkjur í umferð, prjónið næstu 46 (50) 54 (56) 60 (64) lykkjur (= framstykki), fellið af næstu 8 lykkjur, prjónið næstu 46 (50) 54 (56) 60 (64) lykkjur (= bakstykki) og fellið af síðustu 4 lykkjur í umferð. Látið lykkjur fyrir framstykki hvíla á prjóni eða setjið þær á þráð á meðan bakstykkið er prjónað.

**Bakstykki:** = 46 (50) 54 (56) 60 (64) lykkjur. Byrjið frá röngu og prjónið sléttprjón fram og til baka – JAFNFRAMT eru lykkjur felldar af fyrir handveg í byrjun hverrar umferðar í hvorri hlið þannig: Fellið af 2 lykkjur 1 sinni og fellið af 1 lykkju 1 sinni = 40 (44) 48 (50) 54 (58) lykkjur. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 31 (34) 38 (42) 46 (50) cm. Í næstu umferð eru felldar af miðju 18 (20) 22 (24) 24 (26) lykkjur fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Haldið áfram í sléttprjóni og fellið af 1 lykkju í næstu umferð frá hálsi = 10 (11) 12 (12) 14 (15) lykkjur eftir á hvorri öxl. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 33 (36) 40 (44) 48 (52) cm. Fellið af. Prjónið hina öxlina alveg eins.



**Framstykki:** = 46 (50) 54 (56) 60 (64) lykkjur. Byrjið frá röngu og prjónið sléttprjón fram og til baka – JAFNFRAMT eru lykkjur felldar af fyrir handveg í byrjun á hverri umferð í hvorri hlið þannig: Fellið af 2 lykkjur 1 sinni og fellið af 1 lykkju 1 sinni = 40 (44) 48 (50) 54 (58) lykkjur. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 28 (30) 34 (37) 41 (44) cm. Í næstu umferð eru settar miðju 10 (12) 14 (16) 16 (18) lykkjur á þráð fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Haldið áfram í sléttprjóni og fellið af í hverri umferð frá hálsi þannig: Fellið af 2 lykkjur 1 sinni og fellið af 1 lykkju 3 sinnum = 10 (11) 12 (12) 14 (15) lykkjur eftir á hvorri öxl. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 33 (36) 40 (44) 48 (52) cm. Fellið af. Prjónið hina öxlina alveg eins.

**Frágangur:** Saumið axlasauma.

**Kantur í handvegi:** Notið stuttan hringprjón eða sokkaprjóna nr 4, byrjið frá réttu neðst í handveg og prjónið upp ca 58 (62) 66 (70) 74 (78) lykkjur innan við 1 kantlykkju hringinn allan handveginn (lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 2). Prjónið stroff hringinn (= 1L slétt, 1L brugðið) þar til kanturinn mælist 3 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

**Kantur í hálsmáli:** Notið stuttan hringprjón eða sokkaprjóna nr 4, byrjið frá réttu við axlasauminn og prjónið upp ca 56 (60) 64 (70) 74 (78) lykkjur í kringum hálsinn (meðtaldar lykkjur af þræði, lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 2). Prjónið stroff hringinn þar til kantur í hálsi mælist 3 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

*Prjónakveðja,*
*mæðgurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*








Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | | | 7 | | 8 | 9 |
| | 3 | | 9 | | 4 | | | 5 |
| 2 | 7 | | | 8 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 2 | | 8 | | |
| 9 | | 4 | | 5 | | 2 | | 7 |
| | | 2 | | 6 | 9 | 1 | | |
| | | | 1 | 7 | | | 3 | 2 |
| 1 | | | 6 | | 5 | | 7 | |
| 8 | 9 | | 3 | | | 5 | | 6 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 1 | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | | | 1 | | | | 9 | |
| 3 | | 6 | 7 | | 1 | 8 | | 5 |
| 7 | 4 | | | | | | 1 | 2 |
| 8 | | 2 | 6 | | 4 | 9 | | 3 |
| | 6 | | | | 8 | | | |
| | 3 | | 5 | 4 | | | | |
| | 5 | | | 9 | | 4 | 2 | 8 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 5 | | | 9 | |
| | | 9 | 6 | | 7 | 4 | | |
| 3 | | | 1 | | 2 | | | 5 |
| | 1 | 3 | | | | 8 | 5 | |
| 6 | | | | | | | | 3 |
| | 9 | 2 | | | | 6 | 7 | |
| 5 | | | 4 | | 6 | | | 9 |
| | | 7 | 9 | | 5 | 3 | | |
| | 2 | | | 1 | | | 4 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | | 5 | | | | |
| 9 | | | | | 3 | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | 2 | 3 | |
| | | 1 | | | | | 2 | 6 |
| | | | | | | | | |
| 6 | 5 | | | | | 7 | | |
| | 9 | 7 | 6 | | | | | |
| 5 | 4 | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | 7 | | 9 | 5 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Hefur haldið á skallaerni og kaktusi

**Heiðrún Anna er í Lundaskóla og elskar að borða góðan ís.**



**Nafn:** Heiðrún Anna Kristinsdóttir.

**Aldur:** 9 ára.

**Stjörnumerki:** Vatnsberi.

**Búseta:** Akureyri.

**Skóli:** 3. bekk í Lundarskóla á Akureyri.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Sund og myndlist.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hýena og fuglar.

**Uppáhaldsmatur:** Burrito á Serranó og mexíkókjúklingasúpa.

**Uppáhaldshljómsveit:** Daði og gagnamagnið.

**Uppáhaldskvikmynd:** Raya og síðasti drekinn.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég söng kalli litli könguló fyrir ömmu og afa.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta og handbolta og er í myndlistarskóla.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Kokkur og dýrafræðingur.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar ég hélt á skallaerni á Tenerife og þegar ég hélt á kaktus með berum höndum (það geri ég ekki aftur).

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt um páskana?** Hafði gaman með fjölskyldunni, spilaði og borðaði ís – ég elska ís!

**Næst** » Aron Gabríel Samúelsson, frændi minn.

SAMFÉLAGSRÝNI

# Áfangastaðir framtíðarinnar

**Undanfarin ár hefur vægi ferðaþjónustunnar í efnahagslífi landsins aukist til mikilla muna. Þetta er öllum ljóst og blasir við nú þegar heimsfaraldur kórónuveiru hefur orðið þess valdandi að þjónusta við erlent ferðafólk hefur tímabundið svo gott sem lagst af með tilheyrandi tekjufalli. Miklu skiptir að nýta það andrými sem skapast hefur við þessar aðstæður, huga að mögulegum sóknarfærum í greininni í framtíðinni, þeirri verðmætasköpun og viðspyrnu sem þau geta veitt ef vel er á málum haldið.**


Gauti Jóhannesson.

Gangi fyrirætlanir stjórnvalda eftir varðandi aukna dreifingu erlendra gesta sem sækja landið heim er ljóst að fjöldi áfangastaða bíða þess að verða uppgötvaðir vítt og breitt.

Fram til þessa hefur það oft verið handahófskennt og jafnvel undir erlendum stórstjörnum og samfélagsmiðlum komið hvaða staðir njóta mestra vinsælda hverju sinni. Má af því tilefni nefna t.d. flugvélaflakið á Sólheimasandi, Fjaðrárgljúfur og nú síðast Stuðlagil sem öllum að óvörum og án formlegrar markaðssetningar hefur fest sig í sessi sem áfangastaðurinn sem allir verða að heimsækja.

Stuðlagil er á margan hátt dæmigert fyrir náttúruperlur víða um land. Það er úr alfaraleið, landeigendur eru fleiri en einn, samgöngur geta verið erfiðar, aðstaða fyrir ferðafólk af skornum skammti og áfram mætti telja.

